



Bændablaðið

7. tölublað 2023 • Þriðjudagur 4. apríl • Blað nr. 631 • 29. árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Vikugamlir kjúklingar í uppeldi á Lambhaga í Ölfusi. Þrjú fyrirtæki standa að allri alifuglaframleiðslu hér á landi, á rúmlega 30 stöðum kringum landið. Umfang framleiðslunnar telur um 6 milljónir fugla á ári. Framleiðslan nam um 9.500 tonnum í fyrra. Kolefnisspor íslenskra kjúklinga er minna en flestra annarra dýrategunda til mannelis og kolefnisspor íslenskrar kjúklingaframleiðslu er langt fyrir neðan heimsmeðaltal. Allur úrgangur, eða hráefni, sem ekki er nýtt til mannelis, er notað sem áburður eða til landgræðslu. – Sjá nánar á bls. 20–21. Mynd / Guðrún Hulda Pálsdóttir

Búnaðarþing 2023: Uppfærsla á stefnumörkun

Búnaðarþing var haldið dagana 30.–31. mars sl. Starfsnefndir þingsins unnu þar að uppfærslu á stefnumörkun samtakanna sem samþykkt var á Búnaðarþingi 2022.

Fimm starfsnefndir unnu að uppfærslum á málaflökkum stefnumörkunarinnar. Meðal helstu ályktana má nefna að samþykkt var að fela stjórn Bændasamtaka Íslands að taka þátt í stofnun heildarsamtaka í landbúnaði með Samtökum fyrirtækja í landbúnaði.

Ályktað var um velferð bændu og dýra. Þörf sé á að koma á fót afleysingakerfi fyrir bændur, því skortur á slíkum úrræðum geti leitt til þess að bændur gangi of nærri sér, bæði andlega og líkamlega. Varðandi dýravelferð var ályktað á þá leið að mikilvægasta forsenda þess að sátt ríki í samfélaginu um að nýta dýraafurðir til matvælaframleiðslu sé að velferð dýranna sé tryggð af þeim sem um þau annast og að eftirlit með því sé trúverðugt, virkt og gegnsætt.

Þá er í ályktunum mælt til þess að neytendur á Íslandi hafi möguleika á upplýstu vali þegar kemur að upprunamerkingum matvæla. Eru matvælaframleiðendur hvattir til að upprunamerkingja tilbúna rétti og unnar kjötvörur þótt þeim sé það ekki skylt samkvæmt reglugerð og að innlendir framleiðendur sameinist um eitt upprunamerki sem fari á sem flest matvæli. /smh

Sjá nánar á bls. 2, 4 og 7.

Tveimur milljörðum króna varið í kornrækt

Tveimur milljörðum króna verður varið á næstu fjórum árum til að hrinda aðgerðaráætlun um aukna kornrækt í framkvæmd samkvæmt nýrri fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Er það í takt við tillögur starfshóps matvælaráðherra frá Landbúnaðarháskólanum sem lagði meðal annars til árlega 500 milljóna króna úthlutun í framleiðslu- og fjárfestingastuðning til eflingar kornræktar. Samkvæmt markmiðum fjármálaáætlunarinnar verður miðað við að framleitt verði bygg á 7.000 hektara lands árið 2028. Í dag er flatarmál ræktarlands 3.156 hektarar.

„Þetta eru afar ánægjulegar fréttir og frábært að heyra að vinnan skili sér alla leið en endi ekki ofan í skúffu. Mér er sagt að það sé mjög langt síðan viðlíka upphæð hafi verið sett í landbúnaðarmál að frumkvæði stjórnvalda sem ekki er ætluð til að

slökkva elda heldur sækja fram á ný mið. Mér finnst þetta kristalla meðbyr með íslenskum landbúnaði og að nú sé lag að sækja fram í matvælaframleiðslu á breiðari grunni. Svandís og starfsfólk matvælaráðuneytisins sýndi fagmennsku í kringum þessa vinnu og eiga heiður skilið fyrir það,“ segir Helgi Eyleifur Þorvaldsson, aðjunkt og brautarstjóri búfræðibrautar hjá Lbhí, en hann fór fyrir starfshópnun.

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra sagði á Búnaðarþingi að aðgerðaráætlunin sé metnaðarfull en raunhæf sóknaráætlun. „Áætlun um það hvernig íslenskur landbúnaður geti á þessari öld brauðfætt þjóðina í orðsins fyllstu merkingu. Við vitum að það tekur tíma að byggja þessa grein upp þar sem innviði skortir. Við munum ekki fá íslenskt bökunarhveiti í búdir næsta haust, en við munum komast þangað.“

Pálminn í höndum bændu

Nú þegar fjármagn hefur verið tryggt segir Helgi Eyleifur að gera þurfi samning um plöntukynbætur svo vinna geti hafist af fullum þunga, en fyrir liggur boð sænska landbúnaðarsamvinnufélagsins Lantmännen um samstarf við að innleiða erfðamengjaúrval.

„Í öðru lagi þurfa bændur nú að sameinast um rekstur þurrkstöðva, leggja til hlutafé og sækja um mótframlag til að reisa nýjar eða stækka nothæfar stöðvar, fjárfesta í flutningavögnum og eftir atvikum þreskivélum. Í framhaldinu geta bændur aukið við ræktun korns og fengið greiddan framleiðslutengdan stuðning. Pálminn verður fljótlega í höndum bændu og því er brynt að þeir komi sér saman og búi til sínar áætlanir. Í þeim áætlunum er nauðsynlegt að horfa fram á

vegin í uppbyggingu og ráðgera stækkun í áföngum, horfa til 5, 10, 20 og 30 ára. Okkar mat er að það sé mikilvægt að við sjáum færri en stærri stöðvar í framtíðinni,“ segir Helgi Eyleifur.

Þá þurfi að skrifa góðar ræktunarleiðbeiningar til bændu sem fyrst. „Í framhaldinu mætti svo halda áfram að vinna að þeim tillögum sem við í starfshópnum lögðum til en þær eru þrjátíu talsins og allar mikilvægir liðir í því að aðgerðaráætlunin takist að okkar mati. Væntanlega mun matvælaráðuneytið leiða næstu skref.“

Reisir haframyllu á Suðurlandi

Örn Karlsson, kornræktandi á Sandhóli, stefnir að því að byggja haframyllu á Suðurlandi og leitar nú tilboða hjá framleiðendum í Finnlandi.

Slíkur tækjabúnaður hefur ekki verið til hér á landi og því hefur þurft að verka íslenska hafrauppskeru í Danmörku.

Mun væntanleg mylla geta afkastað 150–300 tonnum á klukkustund en Sandhólsbændur hafa framleitt um 200 tonn á ári, sem fer að mestu til framleiðslu á tröllhöfrum og haframjöli.

„Bændur vilja auðvitað bara hafa virkan markað og með tilkomu svona myllu til landsins – og svo betri stuðningi stjórnvalda – þá opnast tækifæri fyrir fleiri. Svo held ég að besta stuðningsfyrirkomulagið við þessa grein til uppbyggingar sé að koma á fjárfestingastyrkjum. Ekki að bæta við jarðræktarstyrkina, eða að styrkja land, heldur til uppbyggingar að megninu til,“ er haft eftir Erni í blaðinu. /ghp

Sjá nánar á bls. 8.

Stundum eru litlu
sigrarnir stærstir



Happdrætti SÍBS - Bakhjarl Reykjalundar



FJÖLBREYTTASTA ÚRVAL LANDSINS AF FJÓR- OG SEXHJÓLUM



can-am®



ELLINGSEN

Vínlandsteið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is

Mannlíf á Búnaðarþingi



Gunnar Þorgeirsson, formaður BÍ, ávarpaði fundargesti.



Forseti Íslands og æðarbóndinn á Bessastöðum.



Ritarar fundsins. Guðrún Björg Egilsdóttir, Kristín Örvarsdóttir og Sara Huld Ármannsdóttir.



Gunnar Þorgeirsson og Reynir Þór Jónsson.



Hlynur Gauti Sigurðsson sá um tæknimál við útsendingu.



Þorvaldur Arnarsson hjá Landeldi hf. kynnti áform um blandeldisáburð.



Formenn búgreinadeilda, Rafn Bergsson og Nanna Jónsdóttir.



Borgfirskir bændir ræða málin á þingsetningu.

MÆLT AF MUNNI FRAM

Fyrstu vísur þessa þáttar eru eftirhreytur frá síðasta vísnaþætti. Vegna ágætis þeirra verða þær því að fá rúm fyrir lesendur. **Jón S. Bergmann** orti svo hlýlega til Einars E. Sæmundssonar skógarvarðar:

*Birkigróin grundin þín
gefur þér nóg að kanna.
Fyrstum hló þér fjallasýn
frjálsra skógarvarðar.*

Og þessi frumlega vísa **Freysteins Gunnarssonar** fylgir með:

*Hætt er við og hætt er við
að hugann illa dreymi.
Mikið er, og mikið er
af myrkri í þessum heimi.*

Næst koma nokkrar vísur sem eiga það sammerkt, að innihaldið er ástleitið og ylur í yrkingunum. **Ásgrímur Kristinsson** orti:

*Sigt er létt á lífsins mið,
leikið nett við bláinn.
Ást og glettur eiga við
enn á réttardaginn.*

Svo er vísa eftir **Stefán frá Mósakógum**, ort á Skálholtshátíð:

*Ástin finnur afdröp nóg,
á sér leynistaði.
Faðmast enn í rökkurró
Ragnheiður og Daði.*

Þórarinn Sveinsson í Kílakoti orti líka um ylinn:

*Þó 'ann hafi kannski kysst
kvennavarir sleipar,
hefur 'ann aldrei eyri misst
út um sínar greipar.*

Ólína Jónsdóttir Skróki upplifði fíðringinn sem fylgir ástinni og orti:

*Ást ei fipast enn sitt starf,
úr mér hripar gigtin,
og í svipan einni hvarf
árans píparlyktin.*

Auðvitað kunnir **Hjörleifur Jónsson** á Gilsbakka eitthvað um ást:

*Margir hæla ást um of,
ýmsum var hún byrði.
Nái hún aðeins upp í klof
er hún lítils virði.*

Jón Bjarnason átti líka innlegg til ástarinnar:

*Drýgði hvorki dáð né synd,
dáður lítt af konum.
Öll var fyrir ofan þind
ástleitin hjá honum.*

Hér gæti **Hjörtur Kristmundsson** ýjað að einhvers konar ást:

*Árin tífa, öldin rennur,
ellin rifar seglin hljóð.
Fennir yfir orðasennur,
eftir lifir minning góð.*

Nú linnir allri ástarvelgju, en alvaran tekur við. **Friðrik Jónsson Skagfirðingur** orti:

*Einn ég ligg við eyðisker,
enga höfn má finna.
Báruhljóðið boðar mér
bana vona minna.*

Eftir **Jón Pálma Jónsson** er þessi myndræna vísa:

*Þótt eitthvað gleðji anda minn,
einskis samt hann nýtur.
Sólin aðra kyssir kinn,
kuldinn hina bítur.*

Vilhjálmur Benediktsson frá Brandaskarði á þessa stöku:

*Illt er að éta einn úr skel
og eiga fátt til vina,
en sælt er að vera saddur vel
og syngja um fátæktina.*

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR

Efling kornræktar:

Reisa haframyllu á Suðurlandi

Enginn tækjabúnaður er á Íslandi til að verka hafra til mannelis. Undanfarin ár hafa hafrar verið ræktaðir í talsverðu magni til þroska á Sandhóli í Meðallandinu. Senda hefur þurft uppskeruna með skipi til Jótlands í Danmörku til að láta verka þá og síðan til baka á Íslandsmarkað.

Á dögnum fóru Sandhólsbændur í leiðangur til Finnlands til að skoða vænlegar haframyllu og hafa nú látið hana fyrir sig eina slíka, sem getur afkastað 1,5 til 3 tonnum á klukkustund.

„Við fórum til Finnlands í síðasta mánuði til að kanna möguleikana á því að kaupa myllu til verkunar á höfnum okkar. Við höfum verið að rækta þá til þroska og mannelis í mörg ár og vildum athuga hvort það væri markaður fyrir þá hér á Íslandi, sem hefur svo heldur betur reynst vera, segir Örn Karlsson, framkvæmdastjóri Sandhóls.

„Þar sem enginn tækjabúnaður hefur verið hér á landi til að verka þá, höfum við þurft að senda þá með skipi til Árósa og til baka þegar búið er að vinna þá fyrir okkur – sem er auðvitað ekki góð staða.“

Miklir vaxtarmöguleikar í ræktun hafra

„Viðtökurnar hafa bara verið þannig að við höfum verið að selja þetta í gámarvís og svo má segja að vaxtarmöguleikarnir í ræktun hafra hér á landi séu einnig mjög miklir í því ljósi hversu mikið er flutt hingað inn. Við höfum verið að þreifa fyrir okkur með myllur en ekki fundið hingað til neina myllu sem hentaði okkar aðstæðum – fyrir en nú.“

Þá vildi það þannig til að ég komst í kynni við finnska konu að nafni Remi Meres, sem er nú starfsmaður finnsku bændasamtakanna, en var hér á Íslandi í tvö ár í vinnu og talar góða íslensku. Hún vissi um einmitt þessa gerð af myllu sem okkur vantaði hér og með hennar hjálp þá fundum við réttu tegundina af myllum.“ segir Örn.

Í Finnlandsferðinni komust þeir að því að það eru í það minnsta



Hafrapresking.



Íslenskt haframjöl frá Sandhóli.

tveir framleiðendur sem framleiða þessa tegund og eftir viðræður við þá voru báðir aðilar beðnir um að hanna og teikna þannig myllu, sem Sandhólsbændur vonast eftir að geta reist á Suðurlandi, en slík mylla getur afkastað 150 til 300 tonnum á klukkustund.

Eini alvöru ræktandinn

Örn er spenntur fyrir áformum um eflingu kornræktar á Íslandi og



Örn Karlsson, framkvæmdastjóri Sandhóls.

og telur að Sandhóli sé í raun eini alvöru ræktandi hafra til þroska í dag.

Bændur þurfa hvata

Í skýrslunni „Bleikir akur – aðgerðaráætlun um aukna kornrækt“, sem skilað var til matvælaráðherra fyrir skemmstu, kemur fram að ræktun hafra á Íslandi sé fremur einföld og örugg. Markaður fyrir hafra til mannelis og fódurs er þar metinn 417 tonn á ári – og er þar vísað til heimilda frá Hagstofnunni um innflutning á sekkjuðum höfnum. Þar fyrir utan eru hafravörur sem fluttar eru inn í pakkningum eingöngu til mannelis; tröllhafrar, haframjöl og haframjólkurvörur.

„Ég þekki til bænda sem eru áhugasamir, en það þarf ákveðna hvata fyrir þá. Bændur vilja auðvitað bara hafa virkan markað og með tilkomu svona myllu til landsins – og svo betri stuðningi stjórnvalda – þá opnat tækifæri fyrir fleiri. Svo held ég að besta stuðningfyrirkomulagið við þessa grein til uppbyggingar, sé að koma á fjárfestingastyrkjum. Ekki að bæta við jarðræktarstyrkina, eða að styrkja land, heldur til uppbyggingar að megninu til.“

Miðað við innflutning í dag þá eru heilmiklir möguleikar – held það sé ekkert óvarlegt að áætla að sala á höfnum í verslunum á Íslandi

hlaupi á tonnum í hverri viku – og það er meira og minna allt innflutt nema okkar. Við framleiðum yfir tvö hundruð tonn af höfnum á ári, sem fer að mestu til framleiðslu á tröllhöfnum og haframjöli – en það er bara lítil hluti af markaðshlutdeildinni.“

Dýr og sérhæfður tækjabúnaður

Tækjabúnaðurinn er að sögn Arnar mjög dýr og sérhæfður, en sú mylla sem Sandhóli hefur augastað á er fær um að skila af sér þremur vorutegundum.

„Ferlið frá því að hafrarnir eru skornir og þar til þeir eru komnir í neytendaumbúðir eru í einföldu máli þannig að eftir að búið er að þroska þá eru þeir þurrkaðir niður í svona 13 prósent rakainnihald, svo þeir mygli ekki í geymslu. Fyrir vinnslu eru þeir hreinsaðir fyrst, síðan afhýddir og veltur það á vorutegundinni hvað gert er næst.“

Ef þú ætlar að gera haframjöl þá klippir þú hafrana í tvennt. Fyrir tröllhafrar þarf að hita þá upp með gufu og mýkja, áður en þeir eru valsaðir. Það er gert í tromlu þar sem þeir eru flattir út. Enn önnur vinnsluáferð er að dufta þá, þá eru þeir settir beint í gegnum hamarmyllu. Hafrar sem búið er að vinna í duft, eru til dæmis notaðir til að baka úr.“ /smh

Úthlutun styrkja hjá Landgræðslunni

Gengið hefur verið frá úthlutun styrkja úr samstarfsverkefnum Bændur græða landið og Landbótasjóði fyrir árið 2023.

Niðurstaðan verður send til styrkþega með tölvupósti að því er fram kemur í tilkynningu frá Landgræðslunni.

„Ef samstarfsaðilar hafa ekki fengið niðurstöðu í hendur eru þeir vinsamlegast beðnir um að hafa samband við viðkomandi verkefnisstjóra eða næsta héraðsfulltrúa Landgræðslunnar,“ segir í tilkynningunni.

/ghp



Úr Skorradal. Tré í landi Brekkukots.

Mynd / HGS

Skipulagsmál:

Hreppsnefnd lagði Skógræktina

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafnaði kröfu Skógræktarinnar um að felldar yrðu úr gildi ákvarðanir hreppsnefndar Skorradalshrepps um að hafna umsókn um framkvæmdarleyfi vegna skógræktar á jörðunum Stóru Drageyri og Bakkakoti.

Skógræktin kærði hreppsnefnd Skorradalshrepps fyrir að hafna framkvæmdarleyfisumsókn þeirra til nýskógræktar. Sveitarstjórn Skorradalshrepps hafnaði umsókninni vegna þess að þær samræmdust ekki aðalskipulagi hreppsins.

Jarðirnar Stóra Drageyri og Bakkakot í Skorradalshreppi eru

í eigu ríkissjóðs en Skógræktin fer með umráð og nýtingu þeirra. Sumarið 2022 hóf Skógræktin undirbúningsframkvæmdir á jörðunum fyrir gróðursetningu en þær voru stöðvaðar af lögreglu. Framkvæmdirnar voru leyfissskyldar og ekki hafði verið aflað framkvæmdarleyfis.

Skógræktin sótti þá um framkvæmdarleyfi. Rækta átti fjölnytjaskóg með blönduðum trjátegundum á 188,7 ha lands á jörð Stóru Drageyri. Á Bakkakoti átti að gróðursetja 50.000 birkiplöntur í gróðureyjar á 36 ha svæði.

Samkvæmt aðalskipulagi hreppsins eru þau svæði sem skóg-

ræktin átti að fara fram flokkuð til landbúnaðarnota. Sérstakur kafli með reglur um skógrækt innan landbúnaðarsvæða tiltekur að skógrækt umfram 20 ha sé háð framkvæmdaleyfi. Þá segir í útskurðinum að þau svæði sem sótt var um framkvæmdaleyfi fyrir séu utan afmörkunar um fyrirhuguð skógræktarsvæði á landbúnaðarsvæðum samkvæmt aðalskipulagi.

Úrskurðarnefndin taldi því rétt að hreppsnefndin hafnaði umsókn um framkvæmdarleyfi með vísan til þess að fyrirhuguð skógrækt samræmdist ekki aðalskipulagi. Úrskurðurinn var kveðinn upp þann 7. mars sl. /ghp

S. BOGASON

Öryggis Bakkmyndavél

7" Skjár - Myndavél - Hleðslubanki sem festist með segli

Stutt lýsing á innihaldi pakkans:

- Stafrænn skjár (16:9 & 4:3)
- Notkunarhitastig: -25° ~ +70
- Spenna: DC12V ~ 32V
- Virk fjarlægð: ~ 150M
- Vatnsheld IP69K
- Hleðslubanki fyrir rafhlöður

(hægt að kaupa INR18650 rafhlöður sem eru endurhlaðanlegar)



www.sbogason.is / pantanir@sbogason.is

S: 854-8819 / Stóriteigur 10 - 270 Mosfellsbær

Allt klárt fyrir sauðburðinn?

N1
Vefverslun
Skoðaðu úrvalið
og skráðu þitt
fyrirtæki



Einnota hanskar

Einnota hanskar nítríl, 7500PF Showa. Náttúruvænlegt efni - efni sem brotnar eðlilega niður í náttúrunni.

Litur: Blár. Stærðir: S-2XL.



Samfestingur, barna

Vinsæll samfestingur fyrir börnin. Góður fyrir bústörfin, garðvinnuna eða sumarbústaðinn.

Litur: Dökkblár. Stærðir: 116-172.



Léttur samfestingur

Þunnur samfestingur með hjálpúðavösum. Hentar vel fyrir iðnaðarmenn, bændur o.fl.

Litur: Dökkblár með kóngabláu. Stærðir: 48-72.



Tegera hanskar

Tegera dýfðir hanskar. Þunnir hanskar með frábæru gripi. Nítril-dýfðir.

Litur: Svartur. Stærðir: 9-11.



Dunlop stígvél

Dunlop Field Pro Purofort, frábær stígvél með nýju sniði. Sólinn með góðu gripi.

Litur: Grænn. Stærðir: 35-48.



Sorppokar

Sorppokar, 750x1.200x0,5, glærir. Efni: LDPE.

50 stk. á rúllu.

Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Blönduós s. 440 1339 • Húsavík s. 440 1448
Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574 • Klettagarðar s. 440 1330
Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245 • Reyðarfjörður s. 474 1293
Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

440 1000 n1.is

N1 ALLA LEIÐ

FRÉTTIR

Kjúklingainnflutningur í febrúar

Innflutningur á kjúklingakjöti í febrúar nam tæpum 130 tonnum. Tæp fjórtán tonn komu frá Úkraínu.

Í tölum Hagstofunnar kemur fram að tæp 74 tonn hafi komið frá Danmörku, rúm 20 tonn frá Litáen og 19,8 tonn frá Póllandi. Þá komu 520 kíló frá Hollandi og 255 kíló frá Spáni. Meðalinnflutningsverð á kíló reyndist 627 krónur. Uppgefið verð er hæst fyrir kjúklingakjöt frá Danmörku, 899 krónur, en lægst frá Spáni, 432 krónur.



Það sem af er ári hafa verið flutt inn tæp 390 tonn af alifuglakjöti. Á meðan hefur verið framleitt rúm 1.530 tonn hér á landi. Innflutningurinn er því um 20% af því kjöti sem í boði er á markaði.

/ghp



Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til næstu fimm ára er gert ráð fyrir að skilyrði verði sköpuð til talsverðrar framleiðsluaukningar í garðyrkju.

Mynd /ghp

Fjármálaáætlun ríkisstjórnar Íslands:

Skilyrði sköpuð til 25% vaxtar í íslenskri garðyrkju

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra kynnti fyrir skemmstu fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til næstu fimm ára. Þar er gert ráð fyrir að útgjöld ríkisins til landbúnaðar verði svipuð frá ári til árs, en markmið eru um að skapa skilyrði til 25 prósentna framleiðsluaukningar á grænmeti – bæði í útiræktun og ylrækt.

Í yfirliti um útgjaldaramma fyrir málefna svið ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2024 til 2028, sést að gert er ráð fyrir að útgjöld stjórnvalda til landbúnaðarmála standi nokkurn veginn í stað miðað við verðlag

þessa árs; verði 21.173 m.kr. árið 2024, 21.261 m.kr. árið 2025, 21.123 m.kr. árið 2026, 21.198 m.kr. árið 2027 og 21.173 m.kr. á árinu 2028.

Í kafla fjármálaáætlunarinnar um landbúnað, í málaflökki um stjórnun landbúnaðarmála, er áætlun um vaxtarþróun í garðyrkjuni. Þar er gert ráð fyrir að skilyrði verði sköpuð til að framleiðsla á útiræktuðu grænmeti og ylræktuðu grænmeti muni aukast um 25 prósent frá síðasta ári til ársins 2028. Í útiræktun fari framleiðslan úr 1.170 tonnum í 1.460 tonn. Í ylræktinni fari framleiðslan úr 3.485 tonnum

í 4.350 tonn. Strax á næsta ári á að skapa skilyrði til tíu prósentna vaxtar í þessum greinum á þessum tveimur árum.

Þá er gert ráð fyrir að skilyrði skapist til að auka hlutfall á lífrænt vottuðu landbúnaðarlandi, þannig að það verði komið í átta prósent árið 2028, úr minna en einu prósentu á síðasta ári. Það markmið er í takti við tillögur sem nýverið var skilað til matvælaráðherra um eflingu lífrænnar framleiðslu á Íslandi. Gert er ráð fyrir að strax á næsta ári verði hlutfallið komið í tvö prósent.

/smh

Upprunavísun á vörur frá Kjarnafæði

Fyrirtækið Kjarnafæði reið á vaðið með PDO upprunamerkingu á vörum sínum úr íslensku lambakjöti.

Eins og sagt var frá í síðasta Bændablaði fékk íslenska lambakjöt verndaða upprunavísun í Evrópu (PDO) og er þar með komið í hóp með þekktum evrópskum landbúnaðarafurðum á borð við parmaskinku og parmesan ost.

„Við erum að byrja að nota þetta merki og munum auka notkun þess jafnt og þétt í framhaldinu. Við erum afar stolt af því að vinna íslenskt lambakjöt í góðu samstarfi við bændur og fögnum því að þessi einstaka gæðavara fái viðurkenningu sem slík. Upprunamerki geta hjálpað til við að auka traust á vörum í síharðnandi samkeppni,“ segir Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Kjarnafæði Norðlenska.

Markmiðið með merkingunni er að vernda vörur sem eru framleiddar og unnar á tilteknu landsvæði, með því að nota viðurkennda þekkingu staðbundinna framleiðenda og hræfni frá viðkomandi svæði.



Íslenskt heiðalamb frá Kjarnafæði með PDO upprunavísun og upprunamerkingu Icelandic lamb.

Mynd / Aðsend

„Það er alltaf styrkur í því að upplýsa viðskiptavininn um uppruna og edli þeirrar vöru sem í boði er,“ segir Ágúst Torfi.

/ghp

Strandveiðifélag Íslands:

„Stórútgerðin reynir að grafa undan trúverðugleika strandveiða“

Kjartan Páll Sveinsson er nýkjörinn formaður Strandveiðifélags Íslands. Hann hefur miklar áhyggjur af framtíð strandveiða.

„Alveg frá því að kerfinu var komið á 2009 hefur stórútgerðin fundið strandveiðum allt til foráttu og reynt að grafa undan trúverðugleika þeirra, en við verðum að halda áfram að berjast fyrir okkar tilveru. Kerfið er tilkomið af baráttu og verður eingöngu viðhaldið með baráttu. Ef við treystum á það að við eigum eðlislægan rétt á strandveiðum, þá verður þetta tekið af okkur. En við höfum þó réttlæti og almenningssálit með okkur í liði, og slagkraftur 700 strandveiðimanna er gríðarlegur, þannig að ég geng inn í þetta hlutverk með bjartsýni,“ segir hann.

Vertíðin er fjórir mánuðir

Að sögn Kjartans eru að jafnaði á bilinu 600-700 bátar á strandveiði á hverri vertíð.

„Okkur er mjög þröngur stakkur sniðinn. Vertíðin er fjórir mánuðir, maí til ágúst, en svo erum við stoppuð af þegar potturinn klárast. Þannig þurfum við að hætta seinasta sumar þegar þriðjungur var eftir af vertíð. Svo megum við bara róa mánuðaga til fimmtudaga, fjórtán tíma á dag, og landa 774 kílóum eftir hverja veiðiferð.“

Fjögur sterk rök fyrir strandveiðum

Kjartan telur til nokkur rök fyrir því að styrkja strandveiðikerfið.



Aðalfundur Strandveiðifélags Íslands var haldinn 5. mars síðastliðinn á eins árs afmælisdegi félagsins. Á fundinum var Kjartan Páll Sveinsson kjörinn formaður félagsins.

Mynd / Aðsend

„Í fyrsta lagi eru veiðar með handfærum umhverfisvænar, hvort sem litið er til kolefnisspors, röskunar á lífríki sjávar eða plastmengunar. Í öðru lagi er afli strandveiða fyrsta flokks vara sem er afar eftirsótt um allan heim. Í þriðja lagi eru strandveiðar mikilvægur liður í því að styrkja brothættar byggðir og glæða sjávarpláss lífi á ný. Kosturinn við strandveiðar er að þær eru grasrótarlausn á byggðavandanum

og þeim fylgir enginn kostnaður fyrir skattgreiðendur, þar sem strandveiðiflotinn leggur miklu meira til ríkisins en hann tekur út. Í fjórða lagi opna strandveiðar dyr fyrir þá sem vilja stunda sjósókn óháð dutlungum stórútgerðarinnar, enda er kerfið spröttið af úrskurði mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um rétt til atvinnufrelsis og rétt til að velja sér búsetu,“ segir Kjartan Páll.

/mhh

Vetrarsól er umboðsaðili



Sláttuvélar & sláttuorf



Gulltryggð gæði



Sláttutraktorar



Snjóblásarar

40 ár á Íslandi



Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is

Bændablaðið kemur næst
27. apríl



YAMAHA



LÁNHLUTFALL
ALLT AÐ
75%
(ALLT AÐ 60 MÁNUÐI)

ÁREIÐANLEIKI **KRAFTUR** GÆÐI

ÞÆGILEGT GREIÐSLUFORM Á ALLRA FÆRI

» **YXZ1000R SS**
998cc fjörgengis-4WD diff-driflæsing,
5 gíra sport skipting og rafmagnsstýri.
Verð: 7.670.000 kr.
130.405 kr.*
afborgun á mánuði **

» **WOLVERINE**
999cc fjörgengis-4WD-H/L diff-driflæsing,
rafmagnsstýri, FOX rafstýrð fjöðrun, þrjár
akstursstillingar.
Verð: 7.990.000 kr.
135.315 kr.*
afborgun á mánuði ***

5
ÁRA
ÁBYRÐ

TRAUSTIR VINNUBJARKAR OG LEIKFÉLAGAR



» **GRIZZLY EPS**
700cc fjörgengis-4WD-H/L drif- driflæsing-spil-rafmagnsstýri- dráttarkúla-götuskráð-hvít númer 307kg eigin þyngd.
Verð: 2.560.000 kr.
43.262 kr.*
afborgun á mánuði ****



» **GRIZZLY EPS CAMO**
700cc fjörgengis-4WD-H/L drif- driflæsing-spil-rafmagnsstýri- dráttarkúla-götuskráð-hvít númer 307kg eigin þyngd.
Verð: 2.690.000 kr.
45.447 kr.*
afborgun á mánuði *****



» **GRIZZLY EPS SE**
700cc fjörgengis-4WD-H/L drif- driflæsing-spil-rafmagnsstýri- dráttarkúla-götuskráð-hvít númer 307kg eigin þyngd.
Verð: 2.690.000 kr.
45.447 kr.*
afborgun á mánuði *****

Lykill fjármögnun *Afborganir miðast við Lykillán fyrir 75% af kaupverði til 60 mánaða frá Lykli fjármögnun. Vextir miðast við 11,25% breytilega vexti og eru tengdir við eins mánaða reibor vexti. Viðskiptavinir eru hvattir til að kynna sér lánaskilmála Lykillána á heimasíðu Lykils www.lykill.is. Árleg hlutfalltala kostnaðar – ÁHK er ** 13,36 - *** 13,25% - **** 13,47 - ***** 13,46% - Öll verð innifela virðisaukaskatt.



Hrein íslensk fæðubót frá Eylíf

Eylif vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó

Ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira



Inga Þórisdóttir
Stjórnendapjálfi

Alsæl með Smoother SKIN & HAIR

Inga Þórisdóttir, stjórnendapjálfi, segist barnslega glöð yfir frábærum árangri bætiefnisins **Smoother SKIN & HAIR** frá Eylíf á hár sitt. Hárlos er úr sögunni og hárið vex sem aldrei fyrr.

Inga er stjórnendapjálfi í fyrirtæki sínu Via Optima þar sem hún vinnur með stjórnendum sem koma til hennar í stjórnendamarkþjálfun ásamt því að vera með námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir. Hún er fædd og uppalin á Akureyri en hefur nú búið lengur í Kópavogi en fyrir norðan. „Ég hef mikla ástríðu fyrir því að vinna með fólki í krefjandi störfum því ég reyndi það sjálf á eigin skinni þegar ég starfaði lengi í fjármálagæiranum,“ segir Inga sem er iðin við að stunda golf í frístundum. „Ég hef lengi glímt við hárlos og prófað ótal hárkúra með misgóðum árangri, en þegar ég rakst á viðtal við Ragnhildi Sigurðardóttur golfkennara, þar sem hún mælti heilshugar með bætiefninu **Smoother SKIN** frá Eylíf, vissi ég að Ragga myndi aldrei gefa sín meðmæli nema hún væri ánægð með vöruna. Ég hugsaði með mér að ef Ragga finnur svona mikinn mun á hári sínu ætla ég að prófa líka,“ segir Inga sem nú hefur tekið inn **Smoother SKIN & HAIR** í að verða þrjá mánuði. „Ég er núna að klára þriðja skammtinn og fann fjótlega mun, en þegar hárgreiðslukonan fór að tala um gróskuna í hárinu á mér, hugsaði ég með mér: „Getur verið að þetta virki svona vel?“. Eftir klippinguna ákvað ég að láta Ólöfu Rún hjá Eylíf vita hversu ótrúlega ánægð ég er með **Smoother SKIN & HAIR** og hvað það virkar vel. Það er eitthvað í þessu bætiefni sem svínvirkar því ég er með ný hár út um allt á höfðinu. Hárlosið er úr sögunni, fullt af nýjum hárum og hárið er allt annað,“ segir Inga, svo sannarlega ánægð með árangurinn.

Hrein íslensk óerfðabreytt hráefni
Íslensk framleiðsla
Heilsan er dýrmætust

„Ég hef prófað mjög mörg hárvítamín á markaðnum. Þar af hefur sumt verið gott en **Smoother SKIN & HAIR** er best. Bætiefnamarkaðurinn er frumskógur og þegar maður stendur fyrir framan hillur verzlana með gríðarlegu úrvali vítamína er erfitt að vita hvað virkar í raun. Stundum heldur maður að það dýrasta sé best og reynir að rýna í innihaldsefnin en í **Smoother SKIN & HAIR** fann ég loksins bætiefni sem raunverulega virkar. Þetta er frábær bætiefnablanda fyrir hárið og einhver samsetning í því sem virkar mjög vel. Í því er kollagen, sink, bíótín, magnesíum og kopar, sem allt eru vítamín og steinefni sem eru góð fyrir hárið, en hjá Eylíf eru þau hárrétt blönduð og árangurinn lætur ekki á sér standa,“ segir Inga sem finnur líka mun á húð sinni eftir að hún fór að taka inn **Smoother SKIN & HAIR**. „Í frosthörkunum í vetur hef ég verið með minna exem en ég fæ vanalega á veturna. Það er gaman að upplifa þennan árangur og mér fannst skemmtilegt þegar hárgreiðslukonan spurði hvort ég sæi hversu mikið væri af nýjum hárum, en til þess þurfti ég hennar gleraugu því ég sé ekki ofan í hársvörðinn. Hún átti ekki einasta orð yfir árangurinn. Mér fannst það mjög sterkt og þá varð ég endanlega sannfærð. **Smoother SKIN & HAIR** er raunverulega að gera sitt gagn,“ segir Inga. Hún mælir með **Smoother SKIN & HAIR** fyrir alla sem eru að velta fyrir sér hvaða hárvítamín séu góð.

„Ég gef **Smoother SKIN & HAIR** mín bestu meðmæli. Það er virkilega gaman að finna hvað hárið nýtur góðs af því og ég er barnslega glöð yfir því að þetta virki í raun svona frábæralega vel. Ég er alsæl!“

Vöruálf frá Eylíf

Vöruálf Eylif býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS**, **Stronger BONES**, **Smoother SKIN & HAIR**, **Happier GUTS** og nýjasta varan er **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík undir GMP gæðastaðli.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylif vörurnar eru:

- Kalkþörungur frá Ískalki Bildudal
- Smáþörungur (Astaxanthin) frá Algalif Reykjanesbæ
- Kísillinn frá Geosilica Reykjanesbæ
- Kollagen frá Marine Collagen Grindavík
- Kítósan frá Primex Siglufirði
- Íslenskar jurtir frá Íslenskri Hollustu Hafnarfirði



Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



Ragnar Alfreðsson
Trésmiður

Mælir hiklaust með Stronger LIVER

Ragnar Alfreðsson trésmiður notar bætiefnið **Stronger LIVER** með frábærum árangri. „Blóðið í mér hefur verið að hlaða upp járn og fylgjast þarf náði með gildunum því ef þau verða of há þarf að fara í aftöppun. Ég fer því í blóðprufur á þriggja mánaða fresti en eftir að ég fór að taka inn **Stronger LIVER** frá Eylíf hafa lifrargildin, sem voru áður ekki upp á tíu, snarbreyst til hins betra. Það er einfaldlega allt í topplagi eftir að ég fór að taka inn þetta magnaða bætiefni sem hefur breytt ótrúlega miklu fyrir mig,“ segir Ragnar, alsæll með árangurinn.

Hann hefur tekið inn **Stronger LIVER** samviskulega upp á dag hvern í hálfri annað ár. „Ég mæli 100 prósent með **Stronger Liver** því ég þekki það af eigin raun. Ég er yfirleitt ekki ginnkeyptur fyrir töflum eða bætiefnum en fékk ábendingu um **Stronger LIVER** frá Eylíf. Í fyrstu var ég hikandi og hafði enga trú á áhrifum þess en eftir að ég fór að lesa mértil um bætiefnið ákvað ég að prófa. Ég var nýkominn úr blóðprufu þar sem lifrargildin voru alltof há og fannst ég ekki hafa neinu að tapa að gefa þessu séns. Eftir þriggja mánaða skammt varð ég svo nánast orðlaus yfir því hvað gildin höfðu breyst mikið þegar ég fór næst í blóðprufu. **Stronger LIVER** var greinilega að svínvirka,“ segir Ragnar, og lækni hans var líka hissa á betri lifrargildum. „Ég sagði læknum að ég væri að taka inn **Stronger LIVER** og hann sagði það greinilega virka mjög vel, sem eru sannarlega góð meðmæli. Vitaskuld má maður ekki vera með fordóma fyrirfram og dæma það sem maður veit ekki um. Það heillaði mig líka að bætiefnið er unnið úr náttúrulegum og íslenskum hráefnum,“ segir Ragnar sem mælir eindregið með **Stronger LIVER**. „Nýrnastarfsemin var líka í þínu ólagi hjá mér en þetta virðist haldast í hendur því nýrnagildin hafa líka lagast eftir að ég fór að taka inn **Stronger LIVER**. Ég er mjög ánægður og mun halda áfram að taka inn þetta einstaka bætiefni inn fyrir heilsu mína. Ég mæli því hiklaust með **Stronger LIVER** fyrir alla sem glíma við ójafnvægi í járnþáttum því allt hefur það lagast í mínu tilviki og ég hef þurft að fara miklu sjaldnar í aftöppun en áður. Ég hef líka hvatt félagi mína sem eru með of hátt lifrargildi að taka inn **Stronger LIVER** og senn kemur í ljós hvort gildin hafi ekki lækkað hjá þeim líka.“



FRÉTTIR

Frostþurrkun í Þorlákshöfn:

Verðmætasköpun úr vannýttum afurðum landbúnaðar, sjávarútvegs og landeldis

Í nóvember á síðasta ári hóf nýsköpunarfyrirtækið Frostþurrkun formlega rekstur á iðnaðarfrostþurrkstöð í Þorlákshöfn, sem er sú eina sinnar tegundar á landinu.

Starfsemin þar mun felast í framleiðslu á matvælum, innihaldsefnum í matvæli og til fæðubótar, en einnig er þar aðstaða til vöruþróunar. Eigendur stöðvarinnar eru þau Hrafnhildur Árnadóttir og Sigurður Steinar Ásgeirsson og tildrög þess að þau ákváðu að fara þessa leið í fyrirtækjarekstri, segir Hrafnhildur að megi rekja til þeirra eigin tilraunastarfsemi með matvælaframleiðslu. „Við ætlum að prófa okkur áfram í eigin framleiðslu en komumst að því að ekki var hægt að fá þjónustu við frostþurrkun hér á Íslandi.

Eini þurrkarinn sem okkur bauðst til afnota var hjá Matís, sem var mjög lítil þurrkari og eiginlega útlökadi þær hugmyndir sem við vorum með í matvælaframleiðslu.

Þetta hefur því þróast með þeim hætti að við höfum skapað okkur starfsvetvang í frostþurrkun en lagt til hliðar upprunalegu hugmyndirnar sem við höfðum um matvælaframleiðslu,“ segir Hrafnhildur, en getur þess að þau séu þó enn með ýmsar aðrar framleiðsluhugmyndir í vinnslu.

Helsta aðferðin við kryddframleiðslu

Hrafnhildur segir að frostþurrkun sé helsta aðferðin í heiminum við framleiðslu á þurrkuðu kryddi og reyndar mörgum örðum tegundum matvöru.

Upphaflega var hún þróuð til að framleiða matvöru fyrir geimfara og er auk þess mjög þekkt framleiðsluaðferð fyrir „instant kaffi“. „Síðan hefur hún mikið verið notuð til að framleiða matvörur fyrir lengri fjallaferðir. Kosturinn við hana – og það sem hún hefur umfram aðrar þurrkaðferðir – er að hún varðveitir svo vel næringarefni, lífvirk efni, litarefni og bragðið auðvitað. Hún er svo þægileg líka við framleiðslu á dufti, flögum og slíku sem margir leitast eftir við framleiðslu á ýmsum vörum,“ segir hún og bætir við að það sé eiginlega hægt að frostþurrka allt. En það sem er ríkt af fitu eða sykri sé kannski ekki eins auðvelt að þurrka og annað.



Sigurður Steinar Ásgeirsson og Hrafnhildur Árnadóttir eru eigendur Frostþurrkunar í Þorlákshöfn. Myndir / smh

Grænmeti, kjöt, fiskur og sjávargróður henti þessari aðferð sérstaklega vel og þá stækki heilsu- og fæðubótarvörumarkaðurinn hratt – og þetta sé einmitt ein helsta framleiðsluaðferðin í þeim vöruflókum þar sem varðveisla á tilteknum efnum í framleiðsluferlinu skiptir öllu máli.

Áform um mikla stækkun

Rekstur stöðvarinnar hefur farið frekar hljóðlega af stað, til dæmis hefur ekki enn verið mikið fjallað um starfsemina í fjölmiðlum. Segir Hrafnhildur það skýrast eiginlega af því að það hafi verið svo mikið að gera. „Við vorum bara tvö saman í þessu í upphafi og því gafst ekki mikill tími né beinlínis þörf á því að vekja athygli á okkur. Við þurfum í raun ekki að fá meiri athygli þar sem við vorum strax með það mikið að gera og náðum vart að hafa undan.



Ingimar Rafn Ágústsson frá VAXA Technologies og Sigurður Steinar lesa af mælum þurrkarans.



Blágrænir spirulina smápörungar nýkomnir út úr þurrkarinum.



Hrafnhildur og Sigurður eru komin með starfsfólk í vinnu við þurrkunina og stefna á að margfalda afkastagetu þurrkarinnar á næstunni.

En nú erum við komin með starfsfólk og stefnum á að margfalda afkastagetu okkar á næstunni en við erum einmitt þessa dagana að undirbúa kynningu fyrir tilvonandi fjárfesta. Við þurfum utanaðkomandi fjárfestingu til að ná markmiðum okkar og koma upp varanlegu atvinnuhúsnæði, en það sem við erum núna í er til bráðabirgða. Áætlanir okkar ganga út á að reisa stóra verksmiðju í Þorlákshöfn þar sem við höfum í hyggju að framleiða sjálf afurðir til útlutnings auk þess að sinna miðlægi þjónustu við aðra matvælaframleiðendur.“

Aðaláherslan á nýtingu hliðarafurða

Þegar hún er spurð hvað þau sjálf ætli sér að framleiða og fyrir hverja, segir hún að þau horfi að mestu leyti til nýtingar á hliðarafurðum. „Þá á ég við frá landbúnaði, sjávarútvegi og landeldi en áform eru uppi um stór verkefni á því sviði hér í Þorlákshöfn. Við höfum einmitt fengið nokkra styrki til að þróa afurðir úr ýmsum konar hliðarafurðum og erum komin vel á veg með þá þróun.

Við munum til dæmis vinna hráefni fyrir heilsuvörufarmeiðendur,

svo sem úr vannýttum innmat frá kjötafurðastöðvum, en við ætlum okkur ekki endilega að þróa endavörurnar sjálf.

Það verður í höndum kaupenda afurðanna. Síðan er það afskurður, beinagarður og slóg úr landeldinu og frá sjávarútvegsfyrirtækjum, sem getur nýst í ýmislegt. Svo er til dæmis líka hægt að fá gott verð fyrir vandað hráefni til fódurgerðar fyrir gæludýr – sá markaður er orðinn nokkuð stór.

Á undanförunum misserum höfum við lagt talsverða vinnu í að kortleggja möguleikana á þessum sviðum, hvar henti okkur best að vera með tilliti til þess hráefnis sem er í boði og markaðsáðstæðna. Þá erum við bæði að tala um á Íslandi og í útlöndum.“

Samtalið við fjárfesta

Tækjabúnaðurinn sem Frostþurrkun ætlar að fjárfesta í er bæði dýr og svo er hann einnig nokkuð orkufrekur.

Hrafnhildur segir að þau séu komin af stað í þá vinnu að afla fjárfesta en þau Sigurður voru einmitt á leiðinni á fjárfestahátíð á Siglufirði þegar blaðamaður ræddi við hana. „Þar fá frumkvöðlar tækifæri til



VAXA Technologies:

Frostþurrkaðir smápörungar

Þegar blaðamaður var á ferð hjá Frostþurrkun í Þorlákshöfn var starfsmaður frá fyrirtækinu Vaxa Technologies að taka á móti frostþurrkuðum smápörungum, sem framleiddir eru við Helligshöfna-virkjun. „Þetta eru spirulina þörungar, örsmáir blágrænir þörungar sem við erum að láta þurrka fyrir okkur,“ segir Ingimar Rafn Ágústsson. „Mest af þessari framleiðslu sem við erum að þurrka hér fer til Bandaríkjanna. Þar erum við að klára að græja vinnslulínu sem snýst um að ná þessum tæra náttúrulega bláa lit og þá erum við komin með þetta eftirsótta náttúrulega litarefni. Það gengur vel og erum við á lokametrunum þar áður en við sendum græjurnar hingað í Þorlákshöfn þar sem við ætlum að setja upp vinnsluáðstöðu,“ bætir Ingimar við.

„Í dag erum við að framleiða tvo vöruflókka úr áður nefndum smápörungum. Omega-3 töflur og svo Immunity Boost munnsprey. Omega-3 töflurnar koma úr Nannochloropsis smápörungum. Við ræktum smápörunga og sækjum Omega fitusýrur beint til frumframleiðandans og er þrisvar sinnum meiri virkni á Omega-3 fitusýrum okkar en til dæmis fiskiolíu. Því stóra málið er að fiskar framleiða ekki Omega-fitusýrur heldur berast þær í fiska úr Nannochloropsis smápörungum. Því til viðbótar má nefna að við nýtum 99 prósent minna landsvæði og vatn en þarf til að framleiða aðrar Omega-3 vörur,“ segir Ingimar enn fremur.

að kynna verkefni sem snerta orkuskipti, hringrásarhagkerfið eða fullnýtingu auðlinda fyrir væntanlegum fjárfestum. Þar verða samankomnir allir stærstu fjárfestar á landinu á þessu sviði.“

Samstarfsaðilar í garðyrkju og bætiefnaframleiðslu

Hún segir að um virkilega spennandi framtíðarverkefni sé að ræða sem þau hafi trú á að geti leitt til verulegrar verðmætasköpunar og orðið verðmætur farvegur fyrir hliðarafurðir úr flestum eða öllum greinum íslenskrar matvælaframleiðslu.

„Samstarf okkar með öðrum fyrirtækjum, sem eru alls konar, bæði stærri fyrirtæki og smærri, hefur aðallega falið í að nýta hliðarafurðir af einhverri tiltekinni framleiðslu þeirra. Aðallega er þetta eitthvað sem hægt er nota vegna næringargildis, sem fæðubótarefni til dæmis sem hægt er að hylkja. Sem dæmi um samstarfsaðila má nefna fyrirtækin Pure Natura og Saga Natura sem bæði eru bætiefnaframleiðendur og Jörth, sem nýverið setti á markað sína fyrstu vöru sem unnin er úr frostþurrkaðri broddmjólk.“ /smh

HLEÐSLUBOX

Frí hleðsla

Viltu bjóða viðskiptavinum þínum fríu hleðslu á öruggum stað?

Hleðslu BOX

Hledslubox.is

d line

Fagurfræði hinna hversdagslegu hluta



ANTRACIT



BRASS





UMBRA



KOPAR



Einn þekktasti hönnuður Dana, Knud Holscher á heiðurinn af útliti d line vörulínunnar sem á hátt í 50 ára sögu að baki. Hurðarhúsnir og baðherbergisvörurnar frá d line eru frábær dæmi um hönnun á hlutum sem notaðir eru daglega og hvergi gefið eftir í útliti og efnisvali. Fagurfræði í fullkominni sátt við notagildi, glæsileg hönnun sem óaðskiljanlegur hluti hversdagsins. d line fæst í Vélum og verkfærum og á Hönnunarlausnir.is.



 **VÉLAR & VERKFÆRI**

v.is

 **HÖNNUNAR
LAUSNIR**
Hönnunarvörur

honnunarlausnir.is



NYTJAR HAFSINS



Gulldepla er þunnvaxinn fiskur, 7 til 8 sentimetrar að lengd.

Mynd / Hafrannsóknastofnun.

Leitað var að nýjum nytjastofni í loðnubresti 2009:

Ekki er allt gull sem glóir

Gulldepla er fiskur sem kom nokkuð við sögu sjávarútvegs á Íslandi fyrir rúmum áratug. Gerðar voru tilraunir til veiða á henni í tvö til þrjú ár en ekki varð framhald á þeim. Hugsanlega getur gulldeplan og fleiri miðsjávarfiskar skilað miklum verðmætum í þjóðarþúið ef unnt verður að ná tökum á veiðum og vinnslu.

Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is



við lýsingu á gulldeplu í bókinni Íslenskir fiskar.

Beinar veiðar í loðnubresti

Gulldepla er smávaxinn og þunnvaxinn fiskur. Hún verður allt að 7 til 8 sentimetrar að lengd. Fiskurinn telst til ættar silurfiska sem heyrir undir ættbálkinn ljósbera. Ljósfæri þrýða gulldeplu eins og aðra ættingja hennar.

Líklega fékk gulldeplan nafn sitt af glóandi blettum, en ekki er allt gull sem glóir. Heimkynnin eru í vestanverðu Miðjarðarhafi og Atlantshafi. Hér við land verður hennar einkum vart sunnan, suðaustan og suðvestan við landið.

Gulldepla heldur sig mest á 100 til 200 metra dýpi á nóttunni en á 200 til 500 metra dýpi á daginn. Hún er fæða þorsks, ufsa, síldar og fleiri tegunda. Hér hefur verið stuðst

Gulldepla hefur verið þekkt hér um langan aldur en ekki nýtt þótt stöku skip hafi reynt að fanga hana. Áhugi á beinum veiðum kviknaði þó ekki fyrir alvöru fyrr en í loðnubresti árið 2009. Verkefni vantaði þá fyrir uppsjávarflotann. Huginn VE reið á vaðið í desember 2008. Aflinn var tæp 50 tonn.

Nær allar útgerðir uppsjávarskipa tóku þátt í veiðum á gulldeplu fyrri hluta árs 2009. Átján skip stunduðu veiðarnar þá og varð aflinn rúm 46 þúsund tonn. Huginn VE varð aflahæstur með 7.052 tonn, Hoffell SU kom næst með 6.600 tonn og Birtingur NK var þriðji með 5.160 tonn. Árið 2010 veiddust 17.960 tonn og var Hoffell SU aflahæsta

skipið með 4.258 tonn. Fjórtnán skip stunduðu veiðarnar. Árið 2011 var aflinn 9.007 tonn og 9 skip að veiðum.

Megnið veiddu tvö skip. Huginn VE með 3.539 tonn og Hoffell SU með 3.051 tonn.

Hoffell SU var eina skipið á gulldepluveiðum 2012 en af-raksturinn var lítill. Eftir það hafa engar beinar veiðar verið stundaðar. Hoffell fór í einhver ár á eftir í ferð til að leita sérstaklega að gulldeplu en lítið sem ekkert fannst.

Alls veiddust rúm 73 þúsund tonn af gulldeplu í þessari atrennu. Aflatölur í heild sem og afla einstakra skipa má finna á vef Fiskistofnu.

Vandkvæði við veiðar og vinnslu

Ýmis vandkvæði voru við veiðar og vinnslu á gulldeplu. Lítið var vitað um göngur fiskisins og hvar bestu veiðisvæðin gætu verið.

Gulldeplan er veidd í flottroll. Í fyrstu var erfitt að fanga fiskinn því hann smaug í gegnum veiðarfærin miðað við algenga möskvastærð. Í samstarfi við Hampiðjuna var unnið að því að þróa veiðarfæri sem réði við þetta verkefni.

Aflinn fór svo til allur í fiskmjöl en lítils háttar var prófað að frysta í blokk um borð í Huginn VE. Gulldeplan þótti erfitt hráefni í fiskmjölsvinnslu vegna þess hve hún innihélt mikið salt. Þetta vandamál var leyst með sérstökum búnaði í verksmiðjum en einnig þurfti að gæta sérstaklega að því að gulldeplan yrði fyrir sem minnstu hnjaski við veiðarnar. Við hnjask dró hún í sig salt úr sjónum.

Smám saman tókst að koma salti í mjöli niður í ásættanlegt magn, að því er segir í skýrslu frá Mátis frá árinu 2010.

Möguleikar til vinnslu til manneldis

Snemma komu fram hugmyndir um aðra vinnslu en bræðslu til að auka verðmætasköpun. Ef framhald yrði á veiðum var rætt um að nýta mætti gulldeplu í verðmætt prótínuduft sem væri gott til uppbyggingar á vöðvum líkamsræktarfólks.

“ Gulldeplan þótti erfitt hráefni í fiskmjölsvinnslu vegna þess hve hún innihélt mikið salt ...“

Einnig var bent á að sjóða mætti gulldeplu niður í dósir, ekki ósvipað niðursöðnum sardínnum. Þetta kemur fram í svari Sigurjóns Arasonar, yfirverkfræðings Mátis til Alþingis árið 2017, við spurningu um rannsóknir á veiðum og vinnslu miðsjávarfiska.

Sigurjón leggur meðal annars mat á hugsanlegt verðmæti á gulldeplu sem veidd væri til fiskmjölsframleiðslu. Þar kemur fram að 50 þúsund tonna ársafli af gulldeplu gæti skilað 1,5 milljörðum króna í aflaverðmæti og 2,3 milljörðum í útflutningsverðmæti.

Hvað er gulldeplustofninn stór?

Frekar litlar rannsóknir hafa farið fram á gulldeplu. Í janúar 2010 stóð Hafrannsóknastofnun fyrir sérstökum leiðangri til að kortleggja útbreiðslu og magn gulldeplu á Íslandsmiðum. Niðurstöður leiðangursins sýndu að gulldeplu var að finna frá Vesturlandi og allt austur að Austfjörðum.

Mestur var þéttleikinn á því svæði sem veiðiskip voru á. Áætlað var að magn gulldeplu í leiðangrinum hafi verið um 250 þúsund tonn, þar af um 140 þúsund tonn á því svæði sem veiðar voru stundaðar.

Einnig var farið í leiðangur 2016 þegar þrjú skip tóku þátt í leit og var hafsvæðið suðvestan við Ísland kannað langt út fyrir lögsögu landsins. Þekking hefur einnig fengist meðal annars í leiðöngurum á úthafskarfa.

Í ástandsskýrslu Hafrannsóknastofnunar 2013/2014 fyrir nytjastofna sjávar er lagt til að varlega verði farið í nýtingu gulldeplustofnsins. Ráðlagt var að ekki yrði veitt meira næstu árin en það sem veiddist að meðaltali á

árunum 2009 til 2010, eða um 30 þúsund tonn.

Fjöldi tegunda í miðsjávarlaginu

Gulldepla finnst í miðsjávarlaginu svonefnda. Það er á 200 til 1000 metra dýpi suður, suðvestur og suðaustur af landinu og nær nokkur hundruð sjómíflur út. Í miðsjávarlaginu er afar fjölbreytt lífríki sem er tiltölulega lítið rannsakað. Helst er horft til nýtingar laxsíldar af þeim tegundum sem finnast í miðsjávarlaginu. Laxsíld er samheiti yfir margar tegundir. Á Íslandsmiðum hafa fundist 13 tegundir af laxsíldaætt. Flestar 3 til 15 sentimetrar að lengd.

Í svari Hafrannsóknastofnunar frá árinu 2019 vegna fyrirsagnar á Alþingi kemur fram að í miðsjávarlaginu fyrir sunnan Ísland hafi meðal annars fundist 100 fisktegundir af um 50 ættum.

Aukin eftirspurn eftir fiskmjöli

Fiskeldi fer vaxandi í heiminum og eftirspurn eftir fódri fyrir eldisfiska hefur þar af leiðandi aukist. Fiskmjöl og lýsi er uppistaðan í fódri fyrir eldisfiska. Flestir nytjastofnar sem eru hráefni fiskmjölsverksmiðja eru fullnýttir. Sjónir manna beinast því í æ ríkari mæli að fisktegundum í miðsjávarlaginu, einkum að laxsíld en gulldeplan þykir líka vera álitleg.

Laxsíldir eru líklega sú auðlind sjávarfiska sem hvað mest er af í heimshöfunum og er ekki nytjuð í dag. Geysimikið magn lífvera er að finna í miðsjávarlögum í heimshöfunum. Talið er að heildarlífmassi allra heimshafa sé um 10 milljarðar tonna, að því er fram kemur í áður nefndu svari Hafrannsóknastofnunar.



VEIÐISVÆÐI ÓSKAST

Vegna mikilla eftirspurna þá köllum við eftir nýjum veiðisvæðum í flóru félagsins. Bæði stöðuvötn og rennandi vatn. Skoðum einnig veiðisvæði á afsæktum stöðum.

Veiðifélagið Fish Partner er í stöðugum vexti og leitast eftir fleiri samstarfsaðilum um land allt óháð fisktegund og tegund vatnasvæðis.

Vinsamlegast hafið samband við Kristján í síma 898 3946 eða á netfangið kristjan@fishpartner.com.



STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Vortilboð

Gildir út mai eða meðan birgðir endast.

Gráir steinar úr granít.

Allt innifalið samkvæmt myndum,

uppsetning á höfuðborgarsvæði

og Norðurlandi fylgir eða

frí sending um allt land.

Geymum steina ef óskað er.

TILBOÐ 1

620.000

án blómaramma

520.000



Tilboð 2

545.000

án blómaramma

445.000



Tilboð 3

420.000

án blómaramma

320.000



Hægt að setja 2 nöfn

Vortilboð á granítbekkjum

Gyltir út mai eða meðan birgðir endast



Tilboð 4

225.000

án lugtar

175.000



Viðhaldsfríir bekkir.

Þrjú litir.

Þyngd um 140 kg, breidd 130 cm.

Flutningur með LF innifalinn.

Verð 210.000

Hægt að skrifa í bak eða setu gegn aukagjaldi.

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS



Markaðir

Evra
 €
 148,3 kr

USD
 \$
 136,37 kr

Pund
 £
 168,68 kr

95 okt bensín

 320,0632kr

Dísel

 323,4506 kr

Mjólk (USD/100 pund)

 18,06 USD

Korn (USD/sekur)

 6,92 USD

Kartöflur (EUR/100 kg)

 30,5 EUR

UII (AUD/100 kg)

 1318 AUD

Ostur (USD/pund)

 1,945 USD

Smjör (EUR/tonn)



 4725 EUR

Samdráttur í kjötframleiðslu á landinu

Á síðasta ári var markaðshlutdeild erlends kjöts rúm 16% og jókst hún um þrjú prósentustig frá árinu á undan, sem er næstmesta aukning markaðshlutdeildar untdanfarinn áratug.

Í umræðu um stöðu innleindrar framleiðslu og samkeppni frá innflutningi hefur oft verið rætt um erfiðleika íslenskra frumframleiðenda til að svara síbreytilegri eftirspurn tengda auknum íbúafjölda og ferðamanna. Er það talið vera ein af meginforsendum síaukins innflutnings. Er það vissulega rétt að kjötframleiðsla á sér yfirleitt langan aðdraganda og erfitt er að auka framleiðslu á augabragði. Raunin er hins vegar orðin sú að íslensk framleiðsla kjöts er ekki aðeins að dala miðað við fólksfjölgun heldur er hún farin að minnka í heild sinni. Árið 2022, árið sem ferðamannafjöldinn kom til baka af fullu afli eftir heimsfaraldur, lækkaði heildarframleiðslumagn íslensks kjöts um rúm 620 tonn. Mestu munaði þar um áframhaldandi samdrátt á lambakjöti.

Markaðsumhverfi íslenskra matvælaframleiðenda skorðast ekki aðeins við hraða framleiðslunnar heldur einnig við hátt kostnaðarverð sem ekki verður flúið þegar hún fer fram á landi með jafn mikil lífsgæði og raun er á Íslandi. Erfitt er fyrir íslensk fyrirtæki að keppa við erlend stórfyrirtæki um framleiðslu sem oft er talin einsleit af neytendum og ódýrasti kostur oftast valinn. Nú virðist vera kominn ákveðinn vendipunktur í kjötframleiðslu á landinu. Innflutningur er því ekki aðeins að mæta íbúafjölgun og ferðamannastraumi heldur er farinn að kroppa í íslenska framboðið. Á því verði sem býðst á markaðnum núna hefur vægi tollverndarinnar dvínað, samkeppnin harðnað og spurning um hver næstu skref verða. /SFB





EITT AF MATARUNDRUM VERALDAR

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT ER FYRSTA ÍSLENSKA MATVARAN SEM FÆR PDO-MERKINGU

Íslenskt lambakjöt hefur öðlast PDO-merkingu, sem er hæsta stig upprunatilvísunar í Evrópu. Íslenska lambakjötið er þar með komið í hóp með mörgum þekktustu og eftirsóttustu gæðavörum heims.



Í DEIGLUNNI

Alifuglarækt:

Íslensk kjúklingaframleiðsla getur annað allri innanlandsneyslu

– Úrgangur framleiðslunnar sparar innflutning á hundruðum tonna á tilbúnum áburði

Kjúklingur er vinsælasta kjötafurd á Íslandi. Árið 2022 var framleitt um 9.500 tonn af kjúklingakjöti en sala þess nam rúmum 9.225 tonnum. Alls var 1.815 tonn af kjúklingakjöti innflutt, reyndist hlutdeild þess um 23,6% af markaðnum og hefur aldrei verið meiri síðan innflutningur hófst árið 2011. Á meðan hefur innlenda framleiðslan svo til staðið í stað síðan árið 2017. Því hefur aukning á neyslu kjúklingakjöts eingöngu verið svarað með innflutningi. Íslenskur alifuglabóndi segir að vel sé hægt að auka innanlandsframleiðslu svo hún anní allri eftirspurn. Til þess þurfi hins vegar pólitískan vilja sem byggir á því að innanlandsframleiðsla á landbúnaðarvörum hafi forgang fram yfir innflutta vöru.

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Þrjú fyrirtæki sjá um slátrun og sölu alls alifuglakjöts hérlendis: Ísfugl, Matfugl og Reykjagarður. Ísfugl er þeirra minnst en Matfugl og Reykjagarður af svipaðri stærð. Framleiðslan þeirra er dreifð víða um land, en fer þó að langmestu leyti fram á Suðvestur- og Suðurlandi. Á 23 bæjum á landinu er stundað eldi á kjúklingum og kalkúnaeldi má finna á fjórum stöðum. Á nýu stöðum fer fram eldi á stofnfuglum.

Hjónin Jón Magnús Jónsson og Kristín Sverrisdóttir eru bændur á Reykjabúinu í Mosfellsbæ og framleiða kjúklinga og kalkúna. Þau eru jafnframt eigendur að Ísfugli. Ísfugl framleiðir ekkert kjöt en fjórir bændur sjá um framleiðslu fyrir fyrirtækið. Ísfugl selur einungis íslenska kjúklinga- og kalkúnaafurðir. Mikil framleiðsla er í Ölfusi, en einnig í Bláskógabyggð og í Hvalfjarðarsveit.

Jón Magnús er alinn upp á Reykjum í Mosfellsbæ í hringiðu kjúklingaræktar enda var faðir hans einn af frumkvöðlum búgreinarinnar. Ræktun holdakjúklinga hófst á sjöunda áratug síðustu aldar og varð brátt eftirsótt matvara. Saga Ísfugls er nokkuð þekkt.

„Faðir minn, Jón M. Guðmundsson, fer út í kjúklingarækt árið 1960 og kynnir sér í kjölfarið þessa ræktun í Bandaríkjunum. Hann stofnsetur kjúklingabú og sláturhús uppi á Reykjum árið 1964 og fer að markaðssetja kjúklingakjöt í Reykjavík. Í kjölfarið bættust svo fleiri framleiðendur við.“

Árið 1978 stofnaði og byggði faðir Jóns ásamt öðrum kjúklingaframleiðendum sláturhúsið Ísfugl. Reykjabúinn var hluthafi í því fyrirtæki alla tíð en til þess að gera langa sögu stutta þá keyptu hjónin Jón Magnús og Kristín framleiðslufyrirtækið Ísfugl árið 2012.

Strangar sjúkdómavarnir

Kjúklingaframleiðsla fer fram undir miklu eftirliti hér á landi. Allir stofnfuglar koma hingað til landsins sem egg og eru aldir upp á einangrunarstöðvum án alls samneytis við önnur fuglabú. Við átta vikna aldur er blóðsýni tekið úr fuglum og skimað fyrir helstu sjúkdómum. Með þeim hætti er útilokað að nýir sjúkdómar berist til landsins. Úr þessum stofnhænum eru svo um sex milljónir ungar nýttir til kjúklingaframleiðslu innanlands á ári. Dagsgamli fara ungarnir í sótthreinsað eldishús. Þar eru þeir aldir við kjöraðstæður í 30-35 daga þar sem þeir hafa ávallt frjálstan aðgang að fódri og vatni. Undirburður



Hjónin Kristín Sverrisdóttir og Jón Magnús Jónsson, bændur á Reykjabúinu og eigendur Ísfugls, inni í einu kjúklingaeldishúsi sínu í Ölfusi.

Myndir / ghp

er þurr og hitastig eftir þörfum fuglsins. Um tvö kíló af fódri þarf til að rækta eitt kíló af kjúklingakjöti.

„Þetta er mikil starfsemi sem á sér stað, framleiðsla unga, uppeldi kjúklinga, slátrun, vinnsla og sala. Íslensk kjúklingarækt starfar eftir víðlíka reglum og gilda í nágrennalöndum okkar. Íslenska reglugerðin er sniðin eftir evrópskri fyrirmynd og því sem gildir í Noregi,

Danmörku og Svíþjóð. Þó eru kröfur um hámarksþéttleika umtalsvert lægri hérlendis en í Evrópu eða sambærilegt við Noreg og Svíþjóð,“ segir Jón Magnús.

Framleiðslan starfar undir eftirliti Matvælastofnunar sem fylgist með öllum stigum framleiðslunnar. Þetta felur m.a. í sér að starfsmaður stofnunarinnar er við hverja slátrun og fer þá yfir ástand fuglanna og skráir öll frávik. Bændur þurfa að taka campylobactersýni og salmonellusýni úr öllum eldishópum áður en þeir fara í slátrun. Annað sýni er síðan tekið í slátruhúsi til staðfestingar.

Með slíku eftirliti eru afar litlar líkur á að kjúklingur sýktur af salmonellu – eða campylobakter rati á markað. Ef salmonellusýking kemur upp í kjúklingahópi er honum fargað. Ef slíkt greinist í kjöti eftir slátrun er það innkallað. Í Evrópusambandinu eru kröfur ekki eins strangar.

„Styrkleiki íslenskrar framleiðslu er sú góða vara sem við höfum tækifæri á að framleiða hér í nærumhverfi neytenda, án sýklalyfja og sjúkdóma. Fyrst og fremst er velferðin fólgin í að við erum ekki með sjúkdóma sem eru landlægir í kjúklingarækt í nágrennalöndum okkar. Við erum til að mynda með meiri vöxt og minni afföll heldur en öll Norðurlöndin geta

státað af. Þetta skýrist af stærstum hluta af því heilbrigði sem hér er í íslenskum alifuglum,“ segir Jón Magnús.

Í reynd skara tvö lönd fram úr þegar kemur að vaxtarhraða kjúklinga. Ísland og Nýja-Sjáland. „Við eigum það sameiginlegt að vera eyjur úti í miðju hafi þar sem viðhafðar eru mjög strangar reglur um innflutning á lifandi búfé og dýrum.“

Gætu aukið framleiðsluna

Staðsetning okkar er þó að vissu leyti líka veikleiki íslenskrar kjúklingaframleiðslu. Fóður er innflutt og framleiðslan er dýr. Einingar eru smáar miðað við í nágrennalöndum. Innviðaupbygging og framleiðslukostnaður er hár. Jón Magnús bendir á að hér sé enginn eiginlegur hvati til innlendrar framleiðslu. Þvert á móti.

„Innanlandsframleiðsla stendur í stað og neysluaukning er borin uppi af innflutningi. Þetta á ekki eingöngu við kjúklingarækt. Hver hefði trúað því fyrir nokkrum árum að við færum að flytja hér inn lambakjöt? Að Íslendingar framleiddu ekki nóg af lambakjöti fyrir sig! Það er enginn hvati í íslenska kerfinu til að láta íslenska framleiðslu njóta



Hámarksþéttleiki eldisfugla á Íslandi er umtalsvert lægri en í Evrópusambandinu og utan þess. Ungarnir hafa alltaf aðgang að fódri og vatni, undirburður er þurr og hitastig eftir þörfum fuglsins.

KOMINN TÍMI Á SKOÐUN?



Komdu með hestakerruna á næstu skoðunarstöð og hafðu hana klára fyrir vorid og sumarið.

Sími 570 9090 • frumherji.is



Frumherji



Eggin úr útungunarhænum eru flokkaðar, hreinsaðar og færðar til geymslu og síðar til útungunar og eldis. Umfang íslenskrar kjúklingaframleiðslu er um 6 milljón fuglar.



Á miðvikudögum og fimmtudögum er opið í heimaverslun Reykjabúsins. Þar fæst bæði ferskt og frosið kjöt og ýmsar fágætar vörur, bæði unnar og óunnar.



Egg sem ekki nýttast í eldi eru afar vinsæl vara í heimaversluninni. Viðskiptavinir biða alla jafna í röð fyrir utan við opnunartíma.

Íslensk alifuglaframleiðsla

Kjúklingaeldi	Framleiðandi	Móar	Matfugl
Sanderði	Ísfugl	Fell	Matfugl
Fagrabrekka	Ísfugl	Hurðarbak	Matfugl
Rauðilækur	Ísfugl	Miðfell	Matfugl
Heiðarbær	Ísfugl	Kalkúnaeldi	Framleiðandi
Heiðabær 2	Ísfugl	Helludalur	Ísfugl
Hjalli	Ísfugl	Bakki	Ísfugl
Hjallakrókur	Ísfugl	Auðsholt	Ísfugl
Tannaðaþabakki	Reykjagarður	Lambhagi	Ísfugl
Hliðartunga	Reykjagarður	Stofnuglaeldi	Framleiðandi
Vatnsendi	Reykjagarður	Múlakot	Ísfugl
Ásmundarstaðir	Reykjagarður	Suður-Reykir	Ísfugl
Hellnatún	Reykjagarður	Þórustaðir	Matfugl
Helluvað 6	Reykjagarður	Ásgautsstaðir	Matfugl
Jarlsstaðir	Reykjagarður	Árver	Matfugl
Staðarbú	Reykjagarður	Ásmundarstaðir	Reykjagarður
Einholt	Reykjagarður	Þrændarlundur	Reykjagarður
Melavellir	Matfugl	Svartagil	Reykjagarður
Eskiholt	Matfugl	Hvanneyri	Stofnungi
Holt	Matfugl		

Heimild: Kortasjá MAST.

forgangs. Það er bara hvati til að auka innflutning og gagnvart honum höfum við oft og tíðum ekki mikla möguleika. Gildir þá einu um hvaða framleiðslu er um að ræða.“

Innflutningur á kjúklingakjöti hófst árið 2011 og hefur aukist jafnt og þétt síðan. A meðan hefur innlend framleiðsla dregist lítillega saman. Jón Magnús segir að þó að íslenska framleiðslan geti átt erfitt uppdráttar í verðsamkeppni við ódýra erlenda vöru geti hún hæglega tekið þátt í samkeppni um gæði og ferskleika. Hann gagnrýnir þau rök að aðhalds og samkeppni sé þörf og því sé innflutningur nauðsynlegur. Mikil samkeppni sé á milli þeirra þriggja fyrirtækja sem slátra og selja kjúklingakjöt.

„Þessi endalaus áróður og virðingarleysi við kjúklingabændur og aðra bændur, um að við önnum ekki eftirspurn og að við séum ekki færir um hitt og þetta, er mér þyrnir í augum. Þetta tal er borið uppi af ákveðnum aðilum. Þeirra hagsmunir eru að flytja inn og selja innfluttar landbúnaðarvörur. Við höfum verið að framleiða sama magn af kjúklingum undanfarnin ár en öll neysluaukningin hefur verið borin uppi af innfluttu kjöti. Allur innflutningur á vörum sem hægt er

að framleiða hér rýrir hagkvæmi innlendu framleiðslunnar.“

Ekkert fer til spillis

Í skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins Environice, „Kolefnisspor íslenskra kjúklinga og leiðir til að minnka það“, er fullyrt að kolefnisspor íslenskra kjúklinga sé minna en flestra annarra dýrategunda til mannelis. Einnig að kolefnisspor íslenskrar kjúklingaframleiðslu sé langt fyrir neðan heimsmeðaltal.

„Ástæðurnar eru fyrst og fremst notkun á grænni orku við framleiðsluna. Framleiðsluhúsin þurfa að vera vel hituð. Heitt vatn er notað við upphitun þeirra,“ segir Jón Magnús. Þá nefnir hann nýlega breytingu við urðun úrgangs úr framleiðslunni sem bætir enn stöðu innanlandsframleiðslunnar varðandi kolefnisspor. „Fyrirferðarmikill losunarpáttur var urðun á úrgangi úr sláturhúsum og útungunarstöðvum. Nú hefur urðun verið hætt og allur úrgangur fer í Orkugerðina í Hraungerðishreppi, þar sem unnið er úr hráefninu mjöl sem notað er til áburðar og landgræðslu.

Sama gerist með skítinn sem er afar kraftmikill áburður. Hann er allur notaður í uppgræðslu á tún, í

grasnytjar eða garðyrkju. Þannig getum við sagt með hreinni samvisku að allur úrgangur, eða hráefni, sem ekki er notaður til mannelis í kjúklingarækt, fer beint í að auka íslenska náttúru.“

Bent hefur verið á að íslensk kjúklingarækt sé ósjálfbær því hún sé alveg háð innfluttu föðri. Jón Magnús bendir á að þegar búíð sé að renna föðrinu í gegnum kjúklinginn þá verði

til áburður, í formi kjúklingaskíts, sem sparar innkaup á þúsundum tonna af tilbúnum áburði. Hann reiknar með að rúm eitt kíló af skít verði til frá hverjum kjúklingi á eldistímanum. Umfang landsframleiðslunnar telji um 6 milljón fugla á ári. Það geri um 6 milljónir kílóa af áburði sem nýttist til hérlendis.

Jón Magnús segir matvælaframleiðslu á Íslandi vera í háum

gæðaflokki en sökum legu landsins og stærðar markaðarins sé hún oft dýrari en innflutt vara. „Afar áriðandi er því að skapa innlendri matvælaframleiðslu þau skilyrði að geta keppt við innflutta vöru. Það er bæði pólitísk og samfélagsleg ákvörðun sem brýnt er að taka. Sé það gert mun íslensk framleiðsla, framleidd við þau frábæru skilyrði sem hér eru eiga alla framtíð fyrir sér.“



Litið inn í stofnuglaeldi. Öll alifuglarækt á Íslandi fer fram án sýklalyfja og undir ströngu eftirliti. Tvö lönd skara fram úr þegar kemur að vaxtarhraða kjúklinga, Ísland og Nýja-Sjáland. Ástæðan er lág sjúkdómastaða.



20% afsláttur af öllum innréttingum til páska.

Við aðstoðum þig við hönnun á þinni drauma innréttingu.

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562-1500
Friform.is.



Virka daga 10-17
Laugardaga 11-15

Í DEIGLUNNI



Geitur á beit. Þar sem tiltölulega fáir geitabændur eru á Íslandi var kortlagning geitarbeitarsvæða talin henta einkum vel til að prófa og þróa áfram nýja tækni.

Mynd / Háhöll geitabú.

Landgræðslan:

Kortleggja beitarvæði geita

Landgræðslan hyggst kortleggja beitarvæði geitfjár í samstarfi við bændur. Ný kortlagningaaðferð verður tekin til notkunar, þar sem geitfjáreigendur geta sjálfir teiknað beitarvæðin sín inn á vefsíðu GróLindar.

„Þegar vöktunarverkefnið GróLind hófst árið 2017 varð fljótlega ljóst að nauðsynlegt væri að hafa gott yfirlit yfir landnýtingu. Það er ein af grundvallarforsendum þess að hægt sé að skoða í samhengi ástand lands og landnýtingu að vita hvaða svæði er verið að nýta og umfang nýtingarinnar.“

Árið 2020 var birt fyrsta útgáfa af kortlagningu beitarlanda sauðfjár hér á landi. Nú er sú kortlagning í endurskoðun og vonir standa til þess að ný og nákvæmari kortlagning komi út á þessu ári. Árið 2022 voru birtar niðurstöður samstarfsverkefnis GróLindar og Háskóla Íslands um sumarútbreiðslu þriggja villtra grasbíta auk sauðfjár. Þar kom í ljós að skörum er mest á meðal heiðagæsa og sauðfjár,“ segir í tilkynningu frá Landgræðslunni en nánari umfjöllun um það verkefni er að finna á síðu 62 í þessu tölublaði Bændablaðsins.



Jóhann Helgi Stefánsson og Björk Sigurjónsdóttir.

„Samhliða endurbótum á kortlagningu beitarvæða sauðfjár erum við að hefja kortlagningu beitarvæða geitfjár. Í þeirri kortlagningu er GróLind að prófa nýja aðferð við kortlagninguna sem fellst í því að gefa bændum færi á að teikna beitarvæðin sín sjálfir inn á vefsíðu og láta í té nauðsynlegar upplýsingar, s.s. beitar tíma og afmörkun svæðisins, allt gert í tölvunni heima.“

Búið er að prufukeyra kortavefsíðuna og nokkur beitarvæði hafa verið teiknuð inn. Hingað til hefur það gengið vel. Á undanförunum dögum og vikum hefur Landgræðslan haft samband við geitabændur landsins og óskað eftir þátttöku í verkefninu,

enn er þó ekki búið að hafa samband við alla. Þar sem tiltölulega fáir geitabændur eru á Íslandi var kortlagning geitarbeitarsvæða talin henta einkum vel til að prófa og þróa áfram þessa nýju tækni. Ef vel tekst til verður þessi aðferð nýtt til að kortleggja beit annarra húsdýra á Íslandi, s.s. hrossa og nautgripa, sem og kortlagningu beitarvæða sauðfjár. Með þessari gagnvirku kortavefsíðu geta bændur tekið virkari þátt í kortlagningu, átt auðveldari aðgang að upplýsingunum, geta leiddrétt villur eða gert athugasemdir á einfaldan hátt. Einnig eru uppfærslur fljótlegri og einfaldari í sniðum heldur en ef upplýsingarnar þyrftu að fara í gegnum þriðja eða jafnvel fjórða aðila.“

Starfsfólk GróLindar, Jóhann Helgi Stefánsson og Björk Sigurjónsdóttir, munu verða í sambandi við alla geitabændur á landinu á næstu dögum og vikum. „Við vonum að verkefninu verði áfram tekið vel og að bændur hjálpi okkur að gera þessa kortlagningu eins góða og mögulegt er,“ segir í tilkynningu frá Landgræðslunni.

/ghp

Rannsóknir:

Áhrif fóðurs á innihald mjólkur

– Mun minna jöð og sink á sumrin

Ásta Heiðrún Pétursdóttir, starfsmaður Matis, hefur undanfarin misseri unnið við að skoða mjólkursýni úr verslunum í Bretlandi í þeim tilgangi að mæla steinefni og snefilefni og setja í samhengi við fóðrun kúa og árstíðir.

Joðmagn reyndist vera í mun minna mæli að sumarlagi og sink einnig – sem Ásta telur að geti verið áhyggjuefni varðandi þörf barna fyrir þessi steinefni.

Heiti verkefnisins er Samband fóðurs og árstíðabundinna sveiflna á næringarinnihaldi mjólkur. Mjólkursýni voru tekin úr búðum í Bretlandi í heilt ár – bæði lífræn mjólk og hefðbundin – og mjólkinn rannsókuð með tilliti til steinefna og snefilefna. Markmiðið var að sjá hvort það væru árstíðabundnar breytingar, sem gætu meðal annars orsakast af því að samsetning fóðurs er mismunandi eftir árstíðum. Að sögn Ástu eru niðurstöðurnar svo skoðaðar með næringarþarfir neytenda í huga, en taka þarf tillit til að næringarþarfir mismunandi samfélagshópa geta verið breytilegar.

Joðstyrkurinn lægri yfir sumarmánuðina

„Niðurstöðurnar sýndu að mjólk er góð uppspretta kalks, fosfórs og jöðs þvert yfir samfélagshópa. Mjólk var einnig góður gjafi kalíums, magnesíums og sinks fyrir börn. Ekki reyndist mikill munur á steinefnum eftir því hvort um var að ræða hefðbundna eða lífræna mjólk. Mest áhrif voru vegna árstíðar. Rannsóknin sýndi að neysla sumarmjólkur myndi hafa veruleg áhrif á neyslu jöðs hjá öllum neytendum – en joðstyrkurinn var lægri yfir sumarmánuðina.“

Hér gat munað miklu en í stað þess að börn fengu um 80-160 prósent af ráðlögðum dagskammti að vetri, þá myndu þau fá einungis um 16-34 prósent að sumri þegar borinn var saman munur á hæsta og lægsta styrk. Einnig fengu börn minna sink yfir sumarmánuðina. Áhrifin voru minni fyrir aðra aldurshópa.“

Niðurstöður birtar í ritrýndu tímariti

Að sögn Ástu er mjólk ein helsta uppspretta steinefna í mataræði fólks og þar sem að árstíð og framleiðsluáðferð mjólkur virðist geta haft áhrif á styrk steinefna, getur þessi breytileiki haft áhrif á magn steinefna sem neytendur fá í sínu mataræði. „Þær rannsóknir sem áður voru birtar gáfu niðurstöður um ýmist mjög fá stein- eða snefilefni, en gáfu ekki heildarmynd. Þá voru einungis tekin sýni í einstökum



Ásta Heiðrún Pétursdóttir starfsmaður Matis.



Mjólkursýni úr breskum mjólkurkúm.

mánuðum en ekki yfir allt árið. Þessi rannsókn var því mjög heildstæð og unnin úr gögnum frá um 500 sýnum sem tekin voru yfir heilt ár. Fyrri rannsóknir hafa einmitt sýnt að fóður hefur áhrif á innihald mjólkur, en ekki var nógu skýrt hver þessi breytileiki væri yfir árið, eða hvort hann gæti haft áhrif á neytendur.

Það þarf að skoða sérstaklega fyrir þá hópa sem eru í áhættu að vera með jöðskort hvort gera þurfi ráðstafanir yfir sumarmánuðina, til dæmis óléttar konur eða þær sem eru með barn á brjósti. Einnig mætti skoða að gefa jöð sérstaklega sem hluta af föðri kúa yfir sumarmánuðina.

Taka skal þó fram að þessar niðurstöður miða við breskar kúr. Ekki er ljóst hver staðan er hérlendis. Það má þó leiða að því líkur að árstíð hafi einnig áhrif á efnainnihald mjólkur á Íslandi. Joðneysla hefur verið að minnka á heimsvísu og líka hérlendis. Joðskortur er farinn að vera vandamál á Íslandi,“ segir Ásta.

Verkefnið var styrkt af EIT Food og unnið í samstarfi með Háskólanum í Reading. Niðurstöðurnar verða að sögn Ástu birtar í ritrýndu tímariti mjög fljótlega.

/smh

Fyrir kröfuharða

Makita
PROFESSIONALS AT WORK


ÞÓR
thor.is

Þú finnur Bændablaðið á www.bbl.is, Facebook & Instagram

Næsta blað kemur út 27. apríl

STEINULLAR- EININGAR

Hagkvæm íslensk lausn



■ Íslensk, CE vottuð framleiðsla

■ Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.

■ Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.

■ Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.

■ Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, ípróttu- og iðnaðarhús.

■ Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

MENNING

Á döfinni ...



Sýningar Leikfélags Vestmannaeyja á hinu klassíska verki Rocky Horror hefjast von bráðar, þann 6. apríl nk. Sýnt verður á Heiðarvegi 19, Vestmannaeyjum, miðasala fer fram á staðnum og eru áætlaðar tólf sýningar – frumsýningin þann 6. apríl kl. 20.00. Daginn eftir verður sýnt bæði klukkan 19 & 22, en er seinni sýningin svokölluð „POWER“-sýning þar sem leikarar setja sprengikraft í leik sinn á sviðinu og má búast við sannkallaðri flugeldasýningu. Frekari sýningar eru svo frá 14.-30. apríl, en upplýsingar varðandi þær má fá í síma 868 2139.

Leikfélag Hólmanavíkur hefur nú í sýningu gamanleikinn Maður í mislitum sokkum. Var frumsýningin þann 26. mars sl. en áætlaðar eru fimm sýningar, sú síðasta laugardaginn fyrir páska. Sýnt er í félagsheimilinu Sævangi þar sem Sauðfjársetrið er til húsa, en eins og vani er hjá leikfélaginu verður haldið í leikferð er sýningum lýkur – a.m.k. eftir sauðburð. Áhugasamir geta nálgast miða í síma 693 3474 og hefjast sýningar alla jafna klukkan 20. Rétt er að minna á að í Sauðfjársetrinu er hægt að pantast súpu fyrir sýningar.



Leikfélag Hofsóss sýnir Saumastofuna í Höfðaborg á Hofsósi, en frumsýning verksins var þann 28. mars sl. við mikinn fögnuð áhorfenda. Alls verða sýningar ný talsins, sú síðasta þann 14. apríl klukkan 20.30. Miðaverð fyrir fullorðna er 3.500 kr., ellilífeyrisþegar borga 3.000 kr. og börn 2.500 kr. Miðapantanir og frekari upplýsingar eru í s. 834-6153. Ranglega var farið með símanúmer upplýsinga í 6. tbl. Bændablaðsins, en leiðrétt hér með.



Í nóvembermánuði árið 1985 setti Hugleikur upp verkið „Skugga-Björgu“, eins konar „kynbreyttan Skugga-Svein“ að sögn Ingibjargar Hjartardóttur bókasafnsfræðings, í viðtali við Morgunblaðið í tilefni sýningar, en hún fór með hlutverk Kötlu skræku í sýningunni. Hér eru þau Unnur Guttormsdóttir í hlutverki Gvends smala og Eggert Guðmundsson sem Jón sterki áður en þeir halda á grasafjall í leikverkinu Skugga-Björgu. Mynd / timarit.is



Frá æfingum á leikritinu Húsfélagið sem verður frumsýnt þann 15. apríl nk. Mynd / aðsendar



Viðtökur á efni leikfélagsins Hugleiks hafa ætíð verið frábærar, sumar frábærari en aðrar, sbr. þessa stuttfrétt haustið 1998 í tbl. Degi.



Leikendur úr einþáttingunum „Hver er þessi Benedikt?“ eftir Júlíu Hannam. Á myndinni eru þær Mamiko D. Ragnarsdóttir og Hrefna Hjörvarsdóttir.

Leikfélagið Hugleikur:

Húsfélagið

Leikfélagið Hugleikur var stofnað í Reykjavík það herrans ár 1984 og því elsti starfandi áhugaleikhópur Reykjavíkur, nú á leið inn í sitt fertugasta aldursár.

Nafnið Hugleikur er fengið úr Heimskringlu þar sem konungi nokkrum að nafni Hugleikur er lýst á þann hátt að hann hafi „auðgur verið mjög og sá þú af fé, hafði í hirð sinni alls konar leikara, harpara og gígjara og fiðlara; hann hafði og með sér seiddmenn og alls konar fjölkunnugt fólk“. Litskrúðugur sem sé og hressilegur – líkt og leikfélög eiga að vera!

Íslensk frumsamin verk

Leikhópurinn hefur þá sérstöðu meðal íslenskra leikfélaga að þau verk sem fara á svið eru nær öll samin af meðlimum félagsins, auk þess sem umfjöllunarefnið er oftast en ekki sprottið úr íslensku þjóðlífi.

Vitnað er í sögu þjóðarinnar, þjóðsagnaarfinn og gullaldar-bókmenntirnar, en einnig stínga nútímalegri verk upp kollinum af og til. Tugi leikrita í fullri lengd og hundruð stuttverka standa eftir hópinn en auk áherslu á íslensk, frumsamin verk hefur söngur og tónlist jafnan sett svip sinn á sýningararnar.

Gaman er því að segja frá því að mörg leikrit félagsmanna hafa verið tekin til sýninga hjá öðrum áhugaleikfélögum um land allt. Leikhópur Hugleiks hefur reynt að þróa sérstakan stíl innan sinna vébanda sem nefndur hefur verið *hugleikskur* leikmáti eða bara *hugleikska* – en þó hefur þótt erfiðleikum bundið að skilgreina þann ríttíl og leikmáta. Samkvæmt vefsíðu félagsins kemur fram að skilgreiningin felist í „togstreitu milli hefðar og nýsköpunar eða skerspennum milli nútímalegra spunakenninga og húanískra leiklausna.“

Árið 2006 fékk leikfélagið Hugleikur viðurkenningu á degi íslenskrar tungu, auk þess sem leiksýningin Rokk var valin athyglis-verðasta áhugaleiksýningin 2009-10 af Þjóðleikhúsinu. Fjórum árum síðar hlaut 30 ára afmælisýning félagsins, Stund milli stríða, sömu viðurkenningu, eða árið 2014. Svo stíklað sé á stóru er áhugavert að geta sýningar leikkonunnar og skáldsins Júlíu Hannam, en fyrir síðustu áramót sýndi Hugleikur stuttverkin „Í öruggum heimi“, nokkra bestu stuttþætti hennar með einvala liði leikara og leikstjóra.



Fertugasta afmælisár Hugleiks

Eins og staðan er núna er formaður Hugleiks, Sesselja Traustadóttir, afar spennt fyrir komandi ári. Styrkur var veittur þeim til handa frá Reykjavíkurborg vegna afmælisársins – sem þau eru afar þakklát fyrir og sjá því fram á glaum og gleði árið á enda.

Nú um miðjan apríl, þann 15. nánar tiltekið, frumsýnir Hugleikur verkið Húsfélagið í leikhúsi Kópavogs, Funalind 2, þar sem án efa verður glatt á hjalla, enda fyrsta leiksýning félagsins síðan árið 2019. Aðalpersónur verksins eru þau nafntoguðu Gunnar, Njáll, Bergþóra og Hallgerður ... en þau eru ekki ein í húsfélaginu enda verða á sviðinu tólf persónur ásamt hljómsveit.

Fjallar Húsfélagið, jú, um húsfélag þar sem margar mikilvægar ákvarðanir þarf að taka – af alls konar mismunandi fólki á mismunandi stöðum í lífinu. Meðal annars verður svo ruslaflokkunarsöngur sunginn af hjartans lyst, áhorfendum til skemmtunar og allvíst að sviðið muni iða af lífi.

Dans og söngur eru í stóru hlutverki, sitt lítið af hverju fyrir auga og eyra. Leikstjóri verksins, Gunnar Björn Gunnarsson, beitir þar töfrum sínum, en hann hefur, auk annars, leikstýrt nokkrum áramótaskaupum.

Áætlaðar eru tíu sýningar og má nálgast miða á vef Hugleiks, www.hugleikur.is. /SP

Límtréshús, bogahús og færanlegar byggingar

Hýsi.is



Færanlegar byggingar



Bogahús




Límtréshús

HÝSI
BYGGJUM BETUR

Það er stutt í ferðalagið og líka í Nesdekk! Nú á sjö stöðum!

Réttu dekkinn draga fram bestu
eiginleika bílsins og veita
hámarks öryggi.

Fáðu ráðleggingar fagmanna
við val á réttum dekkjum.



Bókaðu tíma á netinu



Bókaðu tíma og skoðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Breiðhöfði 13
110 Reykjavík
590 2080
Tímabókun

Skeifan 9
108 Reykjavík
590 2098
Tímabókun

Fiskislóð 41
101 Reykjavík
561 4110
Tímabókun

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600
Tímabókun

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333
Tímabókun

Austurvegi 54
800 Selfossi
590 2095
Tímabókun

Njarðarnesi 1
603 Akureyri
460 4350
Tímabókun

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200



Kóralrif út af strönd Ástralíu.

Mynd / NASA

Toppurinn á ísjakanum

Nýjar rannsóknir á lífríki sjávarrifja og hafinu við Ástralíu sýna að ástand þess er mun verra en áður hefur verið talið. Ástæða þess er sögð vera hækkandi sjávarhitni og óþol núverandi lífvera við breytingunum á búsvæði þeirra.

Auk þess að hækkun sjávarhita hafi neikvæð áhrif á vistkerfi hafins mun hún draga úr fiskveiðum þar sem framboð á fæðu fyrir nytjategundir mun dragast saman.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknanna, sem birtar voru í Natur, eru um 500 af þeim 1.057 tegundum sem kannaðar voru á verulegu undanhaldi og 300 af þeim á mörkunum að vera flokkaðar í útrýmingarhættu. Rannsóknin náði meðal annars til fiska, kórala, hryggleysingja, þörungna og sjávarplantna.

Aðstandendur rannsóknanna segja að hraði breytinganna sé mikill, að þær eigi sér stað fyrir augum allra sem þær vilji sjá en á sama tíma veki þær litla eftirtekt. Það sem meira er, að niðurstaða rannsóknanna er talin eingöngu vera toppurinn á ísjakanum. /VH



Fugl á Ítalíu.

Mynd / Kai Rohweder-Unsplash

Fá viðlagastuðning vegna fuglaflensu

Ítalskir bændur fá 27,2 milljónir evra í bætur frá ESB vegna 294 tilfella fuglaflensu haustið 2021.

Faraldur gekk um nokkur héruð á Ítalíu milli 23. október til 31. desember 2021. Stjórnvöld gripu umsvifalaust til mikilla smitvarna til að halda aftur af útbreiðslu sóttarinnar, en þær leiddu jafnframt til mjög minnkaðrar innkomu. Bændur sem voru með kjúklingaeldi, eggjaframleiðslu, kalkúna, endur og perluhænsn urðu fyrir mestum áhrifum. Tjónið fólst helst í ónýtum vörum eða að þær væru færðar niður um gæðaflokk.

Eftir formlega beðni frá ítölskum stjórnvöldum komst Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að þeirri niðurstöðu að ESB myndi standa undir helmingi þess kostnaðar sem ítölsk stjórnvöld hafa lagt út til að styðja við bændur á þeim svæðum sem verst voru útsett. Einungis bændur á fyrir fram ákveðnum svæðum eiga heimtingu á fjárstuðningi fyrir tjón sem gerðust í lok árs 2021. Greiðslurnar munu koma úr varasjóði landbúnaðarins og eiga að skila sér í lok september á þessu ári. Frá þessu er greint í fréttatilkynningu Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. /ÁL

Metanminnkandi kúafóður hluti loftslagsstefnu

Bresk stjórnvöld vilja leita leiða til að koma metanminnkandi fóðri í almenna notkun innan tveggja ára. Þessi áform voru kynnt sem hluti af vegferð breskra stjórnvalda í átt að kolefnishlutleysi.

Bændur fagna þessum fyrirætlunum, en stjórnvöld hafa átt í samráði við stéttina varðandi útfærslu áætlunarinnar. Engin metanminnkandi lausn er komin á markað sem hefur fullnægjandi virkni, en mikil framþróun er á sviðinu og eru bundnar miklar vonir við að fullnægjandi úrræði verði aðgengileg innan tveggja ára. Frá þessu greinir Guardian.

Metan sem myndast við meltingu kúa og losnar frá mykjunni er talið stuðla að fjórtán prósent losunar gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum.

Á Bretlandi eru 9,4 milljónir kúa og kálfa. Ef tekst að koma bætiefnunum í kjarnfóður með góðri virkni gætu stjórnvöld skyldað notkun þeirra í nokkrum þrepum með það markmið að notkunin verði sem mest.

Varaformaður bresku bændasamtakanna, Tom Bradshaw, sagði í samtali við Guardian að mest gróðurhúsafurframleiðsla nautgripa komi út um framendann á þeim, ekki afturendann. Flest bendi til að bætiefnin verði gagnleg, þó enn sé óljóst hvaða áhrif þau hafi á nýtni fóðursins.

Hann sagði að frekari rannsóknarvinnu sé þörf til að ná markmiði minnkaðrar losunar, en nokkur verkefni séu í gangi á

Bretlandseyjum núna. Fleiri leiðir séu hugsanlega færar til að minnka metanlosun kúa, en á Nýja-Sjálandi fullyrða stjórnvöld að þeim hafi tekist að minnka losun síns kúastofns með kynbótum.

Bresk stjórnvöld hafa verið gagnrýnd fyrir að einblína um of á tæknilausnir með óstaðfesta virkni í viðleitni sinni til að ná kolefnishlutleysi. Hópur 700 vísindamanna kom fram eftir að ríkisstjórnin kynnti leiðarvísni að kolefnishlutleysi og sagði stjórnvöld leggja of mikið traust á aðferðir eins og kolefnisförgun sem enn hefur ekki tekist að skala upp. /ÁL



ER KOMINN TÍMI Á NÝTT GLER ?

VIÐ FRAMLEIÐUM GLER EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

- EINANGRUNARGLER
- SÓLVARNARGLER
- HLJÓÐVARNARGLER
- ÖRYGGISGLER
- HAMRAÐ GLER
- HERT GLER
- LAKKAÐ GLER
- SPEGLAR



SMIÐJUVEGI 7
200 KÓPAVOGI
SÍMI 54 54 300
ISPAN.IS

Í DEIGLUNNI

Hringrásarhagkerfið:

Úrgangur verður auðlind

– Vegvísir um bætta nýtingu lífræna efna í landbúnaði og landgræðslu lagður í Samráðsgátt

Sigurður Már
Harðarson
smh@bondi.is

Tillögur EFLU verkfræðistofu um bætta nýtingu lífræna efna í landbúnaði og landgræðslu hafa verið birtar í Samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar. Stór hluti næringarefna sem finnast í lífrænum úrgangi og falla til á Íslandi, fara til spillis.

Heildarmagn næringarefnanna niturs, fosfórs og kalí í þessum lífræna úrgangi er hins vegar það sama og magn þessara næringarefna sem flutt er til landsins í formi tilbúins áburðar.

Þessar tillögur eiga rætur sínar að rekja til vinnu matvælaráðuneytisins á síðasta ári þegar ákveðið var að ráðast í gerð vegvísis um þessa nýtingu sem þörf var fyrir að bæta, meðal annars til að draga úr þörf fyrir innflutningi á áburði og fóðri – og minnka neikvæð loftslagsáhrif.

Greining Matís til grundvallar

Til grundvallar mati á umfangi lífræna efna á Íslandi liggur skýrslan „Greining á magni lífræna áburðarefna á Íslandi og tækifæri til aukinnar nýtingar“ sem unnin var hjá Matís og gefin út í apríl á síðasta ári. Með lögum um bann við urðun á niðurbrotanlegum úrgangi, sem tóku gildi um síðustu áramót, má búast við að magn þessara efna aukist mjög á næstu misserum sem þarf fljótlega að finna frjóan farveg fyrir.

Í skýrslu Matís kemur fram að langmest af næringarefnum sé að finna í búfjárúrgangi sem almennt sé vel nýttur þó til séu undantekningar. Einnig að mikið magn næringarefna sé að finna í úrgangi frá eldisdýrum eins og í svína- og alifuglarækt og í úrgangi frá fiskeldi, en talið er líklegt að magnið úr slíku eldi fari hratt vaxandi á næstu misserum. Næringarefni í skólpi og seyru eru



Kjötmjöli dreift. Talið er að auðvelt sé að nýta það meira og betur. Langmest af næringarefnum er að finna í búfjárúrgangi sem almennt er vel nýttur þó til séu undantekningar.

Mynd / Landgræðslan

metin talsverð sem og í matarúrgangi en nýting þeirra efna sé mjög lítil.

Þó er varað við því að draga þá ályktun að nóg sé til af næringarefnum á Íslandi þar sem stór hluti næringarefna í búfjárúrgangi komi úr innfluttum tilbúnum áburði og kjarnfóðri og einnig ríki óvissa um hversu stór hluti sláturúrgangs og dýrahreija sé nýtanlegur sökum heilbrigðissjónarmiða.

Áskorun að verða
fullkomlega sjálfbært

Í vegvísí EFLU segir enda að það sé ljóst, að á Íslandi sé áskorun að verða fullkomlega sjálfbært um innlenda áburð. Hins vegar sé vel gerlegt að minnka hlutfall hans verulega á næstu árum með því að nýta betur þau næringarefni sem til falla. „Tilbúinn áburður er í mörgum tilfellum framleiddur

í löndum þar sem notast er við óendurnýjanlega orkugjafa enda er stærstur hluti kolefnisspors áburðar frá þeim löndum til kominn vegna framleiðslunnar.

Nitur má framleiða úr andrúmslofti og er í dag unnið að rannsóknum og þróun á umhverfisvænni aðferðum til slíkrar framleiðslu hér á landi. Það hefði víðtæk og jákvæð áhrif ef Ísland yrði sjálfbært um framleiðslu niturs. Lífræn áburðarefni skortir oft nitur. Sé hins vegar hægt að bæta nitri við slík efni verður áburðargildi þeirra mun betra. Niturframleiðsla hér á landi færir okkur einnig nær því að vera óháð innflutningi á tilbúnum áburði.

Fosfór er unninn úr námum og er því óendurnýjanleg og takmörkuð auðlind. Til að draga úr þörf á innflutningi á fosfór þarf á Íslandi, líkt og í öðrum ríkjum, að leggja áherslu á endurheimt hans

úr úrgangsstraumum. Á Íslandi hefur einnig verið lögð áhersla á að veita bændum ráðgjöf varðandi kölkun jarðvegs sem dregur úr þörf á notkun fosfórs og gerir það einnig að verkum að fosfórinn er ekki eins bundinn í jarðveginum og nýtist þar af leiðandi betur,“ segir í vegvísinum.

Aðgerðir flokkaðar niður eftir
flækjustigi og kostnaði

Í vegvísinum eru lagðar til 28 aðgerðir og þær flokkaðar niður eftir því hversu fýsilegar þær þykja; hversu flóknar þær eru í framkvæmd og kostnaðarsamar. Þær byggja á tillögum sem komu fram á fundum með hagsmunaaðilum frá stofnunum matvælaráðuneytisins.

Brýnt er talið að nýta þurfi mun betur þau lífræna efni sem til falla hér á landi á næstu árum og áratugum. Það muni koma í veg fyrir neikvæð loftslagsáhrif og mengun vegna förgunar þeirra en einnig draga úr þörf á innflutningi áburðar og fóðurs – sem hafi áhrif á fæðuöryggi landsins.

Kjötmjöl og kjúklingaskítur

Gróflega er áætlað hversu mikið af mismunandi lífrænum efnum sé ónýtt í dag og mat lagt á hvað sé auðveldast að auka nýtingu á. Niðurstaðan er sú að kjötmjöl, hrossatað, kjúklingaskítur og bokashi-molta er talið vera auðveldast að nýta meira og betur. Þetta séu efni sem séu þurrari

en önnur efni og því ekki eins kostnaðarsöm í flutningum og þau sem innihalda mikið vatn. Þessi efni eru þó misnæringarmikil, til að mynda sé hrossatað ekki næringarríkt en það sé kjúklingaskítur hins vegar. Ekki þurfi að ráðast í kostnaðarsama innviðaupbyggingu til að auka nýtingu þessara efna, þótt nýtingunni fylgi alltaf flutningskostnaður.

Þau efni sem þurfa meiri fyrirhöfn áður en hægt er að auka nýtingu þeirra eru svínaskítur, svartvatn (salernisskólpi), seyra, hliðarafurðir sláturhúsa og fiskeldismykja.

Mikilvæg þróun á
áburðarefnum frá fiskeldi

Aukin nýting á þessum efnum í áburðarskyni kalli á nýsköpun, auknar rannsóknir, skipulag og uppbyggingu innviða en ekki síður á samstarf stofnana, ráðuneyta, einkaaðila og annarra íbúa í landinu. Sumar af þeim aðgerðum sem þarf að ráðast í séu kostnaðarsamar og krefjast mikils undirbúnings, en aðrar séu vel þekktar aðferðir og auðveldari í framkvæmd.

Sérstaklega er tiltekið að þörf sé á því að haldið verði áfram að þróa og rannsaka aðferðir til framleiðslu á áburðarefnum úr úrgangi frá fiskeldi, en fyrirjárnleg eru aukin umsvif í þeirri grein.

Í kaflanum um eftirfylgni og næstu skref kemur fram að á fundum hagsmunaaðila hafi verið til umræðu hvernig tryggja megi áframhaldandi samstarf og hvaða vettvangur væri hentugastur til þess. Mikilvægt sé að leita til þeirra aðila sem eru búnir að þróa ýmsar lausnir í nýtingu lífræna efna, eins og bænda og rekstraraðila, að þeir verði hluti af samtalinu sem fram fer í kjölfar þessarar vinnu.

Hluti af lausninni er
hringrásarhagkerfið

Vegvísirinn er einnig angi af stefnu íslenskra stjórnvalda um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og í samræmi við það markmið að ná kolefnishlutleysi árið 2040. Hluti af þeirri lausn birtist í stefnunni „Í átt að hringrásarhagkerfi“ sem Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra gaf út árið 2021 og gildir til ársins 2032. Stýrihópur Guðlaugs Þórs Þórðarsonar umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra vinnur að framgangi stefnunnar.

Vegvísirinn verður mikilvægur þáttur við innleiðingu hringrásarhagkerfisins. Honum er einnig ætlað að nýtast í vinnu við mótun stefnu og aðgerðaáætlaða fyrir matvæli, landbúnað, landgræðslu, skógrækt, fiskeldi og sjávarútveg.

Sáðvörurnar færðu hjá okkur
Fjölbreytt og gott úrval

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
buvorur@ss.is - www.buvorur.is



Tilgangur vinnunnar við vegvísinn er að draga úr þörf fyrir innflutningi á áburði og fóðri – og minnka neikvæð loftslagsáhrif.

Mynd / Bbl

Hvað er: Glúten?

Glúten er prótein sem er að finna í kornvörum, eins og hveiti, byggi, rúgi og flestum höfrum. Glúten er límið sem heldur brauði saman og veldur meltingartruflunum hjá einstaklingum með glútenþol. Þar sem áður nefndar kornvörur eru notaðar í fjölmörg matvæli, leynist glúten í mjög mörgum vörum.

Hveiti er algengasta kornvaran sem inniheldur glúten og er brauð ein helsta birtingarmynd þess. Hveiti er einnig að finna í pasta, núðlum, morgunkorni, súpum, sósam, snakki, kjötbollum, fiskibollum og fleira. Enn fremur er afar algengt að hveiti sé innihaldsefni í nammi, eins og hlaupi og lakkris. Eitt aðalinnihaldsefni hefðbundinnar sojasósu er hveiti. Þar sem hveiti er gagnlegt og aðgengilegt efni við framleiðslu þarf fólk með glútenþol að skoða innihaldslýsingar flestra unninna matvæla. Ofnæmis- og óþolsvaldar eiga að vera feitletraðir á merkingum sem gerir fljótlega að sjá þá.

Bygg eitt og sér er notað í grauta og matagerð. Það finnst einnig oft í morgunkorni eins og Corn Flakes og Rice Crispies. Enn fremur er byggmaltþykkni innihaldsefni sem gjarnan er notað í konfekt og nammi. Bygg er eitt aðalinnihaldsefni bjórs og malts og þurfa einstaklingar með glútenþol að forðast þessa drykki. Því gruggugri sem bjórinn er því líklegri er að hann innihaldi meira glúten. Þar sem sum brugghús sækjast eftir að hafa sína bjóra tæra eru þær aðferðir sem þau nota oft að skila sér í glútenlausum bjór. Þar má annars vegar nefna notkun ensíma sem bætt er út í bjórinn þegar hann gerjast og er auðvelt að nota við heimabrygg. Stærri brugghús nota hins vegar skilvindu sem hreinsar burt gruggið - og þar með glútenið. Úrval glútenfrís bjórs hefur aukist undanfarið ár og hefur Bændablaðið heimildir fyrir því að ákveðin brugghús taki ekki fram á mörgum bjórum að þeir séu glútenlausir, þó þeir séu í raun búnir að fá sömu meðferð og bjórar sem markaðssettir eru sem slíkir. Viskí er bruggað úr möltuðu byggi, en við eiminguna hverfur allt glútenið.

Í upphafi var nefnt að flestir hafrar innihéldu glúten, en þessi planta framleiðir ekki glúten af náttúrunnar hendi. Ræktun á höfrum á sér hins vegar stað í miklu nánvigi við ræktun á hveiti, byggi og rúgi, og er gjarnan notaður sami tækjabúnaður við þreskingu og vinnslu. Krosssmít er því mikið og má gera ráð fyrir að hafrar innihaldi glúten nema annað sé tekið fram. Hafra má helst finna í hafragraut, morgunkorni, brauði, kexi, ásamt lífrar- og blóðþylsum.

Rúgur er líklegast óalgengasta korn-tegundin af þeim sem nefndar eru hér að ofan. Þó er hægt að finna hann í matvörum eins og rúgbrauði, brauði, lífrarþylsum og fleira. Þegar viskí er bruggað úr rúgi, verður glútenið eftir við eiminguna, rétt eins og með bygg.

Algengt er að fólk rugli saman glúteni og sterkju, en þetta er sitt hvor hluturinn. Glúten er ekki að finna í matvælum eins og kartöflum, hrísgrjónum og maís. Maíssterkja kemur sér vel í staðinn fyrir hveiti þegar þykkja á sósu. Úrval glútenlausra matvæla eykst með hverju ári, en í flestum matvöruverslunum finnst glútenlaust brauð, pasta, kex o.fl.

Ekki verður farið út í skilgreiningu á glútenþoli, en engin lækning er til við þessum sjúkdómi og verður því ákveðinn hópur fólks að sneiða hjá glúteni allt sitt líf til að forðast veikindi. Rétt er að benda á að glútenþol er ekki það sama og laktósaþol eða vegan. /ÁL

Byggja nýtt íþróttahús í Hvalfjarðarsveit

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt að nýtt íþróttahús verði byggt í sveitarfélaginu.

Núverandi íþróttamiðstöð, Heiðarborg, var byggt árið 1968 og er tæpir 530 fm auk 257 fm sundlaugarhúss. Nýja húsnæðið verður fjölnota íþróttahús ásamt stöðrymum, s.s. búningsklefum og annarri aðstöðu, við Heiðarborg. Húsið verður með keppnisall, löglegum körfuboltavelli, blak- og badmintonvöllum auk þess sem unnt verður að spila hand- og fótbolta þar ásamt fjölda annarra íþróttar. Í húsinu verða áhorfendabekkir, skiptitjald,

kaðlabrautir og keppnisklukkan. Umgjörð hússins og salurinn er jafnframt hannaður til viðburða og veisluhaldar. „Með ört stækandi samfélagi er kominn tími á byggingu stærra íþróttahúss sem tekið getur á móti fjölbreyttara íþróttar- og tómsundastarfi, auk þess að standast kröfur samtímans hvað varðar alla aðstöðu og aðbúnað. Nýja húsið verður 1.834 fm að stærð og byggt við núverandi íþróttamiðstöð sem er staðsett við grunnskólann Heiðarskóla við Leirá,“ segir Linda Björk Pálsdóttir, sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar.

Linda segir að útboð vegna hússins verði fljótlega auglýst. Framkvæmdir muni hefjast fljótlega eftir undirritun verksamnings og verklok eru áætluð 1. ágúst 2024.

„Nýja húsið verður eins og gefur að skilja bylting, ekki bara fyrir íþróttakennslu skólans heldur einnig alla möguleika til aukins íþróttar- og tómsundastarfs í sveitarfélaginu enda um að ræða 1.050 fermetra stækkun frá núverandi íþróttahúsi og sundlaug. Stækkun íþróttasalarins eru 737 fermetrar frá núverandi sal þannig að aðstöðumunurinn verður mikill. Það er mikil tilhlökkun

hjá okkur að fá nýtt og vel útfært mannvirki sem mun nýtast vel og uppfylla þarfir sveitarfélagsins og íbúa þess til næstu áratuga, hvort sem er fyrir skóla-, íþróttar-, tómsunda-, félags- eða samkomustarf. Vonandi munu sem flestir nýta sér aðstöðuna þegar til kemur, hvort sem það eru íbúar, gestir, íþróttafélög, félagasamtök eða aðrir sem á þurfa að halda,“ bætir Linda við.

Heildarkostnaður við nýja húsið er áætlaður 1,2 milljarðar króna og er þá innifalin jarðvinna, ytri og innri frágangur, lóðagerð og búnaður.

/mhh

Þú veist hvað þig vantar

- við fjármögnum

Lykill
fjármögnun



Þótt landslagið minni mikið á íslenska sveit situr þessi yurt í Mongólíu.

Ævintýrin gerast enn

– Frumkvöðullinn Kristján Edwards tekinn tali

Hvert lífið tekur mann er óvíst að segja. Sumir una við sitt í rólegum gangi á meðan aðrir verða þátttakendur í mun æsilegri takti. Það er ekki annað hægt að segja en að þegar fyrstu skrefin eru tekin tæpum 8.000 km frá fæðingarstaðnum sé það visun á örlítið óvanalegra líf en ella.

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



Kristján Bahadur Edwards fluttist yfir hafið ungar að árum með foreldrum sínum, Fjólu Ósk Bender og Jim Edwards, er föður hans bauðst starf við að veiða tígrisdýr. Má segja að lífshlaup Kristjáns sé á margan hátt ævintýralegt, en faðir hans, ásamt félaganum sínum, keypti Tiger Tops veiðinýlenduna í Chitwan þjóðgarði Nepal árið 1971 eftir að hafa komist í óvænt kynni við bróður konungsins í Nepal, sem vakti með honum áhuga á því landsvæði.

Kristján, þá árgamall, steig sín fyrstu skref í framandi landi og varð snemma altalandi á nepalskri tungu. Átta ára gamall skildu leiðir foreldra hans og var hann sendur til náms við heimavistaraskóla á breskri grund þar sem hann lauk skólagöngu sinni, útskrifaður úr háskóla í Skotlandi. Eftir skilnaðinn fluttust móðir hans og ung systir aftur til Íslands en æviskeið Kristjáns í Nepal var rétt að byrja.

Fyrstu skrefin

Þótt Tiger Tops hafi í fyrstu verið þekkt sem nafn veiðiskála á svæði Chitwan í Nepal, umbreytti Jim, faðir Kristjáns, í samstarfi við bróður

sinn, John, og félaganum sinn, bandaríska vistfræðinginn Chuck McDougal, fljótlega þeirri hugmynd og hóf rekstur vistvænnar ferðaþjónustu. Tekið var fyrir allar veiðar og áhersla lögð á skoðunarferðir dýralífs, hægt var að sitja fíla og gista á staðnum.

Jim Edwards var vel tengdur maður og nýtti sér það er hann sannfærði nepölsk stjórnvöld um að breyta 360 ferkílómetra svæði Chitwan, þar sem skálinn var staðsettur, í þjóðgarð árið 1973. Félagarnir létu ekki þar við sitja og komu meðal annars á fyrsta langtímaeftirliti með tígrisdýrum sem enn er starfrækt í dag, aðstoðuðu við að liðsinna krókóðílum í útrýmingarhættu og komu á fót styrktarsjóðnum *International Trust for Nature Conservation (ITNC)*, sem miðaði að því að vernda heimshluta þar sem dýralífi er ógnað



Kristján Bahadur Edwards óskar eftir samvinnu við landeigendur.



Nýfæddur fílsungi á svæði Tiger Tops, nefndur Kailash Prasad.

af athöfnum manna – þá með mikilli áherslu á verkefni í Nepal.

Árið 2016 var svo tekin sú ákvörðun að hætta öllum ferðum þar sem gestir sátu á filum og þess í stað hefur gestum verið boðið að fara í gönguferðir með þeim. Settir voru upp sérstakir garðar ætlaðir filunum og þeim veitt meira sjálfræði og frelsi enda eigendur Tiger Tops brautryðjendur í velferð fíla.

Í dag, fimmtíu árum síðar, hefur hún heldur betur aukist að umsvifum. Meðal annars hafa verið byggð þó nokkur gistihús til viðbótar. Þar má nefna Karnali Lodge, Tharu Lodge, Elephant Camps og Tiger Mountain

Lodge, þar sem náttúruverndarvitund er eflað á allan þann hátt sem hægt er.

Fylgir öll starfsemi undir nafni Tiger Tops skýrri umhverfisstefnu sem miðar að því að draga úr kolefnissporum og vernda umhverfið. Notast er við sólarorku, lífræna ræktun grænmetis til neyslu og útvistun fer fram eins staðbundið og hægt er. Öll smíði húsnæðis og þess sem til fellur er þannig í höndum innfæddra, auk þess sem samstarf ríkir meðal þorpsbúa og forsvarsmanna Tiger Tops er kemur að félagslegri og efnahagslegri valdeflingu.

- Framhald á bls. 32.

VARAHLUTIR Í KERRUR

stalogstansar.is



KNOTT
BREMSEN • AXSEN

AL-KO
QUALITY FOR LIFE

DEXTER AXLE



Stál og stansar

Vagnhöfði 7, 110 Reykjavík | Sími: 517 5000 | stalogstansar.is



Mongólsku tjöldin eru afar notalegt og væsir ekki um gesti.

Milwaukee

vfs.is

NÝTT

M18 FUEL SLEDASÖG

- SKILAR SAMBÆRILEGUM KRAFTI OG SNÚRUSÖG Í SAMA FLOKKI
- SAGAR UM 45 METRA AF 18 MM KROSSVIÐ Á EINNI 5,5 AH RAFHLÖÐU
- HÆGT ER AÐ SAGA AÐEINS 12 MM FRÁ VEGG
- STILLANLEGUR HRAÐI FRÁ 2500 TIL 5600 SN/MÍN.
- ÞVERMÁL BLAÐS: 165 MM
- ÞYNGD MEÐ RAFHLÖÐUPAKKA: 4,9 KG. (M18 5,5AH)

SKANNAÐU OG
SKOÐAÐU NÁRAR



M18
EITT RAFHLÖÐUKERFI
YFIR 255 VERKFÆRI

M12
EITT RAFHLÖÐUKERFI
YFIR 110 VERKFÆRI

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

TM

Þú færð okkar besta verð á tm.is

Á tm.is og í TM appinu getur þú gengið frá öllum tryggingum hvar og hvenær sem þér hentar.

Hugsum í framtíð



Hátt er til lofts, vítt til veggja og umhverfið allt ævintýrlegur munaður.

Vel er stutt við varðveislu menningar og rekinn er skóli fyrir þau börn á svæðinu sem illa eru sett.

Ævintýrlegur munaður og umhverfismeðvitund

Augljóst er að Kristján, sem sá um rekstur Tiger Tops samhliða föður sínum, er enginn nýgræðingur þegar kemur að því að hafa yfirsýn yfir vel rekið fyrirtæki.

Fyrir fimm árum síðan fékk hann bróður sinn til liðs við sig, en faðir þeirra lést árið 2009. Kristján hefur því í dag frjálssari hendur er kemur að því að sinna öðrum hlutum og hefur þráin til Íslands oftar en ekki blundað innra með honum. Hann hefur í nokkurn tíma velt því fyrir sér hvort hérlandis væri ekki hægt að setja upp lúxusgistaðstöðu í mongólskum tjöldum, þá yurt – eða ger eins og þau heita á mongólsku, en Kristján kynntist töfrum Mongólíu fyrst árið 1997. Leist honum svo vel á að hann heimsótti landið árlega næstu sjö árin yfir sumartímann.

„Ég fékk þessa hugmynd að gaman væri að setja upp mongólsk tjöld á Íslandi, þá á óbyggðum landsvæðum. Í Mongólíu getur hitastigið farið niður í -40 að vetrarlagi og tjöld þeirrar þjóðar gætu því alveg eins hentað vel á Íslandi. Þar er reyndar lítið um að fólk eigi landsvæði svona sérstaklega, heldur fylgja heimamenn geitum sem þefa upp grösug landsvæði, hentug til að setja upp tjöld. Nota bene, fólk



Kristján, ásamt börnum sínum tveimur, umvafinn íslenski náttúru.

er ráðlagt að elta geitur, ekki kindurnar, „því komið hefur í ljós að vitsmunir þeirra bjóða ekki upp á grösugar lendur, heldur oftast þvert á móti,“ segir Kristján glottandi.

„Tjöldin sem um ræðir fara vel með umhverfið, eru notaleg og afar skjólgóð, en hátt er til lofts, vítt til veggja og flokkast gisting í þeim á allan hátt undir það sem kalla mætti



Þó nokkur fjöldi fólks rúmast vel í einu tjaldi.



Falleg gistaðstaða.



Það er að sjálfsgöðu baðaðstaða í yurtum, vel kynt og notaleg.

ævintýrlegan munað. Þau eru kringlótt og þarf að byggja kringlóttan pall undir hvert og eitt. Kamína er í hverju tjaldi, þannig útbúið að rör komi upp úr loftinu sem hleypir reyknum út. Innan við tjaldúkin er svo ullarfelt sem heldur hitanum inni og hægt er að setja segl yfir til að halda rigningunni úti. Er tjaldið stöðugt enda vel fest.“

Kristján festi nýverið kaup á fimm afar rúmgóðum tjöldum, 6,7 metra í þvermál, sem henta vel undir rúm fyrir fjóra gesti. Ef fólk kysir einhverra hluta vegna að sofa fremur á gólfinu kæmst a.m.k. 10 manns fyrir. Til viðbótar keypti hann minni tjöld sem þjóna tilgangi salernis, tengjast þá þeim stærri og gerir gestum kleift að ganga á milli án þess að þurfa að fara út fyrir.

Kristján festi einnig kaup á tjaldi atluðu undir veitingaáðstöðu, tæplega nínu metra stóru að þvermáli og nýttist því vel sem matsalur. Kristján vill bjóða upp á hágæðaferðaþjónustu með áherslu á lágt kolefnisspor. Sér hann fyrir sér að hafa ekki gestina of marga enda ekki um almennt tjaldstæði að ræða, heldur fremur það sem mætti kalla lúxusupplifun.

Landeigendur athugið

„Mér þætti gaman að komast í samband og jafnvel samvinnu við landeigendur þar sem hægt

er að nálgast rennandi vatn, jafnvel rafmagn og gjarnan þá sem til dæmis eiga hesta, standa í fjárbúskap eða hafa aðgang að heitum uppsprettum, laugum eða veiðiam. Leigja þá landsvæði undir húsakostinn, sem er framandi en bæði spennandi og hentugur íslenskum aðstæðum.“

Kristján leggur ríka áherslu á að fara vel með það landsvæði sem yrði nýtt undir starfseminna enda virðing fyrir umhverfinu honum hjartans mál og kemur það sterklega fram í öllu því sem hann hefur byggt upp og staðið fyrir í gegnum árin.

Þeir sem hafa áhuga mega senda honum línu á netfanginu Kristjan.edwards@tigertops.com eða hafa samband við höfund greinar.

Æ fleiri ferða- og heimamenn vilja njóta þess munaðar að heimsækja staði sem bjóða upp á umhverfissvæna ferðaþjónustu. Þá ekki síst vitandi að bak við fyrirtæki slíkrar þjónustu stendur nafn meðvitaðrar umhverfisvitundar.

Gaman er að líta á vefsíðu fjölskyldufyrirtækis Kristjáns www.tigertops.com enda lofsvert framtak í þágu heimsins.

Enn skemmtilegra verður að fá að fylgjast með velgengni hans á íslenski grund, en án efa fer hér maður með skýra sýn á markmið sitt.

Húsabakki Svarfaðardal



Hótel/gistihús til leigu til lengri tíma - Framtíðarráðstöfun - Tilbúið til rekstrar strax í sumar

- ✓ Allur búnaður til staðar, bókanir sumarsins og bókanarkerfi tengt við Booking.com og Expedia.com.
- ✓ Áður skóli og heimavist. Náttúruperla mitt í fuglafriðlandi Svarfdælinga.
- ✓ Tvö hús, samtals um 1300 fermetrar.
- ✓ Ný vönduð rúm og sængurfatnaður, þvottavélar og góð aðstaða.
- ✓ Möguleiki á heilsársrekstri og búsetu.
- ✓ Framtíðartækifæri fyrir fagaðila og áhugasama með metnað í hóteli og gististarfsemi.

Fasteignamarkaðurinn ehf. – Öðinsgötu 4, 101 Reykjavík – www.fastmark.is – fastmark@fastmark.is
Valhöll Fasteignasala ehf. – Síðumúla 27, 108 Reykjavík – www.valholl.is





Við stækkum fermingargjöfina

Fermingarbörn fá allt að **12.000 króna** mótframlag þegar þau spara fermingarpeninginn hjá okkur.

Við erum betri saman



Husqvarna á Íslandi



Husqvarna FS400
Gólfisög - Sögunardýpt 16,2cm



Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestitöl



Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestitöl



Husqvarna Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestitöl



Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestitöl



Husqvarna LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG



Husqvarna K770
Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K970
Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm



Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm



Husqvarna K7000 Ring
Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm



Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestitöl



Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m² - 40% halli



Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m² - 40% halli



Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m² - 45% halli



Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m² - 45% halli



Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m² - 40% halli

Lifefood:

Fyrsta íslenska grænkerastagerðin

– Framleiðsla úr íslensku hráefni og markmið um sjálfbærni

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Fyrsta starfsleyfið sem veitt hefur verið til grænkerastagerðar fékk nýsköpunarfyrirtækið Lifefood í október á síðasta ári.

Aðdragandinn nær aftur til ársins 2018 þegar þróunarvinna hófst, en fyrirtækið var stofnað af tvennum vinnuhópum, þeim Erlendi Eiríkssyni, Fjólu Einarsdóttur, Ingólfi Þór Tómassyni og Ernu Rán Arnaldsdóttur, árið 2019 í þeim tilgangi að framleiða hágæða osta úr plöntuafurðum. Nú er komið að mikilvægum tímamótum í sögu fyrirtækisins því fyrstu ostarnir eru væntanlegir í tiltekna sérværslanir á næstu vikum.

Erlendur ostagerðarmaður er með sitt tilraunaeldhús í Austurmörk í Hveragerði, en þar hafa þau einnig komið sér upp vinnslurými – og hyggjast stækka framleiðslugetuna umtalsvert á næstu misserum. „Hér er allur tækjabúnaður ýmist notaður og keyptur ódýrt eða við fengið að hirða upp einhvers staðar sem átti að henda,“ segir Erlendur blaðamanni sem tók hús á þeim Fjólu í tilefni tímamótanna.

„Þegar við höfum frétt af hlutum og tækjum sem átti að farga þá höfum við beðið um að fá að hirða þá, lagað aðeins til og svo hafa þeir staðið sig vel hér í okkar aðstöðu.“

Þetta er mjög í anda þeirrar sjálfbærnihugsjónar sem við leggjum upp með í okkar framleiðslu, auk þess erum við tilbúin til að gera næstum hvað sem er til að koma draumnum af stað,“ segir Erlendur.

Tímabæk þróunarvinnna

Vörulína Lifefood er tilbúin, framleiðslan safnast upp í kæluum í Austurmörk og stutt er í að ostarnir fari í verslanir.

Vörutegundirnar grundvallast á tveimur ostagerðargrunnum, þar sem lagt er upp með að nota íslenskt hráefni að mestu leyti. „Annar byggir á aðferð sem ég lærði í Þýskalandi með kasjúhnetum og kókosmjólk, en við höfum lagað að íslenskum aðstæðum og notum kartöflur og haframjól. Svo höfum við verið að prófa að nota í þessum



Erlendur kátur við plaggið um starfsleyfið til grænkerastagerðar, hið fyrsta sem veitt er hér á landi.

grunni rófur og blómkál – sem kemur mjög skemmtilega út. Hinn



Erlendur Eiríksson og Fjóla Einarsdóttir hafa alið með sér draum um veganostafremleiðslu í Hveragerði frá 2018 og nú er komið að því að markaðssetja vörurnar. Hér er Erlendur með kartarellur. Myndir / smh

grunnurinn er fyrir mjúka osta, þar sem kasjúhnetumjól er undirstaðan. Síðan notum við auðvitað gerla fyrir þroskarferli ostanna. Út úr þessum tveimur grunnum koma svo 11 vörutegundir

– mjúkir og harðir ostar sem henta fyrir flest tilefni,“ segir Erlendur sem er einnig með reynslu af ostagerð frá Skyrgerðinni í Hveragerði.

Kartöfluostarnir verða sérstafa grænkerastanna, en þá hefur Erlendur verið lengi með í þróun. Íslenskar kartöflur eru þar grunnhráefni og eins ætlar hann að nota eigin haframjól – sem verður gerð frá grunni – í framleiðsluna. Hann segir að það hafi farið óhemjumikill tími í að þróa eigin osta enda geti tíminn einn skorið úr um ágæti hverrar vörutegundar. Þau ætli líka að skapa sér sérstöðu með því að vera með eins „hreina vöru“ og mögulegt er – með fáum innihaldsefnum.

Gufuinntak í vinnslunni

Sem fyrr segir er lagt upp með markmið um sjálfbærni í framleiðslunni og liður í því er að nýta hveragufuna sem er aðgengileg í Austurmörkinni. „Við erum með gufuinntak fyrir allt húsið. Öll starfsemin verður því knúin með þeirri náttúrulegu orku; ofn og annar tækjabúnaður,“ segir Fjóla.

Hún segir að næstu vikur og mánuðir verði áhugaverður tími hjá þeim. „Við ætlum að markaðssetja vörurnar okkar á næstunni og svo erum við komin í samtalið við mögulega fjárfesta til að skala framleiðsluna upp. Það er ekki alveg ljóst í hvaða verslunum ostarnir verða seldir, en þar koma nokkrar sérværslanir til greina og skýrist fljótlega.“



Vörulína veganostanna

Kartöfluostar

Rauðisterki: Þurrkuð jarðarber og rósablöð úr Hveragerði með smá eldþipar til að gefa þessu kikk.

Villisveppir og truffluolía: Eins og er þá notum við blandaða franska villisveppi og hvíta truffluolíu (jarðsveppaolíu) til að ná fram djúpu og jarðnesku bragði.

Túnffill og graslaukur: Þar sem túnffillinn var notaður sem lækningajurt hér áður fyrr var engin spurning um að þróa einn góðan fallegan sumarost með þessari jurt sem allir kannast við. Svo stráum við heimaræktuðum graslauk yfir.

Hreinn og beinn: Þessi er grunnurinn að jarðeplaostunum. Honum svipar til hefðbundins brauðosts og er frábært á samlokur, í salöt og á heita rétti.

Reyktur og Svartur: Reyktsvört lífræn paprika frá Sólheimum hulin með ávaxtaösku. Spennandi og falleg viðbót á ostabakka.

Ferskostar: Smyrjanlegir og mjúkir ostar úr lífrænum kasjúhnetum með ostagerlum og blöndu af íslenskum kryddjurtum og grænmeti.

Blandað Sólheimagrænmeti: Ferskasta blandaða árstíðarbundna grænmetið sem hægt er að finna og ræktað á lífrænan hátt.

Fjallagrös og kúmen: Íslensk handtínd fjallagrös og kúmen. Bæði gott og stútfullt af heilnæmri næringu íslenskrar náttúru.

Tómatar og basil pestó: Hálfþurrkaðir lífrænir tómatar frá vinnu okkar í Friðheimum ásamt ferskum basil, hvítlauk, næringargeri og kasjúhnetubitum.

Svartur hvítlaukur: Gerjaður svartur hvítlaukur og svartur pipar. Dimmur og smá spæsí.

Mjúkir ostar

Camembert/BrieStyle - Mjúkur og hvítur: Hvítmygluostur sem gerður er eftir hefðbundnum aðferðum ostagerðar en við notum okkar eigin kasjúhnetumjól í stað þess að nota hefðbundna dýramjól í framleiðsluna.

Gráða/Blámygluostur - Blár og bragðmikill: Þessi ostur tekur hvað lengstan tíma að búa til og ná fram besta bragðinu og fallegum bláum línunum. Þess virði að biða eftir! Blámygluostur sem gerður er eftir hefðbundnum aðferðum ostagerðar en við notum okkar eigin kasjúhnetumjól í stað þess að nota hefðbundna dýramjól í framleiðsluna. Til að hækka fituinnihaldið í ostinum notum við lífræna kókosmjólk en kókosbragðið hverfur í þroskaferlinu og ostabragðið tekur yfir á dásamlegan hátt.

KOMDU SKIPULAGI Á HJÓLAGEYMSLUNA



Hjólarekkar frá Falco hámarka nýtingu á fermetrum



HJÓLALAUSNIR

hjolalausnir.is

Góðar stundir



Verð frá
1.167.000 kr.

Sauna
tilbúin til notkunar



Verð frá
220.150 kr.

Heitir pottar
...eða kaldir

trefjar.is

Óseyrarbraut 29, Hafnarfirði



Hafðu samband
550 0100
sala@trefjar.is

SEGWAY Ferða- og vinnutæki

Segway Snarler AT6L fjórhjól

570cc fjörgengismótor
44 hestöfl, 48 Nm tog
2WD/4WD hátt/lágt drif
26" dekk / 14" beadlock felgur
Læsanleg mismunadrif
23 l. bensíntankur
Þyngd 384 kg.
27 cm. undir lágsta punkt
T3b dráttarvélaskráning



Öll Segway tækin eru vel útbúin.

Þau eru öll götuskráð og tveggja manna.
Fjórhjóladrifin með rafmagnsstýri,
góðri fjöðrun, LED ljósum,
rafmagnsspili og dráttarkúlu.

1.899.000 kr. m/vsk.

Verð með vetrarpakka:
(stóru farangursboxi, hita í
handföngum og aksturstölvu):

1.999.000 kr. m/vsk.

Þú finnur allt um tækin og aukahluti á hesja.is

Kópavogur:
546 0415

Akureyri:
415 6415



Afgreiðum tækin á næstu
afgreiðslustöð Samskipa
án aukakostnaðar.

Tækjafjármögnun
í boði á öll tæki.



Mikið úrval fagurra blóma má finna hjá garðyrkjustöðinni Ficus. Ástareldur, gulir páskalyklar og hátíðarliljurnar 'Tete a tete' blasa við, en á síðustu myndinni sjást þær síðastnefndu í kæli.

Gular plöntur í algleymi

– Ræktar 25.000 hátíðarliljur fyrir páska

Mekka pottaplönturæktunar er í Hveragerði. Einungis tveir framleiðendur rækta pottaplöntur allan ársins hring og eru þeir báðir starfræktir í blómabænum. Annar þeirra er Birgir Steinn Birgisson hjá garðyrkjustöðinni Ficus.

Páskarnir eru háannatími hjá Birgi, sem færir tilteknum stórverslunum 25.000 hátíðarliljur 'Tete a tete' til sölu og dreifingar ásamt fleiri fallegum gullitúðum blómum. Birgir ræktar pottaplöntur og sumarblóm og dreifir þeim í umboðssölu í helstu stórmarkaði.

Hátíðarliljurnar 'Tete a tete' eru þeim gæðum gæddar að eftir að þær hafa prýtt hífylli landans er hægt að planta þeim út í garð. Að tveimur árum liðnum koma þær svo upp aftur og blómstra þegar jörð þiðnar.

Birgir ræktar um 250.000 inniplöntur og 150.000 sumarblóm yfir árið. Hann hefur ekki tölu á tegundum og segir að handtökin séu þónokkur. Hann fagnar pottaplöntuáhuga landans, sem sannarlega glæðir heimilin huggulegheitum og tryggir rekstrargrundvöll framleiðenda á borð við hann.

„Á tíu ára tímabili átti fólk ekki að hafa blóm heima hjá sér. Allar auglýsingar í Bo Bedre og Hús&hífylli sýndu sterfl heimili.“ Það reyndust erfið ár fyrir framleiðendur.

„Svo kemur hrúnið. Þá fer fólk meira að spá í hlutina heildrænt. Ungt fólk fór að versla plöntur og gera umhverfi sitt huggulegra en líka til að auðga súrefni á heimilinu. Síðan í hrúninu hefur bæði áhugi og sala á pottaplöntum vaxið.“

Birgir segir þessa tískubylgju í kjölfar hruns ekki tilviljun. „Eldri garðyrkjubændur sögðu alltaf að þegar þjóðfélagið horfist í augu við vandamál þá aukist sala á plöntum. Ég varð var við það í heimsfaraldrinum. Fyrsta mánuðinn seldi ég ofboðslega lítið því enginn fór út úr húsi. En svo jókst salan og ég hef aldrei selt jafn mikið og á því tímabili, enda vildi fólk hafa fallegt heima hjá sér því það þurfti að hanga þar svo mikið.“

Birgir á sér upphaldsplöntu. „Hortensía er drottning blómanna. Hún er erfið, þarf að drekka mikið og lætur ekki gleyma sér. Þú getur fengið hana aftur í blóma með því að hafa hana inni í óupphituðu gróðurhúsi yfir vetur. Hún myndar ný blóm við kulda. Með því að klippa hana svo vel niður í marsmánuði þá tekur hún við sér og blómstrar aftur í júlí eða ágúst.“



Birgir og starfsmenn hans voru í óðaönn að pakka hátíðarliljunum 'Tete a tete' til dreifingar í stórverslunum um land allt. Þær eru þeim gæðum gæddar að eftir að þær hafa prýtt hífylli landans er hægt að planta þeim út í garð.

Kæli- og frystiklefar í öllum stærðum og gerðum

Margar gerðir af vélbúnaði fyrir kæli- og frystiklefa

Mikið úrval af hillum



Kælitækni er leiðandi í sölu og uppsetningu á kerfum með náttúrulegum kælimiðlum





Kælitækni

Járnháls 2 - 110 Reykjavík
Sími 440 - 1800
www.kaelitaekni.is



Hortensíur eru í upphaldi hjá Birgi. Hann ræktar þær í öllum regnbogans litum.



Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborrar



Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14"
Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K4000
Rafmagnssög
Sögunardýpt 12,5cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir



Víkurbær 4 - 203 Kópavogur
Opíð mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Stálgrindarhús fyrir íslenskan landbúnað


- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Henta vel fyrir gripahús, hlöður, reiðhallir og tækja- og vélageymslur.
- Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður.



Yleiningar
Með steinullar eða PIR kjarna



Stálklæðningar
Fjöldi tegunda og lita í boði



H. HAUKSSON EHF.

Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

Saga vélar:

Ung börn eignuðust flugvél

– Hapdrættisvinningur sem átti stuttan en viðburðaríkan feril

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Árið 1947 var fyrsti vinningur í hapdrætti SÍBS fjögurra manna flugbátur af gerðinni Republic Sea-Bee, sem gat lent á landi og vatni. Ung systkini úr Reykjavík áttu vinningsmiðann og gerðust eigendur flugvélar, tveggja mánaða og fjögurra ára gömul.

Upphaf þessa máls má rekja til þess er Samband íslenskra berklastrjúklinga (SÍBS) efndi til mikils hapdrættis til að standa undir kostnaði við byggingu Vinnuheimilisins að Reykjalundi í lok árs 1945. Í fyrstu verðlaun var áðurnefnd flugvél ásamt flugnámi, en einnig var hægt að vinna skemmtibát, jeppa, málverk eftir Kjarval, ferðalög, golfáhöld o.fl.

Í Morgunblaðinu 15. janúar 1946 birtist grein þar sem blaðamaður lýsir hinum „fljúgandi fiskibáti“ og studdist við umsagnir í bandarískum flugvélátímaritum, enda var flugvélin ekki komin til landsins:

„Vjelin lætur betur að stjórn en flestar eða allar sem nú eru fáanlegar. Skrokkurinn gerður með það fyrir augum að fara sem best í sjó. Getur því að fullu gagni gegnt hlutverki skemmtihraðbáts á vötnum og kyrrum sjó. Lyfta má þaki af stefninu fyrir framan klefann, þá vjelin er sest á veiðivatnið, þar er rúm fyrir veiðimenn.“

– Peir munu þá varpa drekanum fyrir borð og taka til við stangarveiði með áhuga miklum og gleðskap, en fráun framreiðir inni í þrúðbúnum klefanum. – Þetta líka indela nesti. (Ó, hvílik sæla að lifa á 20. öldinni miðri og eiga flugbát S.Í.B.S.)“



Björn Björgvinsson, fjögurra ára eigandi flugvélar, árið 1947. Vélin var seld til Flugfélagsins Vængja þar sem hún var notuð í leiguflug og áætlunarflug á Akranes og fleiri minni kaupþún. Hún sökk í Þingvallavatni og var bjargað, en lenti síðar í bruna og endaði sem vinnuskúr. Mynd / Úr einkasafni

Kom á óseldan miða

Útdrátturinn átti upphaflega að fara fram 1. febrúar 1946, en frestaðist til 15. þess mánaðar. Níu ára gömul stúlka, Guðný Sigurjónsdóttir, dró númerin hjá borgarfégeta með bundið

fyrir augun. Flugvélin kom upp á númer 121.477, en í lok mánaðarins kom í ljós að það númer var óselt. Stjórn SÍBS sendi frá sér tilkynningu þess efnis að leitað yrði heimildar um að mega tölusetja merki sín á næsta Berklavarnardegi og nota þau

sem hapdrættismiða svo hægt væri að draga um flugvélinu að nýju, enda var hún „aðalkeppikeflið“. 6. október 1946 hófst sala merkjanna og var söluinni haldið áfram alveg að útdrættinum.

Í auglýsingu í Þjóðviljanum 6. október segir: „S.Í.B.S.-flugvélin er fjöggra manna láðs- og lagðarvél. Fullkonnasta einkaflugvél, sem smíðuð er í Ameríku. Fyrir milligöngu Thors Thors sendiherra hefur loks tekizt að fá vélinu afgreidda og mun hún fara í skip í N.Y. um miðjan nóv [...]. Á Þorláksmessu næstkomandi verður dregið um vélinu og eingöngu dregið úr seldum merkjum. Samtímis verður hún til sýnis á velli og í lofti.“

Erfitt að fá til landsins

Heimildir benda til þess að brösuglega hafi gengið að fá flugvélinu til landsins. Í Þjóðviljanum 29. desember 1946 segir að:

„Vegna misskilnings og lítt skiljanlegra mistaka, varð flugvél SÍBS eftir í New York er leiguskip Eimskipafélagsins fór þaðan, áleiðis til Reykjavíkur, í byrjun þessa mánaðar [...]. Ákveðið hafði verið að draga um vélinu á Þorláksmessu, en nú verður S.Í.B.S., til að fullnægja lögum, að fresta drættinum, þar til vélin er hingað komin [...]. Vonandi eru nú allir erfiðleikar S.Í.B.S. vegna þessarar flugvélar úr sögunni og að þessi ágæti gripur eigi eftir að ryðja brautina til flugferða almennings í eigin vélum, hér á landi.“



Björn og Guðbjörg systir hans unnu flugvélinu í hapdrætti SÍBS. Mynd / Úr einkasafni



Lítill flugmaður klár í flugferð yfir Reykjavík í febrúar 1947. Mynd / Úr einkasafni

Hún kom svo loksins til landsins í byrjun árs 1947. Í Þjóðviljanum 29. janúar 1947 segir: „Flugvél þessi, sem aðeins er nýkomin hingað til lands, er hin vandaðasta og fallegasta. Fór íslenskur flugmaður út til að kynna sér byggingu slíkra flugvéla sem þessarar og hefur hann séð um samansetningu hennar hér. Flugvél þessa fékk sambandið fyrir milligöngu h.f. Flugvirkinn, en það félag hefur umboð fyrir þessar flugvélar. Gekk mjög illa að fá hana, vegna þess að fjöldaframleiðsla á þessari tegund véla er ekki hafin vestra, en fyrir ótula framgöngu forstjóra h.f. Flugvirkinn, Björns Jónssonar, og góða aðstoð sendiráðsins í Washington, gekk það samt vonum fremur.“

- Framhald á næstu opnu

teno spin®

Rúlluplastið
sem bændur treysta

Rúlluplast 2023




Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
buvorur@ss.is - www.buvorur.is

GRÓÐURHÚS - GLERSKÁLAR

Gróðurhús og glerskálar. Mikið úrval gróðurhúsa og glerskála. Fjölmargar stærðir í boði. Sérsmíðum vegghús og stærri skála.

Verð og stærðir á vefsíðunni!



BJÁLKAHÚS - GARÐHÚS

Bjóðum fjölmargar gerðir garðhúsa. Þök, skýli, lítil og stór bjálkahús. Pallaefni, girðingar og sauna tunnur.

Bjóðum mjög góð verð og stuttan afhendingartíma.



 **BK HÖNNUN**
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

www.bkhonnun.is - sala@bkhonnun.is - Sími 571-3535

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Allt frá
fræjum til
afurða

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is



Samhentir



Republic See Bee flugvél frá árinu 1947, sambærileg þeirri sem systkinin áttu, sem var einnig silfurgrá að lit.

Mynd / Daderot – Wikimedia Commons

Má geta þess, að vél þessi er sú 146. sem verksmiðjan byggir, og sú fyrsta, sem seld er úr landi en pantanir á þessum vélum liggja fyrir í tugþúsunda tali.

Dagana fram til sunnudags verður það af merkjunum, sem enn er óselt, selt á götum og á skrifstofu S.I.B.S.“

Margar greinar voru um flugvélinu í dagblöðunum í upphafi árs 1947 og af heimildum að dæma má ætla að SÍBS hafi náð að vekja mikinn áhuga á þátttöku í happdrættinu. Hún var höfð til sýnis, ýmist í Reykjavíkurbíóhöfn eða á flugi yfir bæinn. Einnig mun henni hafa verið flogið til Vestmannaeyja.

„Bæjarbúum verður gefinn kostur á að sjá vélina fram að helgi, ef veður leyfir, því hún mun öðru hvoru fljúga yfir bæinn til að sýna sig og varpa niður flugmiðum,“ segir í Tímanum 29. janúar, en flugmiðarnir giltu sem farmiði í hringflug yfir bæinn.

4 ára drengur tók við flugvél

Dregið var um flugvélinu að kvöldi 1. febrúar 1947 og voru vinningshafarnir Björn Björgvins-son, 4 ára gamall, og óskirð systir hans á fyrsta ári, sem síðar fékk nafnið Guðbjörg. Í Morgunblaðinu 4. febrúar 1947 segir:

„Í gærmorgun var Birni afhent flugvél. Sú athöfn fór fram suður á Reykjavíkurlugvelli [...]. Miðstjórn SÍBS var viðstödd athöfnina. Björn litli kom suður eftir með föður sínum. Drengurinn gekk fyrir forseta SÍBS, Maríus Helgason og afhenti honum happdrættismerkið, nr. 21900, en Maríus sagði drengnum að flugvélina væri hjer með hans eign og systur hans.“

Síðan gekk Björn fyrir alla meðlimi miðstjórnarinnar og þakkaði þeim með handabandi. Síðan var þeim fedgum flogið hjer yfir bæinn og nágrenni hans og þótti drengnum það hin besta skemtun.“



SÍBS seldi tölusett merki Berkla- varnardsins, sem er fyrsti sunnu- dagurinn í október. Mynd / timarit.is

Ballettkennari og fyrrum eigandi flugvélar

Guðbjörg Björgvinsdóttir er annað þeirra systkina sem unnu flugvélinu í febrúar árið 1947. Þá var hún rúmlega tveggja mánaða gömul og bróðir hennar fjögurra ára. „Það eru ekki margir sem hafa unnið flugvél í happdrætti,“ segir Guðbjörg og bætir við að fólk taki gjarnan andköf þegar hún segist vera fyrrum eigandi flugvélar. „Það er gaman fyrir mig að rifja þetta upp og leita eftir því sem ég vissi ekki,“ segir Guðbjörg, en það var lítið rætt um happdrættisvinnuinn í hennar ungdomi.

Sjálf man hún ekki eftir flugvélinni, en hún var heima á meðan pabbi hennar og Björn bróðir tóku við henni á Reykjavíkurlugvelli. Björn mundi ágætlega eftir athöfninni og flugferðinni sem fylgdi í kjölfarið, en hann lést árið 2017. Hann vann sem bankamaður og var síðustu árin starfsmaður hjá Seðlabankanum.

„Vinningurinn kom á miða sem pabbi og mamma höfðu keypt og gefið okkur systkinunum. Ég man vel eftir þessum merkjum, þau voru kringlótt og það var járn á þeim þannig að maður gat smellt þeim á jakkaboðunginn.“

Það er svo greytt í hugann á mér, því þetta var selt í mörg ár á eftir. Ég hef verið að sýna barnabörnunum þetta – þau vissu náttúrulega ekkert að amma hafi átt flugvél. Þetta er skemmtileg saga og ótrúlegt að maður skuli hafa lent í því að eignast þetta,“ segir hin 76 ára Guðbjörg.

Hún rak ballettskóla á Seltjarnarnesi í 37 ár. „Ég byrjaði að kenna innan við tvítugt og það var lífíbrauðið mitt alla tíð. Það eru fleiri þúsund börn sem maður er búinn að kenna í gegnum árin,“ en Guðbjörg lét af störfum fyrir þremur árum.



Í samtali við Þjóðviljann af þessu tilefni sagði Björn: „Ég var hræddur. Vélina renndi sér niður bratta brekku, niður í sand.“

Seld til nýs flugfélags

Tveimur vikum eftir að systkinin eignuðust flugvélinu var hún seld, en kaupandinn var hið nýstofnaða Flugfélag Vængir hf. í Reykjavík, sem var þá eitt af þremur flugfélögum sem störfuðu á landinu.

Á bak við það stóðu Niels Niéls-son formaður, Karl Sæmundsson og Sigurgeir Sigurdórs-son. Í Vísi 12. apríl segir að hún muni verða notuð í hringflug í nágrenni Reykjavíkur og í leiguflug til lengri og skemtri ferða. Þar segir líka að hún sé hentug í veiðiferðir til veiðivatna, ferðalög um óbyggðir landsins og sumarleyfisferðir.

„Að undanfögnu hefir vélinni verið flogið í allmargar ferðir til Heklu með farþega og hefir gefið ágætlega,“ segir í greininni, en skömmu áður hafði eldfjallið byrjað að gjósa.

Á sama stað er skrifað: „Er þess að vænta, að félagið eigi langa og gifturika framtíð fyrir höndum, því að samgöngur í lofti aukast nú hröðum skrefum [...].“ Raunin var sú að eftir skamman feril fataðist Vængjum hf. flugið.

Sumarið 1948 hóf flugfélagið áætlanarflug milli Akraness og Reykjavíkur, en hún þótti henta vel til þess þar sem enginn flugvöllur var á Akranesi. Flugvélin lenti þá á Krossvíkinni og var síðan ekið upp á Langasand. Flugfélagið fékk jarðyту til að hreinsa lendingarsvæðið og var samið við bæjarstjórn Akraness að gætt

yrdi þess að svæðið yrði ekki fyrir ágangi fólks. Langisandur fékk viðurkenningu flugmálastjórnar sem flugvöllur.

Ferðirnar voru venjulega tvisvar til þrisvar á hverjum degi yfir sumartímamann og voru brottfarar- tímarnir breytilegir þar sem þeir réðust af flóði og fjöru. Flugið frá Reykjavík til Akraness tók tíu til fimmtán mínútur og var fargjaldið 35 krónur hvora leið sumarið 1948, sem samsvarar 3.335 krónum á verðlagi dagsins í dag, samkvæmt verðlagsreiknivél Hagstofu Íslands.

Flugfélagið fjölgaði áfangastöðum og fékk aðra litla flugvél til umráða, sem gat þó einungis lent á landi. Í Vísi 18. febrúar 1949 er þess getið að Flugfélagið Vængir hafi flutt 380 farþega árið 1947 og 3.206 farþega árið 1948.

Á sama stað kemur fram að starfsemin hafi legið niðri það sem líðið var af ári vegna illviðra.

Sökk á hestamannamóti

Sunnudaginn 9. júlí 1950 var mikill mannfjöldi á Þingvöllum í tengslum við fyrsta Landsmót hestamanna og bauð Flugfélagið Vængir upp á hringflug um Þingvallavatn og nágrenni. Að kvöldi þess dags hlekkist Sea Bee flugvélinni á í vatninu og sökk.

„Slysið bar að með þeim hætti að flugvélina [...] var nýlent á vikinni utanvert við Valhöll, en rakst á blindsker eða hraunnibbu

í vatninu þegar hún var að keyra eftir því áleiðis í land. Við áreksturinn, sem var allharður kom gat á botn flugvélarinnar og tók hún þá að hallast á vinstri vænginn og seig síðan niður í vatnið á örfáum mínútum. Í flugvélinni voru þrjár farþegar auk flugmanns [...]. Tveir farþeganna og flugmaðurinn komust skjótlega út og voru björgunarhringar handa þeim í vélinni. Þriðji farþeginn sökk með vélinni en fyrir harðfylgi og dugnað flugmanns tókst að ná farþegann út og koma honum á vænginn, sem þá var enn fyrir ofan vatnsborðið,“ segir í Vísi 10. júlí árið 1950.

Farþegar vélarinnar voru ungir piltar og var þeim, ásamt flugmanninum, bjargað eftir að hafa verið í tuttugu mínútur í vatninu og hlutu þeir aðhlyningu í Valhöll.

Umhverfis blindskerði var nokkuð dýpi og snérist flugvélin á hvolf í vatninu. Daginn eftir hófust björgunartilraunir, sem stóðu yfir í nokkra daga. Með vinnu kafara tókst að koma flugvélinni á réttan kjöl og var hjólu komið fyrir svo unnt væri að draga hana á land eftir botninum. Þann 14. júlí var flugvélin komin á þurr og reyndist lítið skemmd.


Lítið er um heimildir um starfsemi Flugfélagsins Vængja eftir þetta, en þann 14. desember 1950 var haldið nauðungaruppboð á báðum flugvélum flugfélagsins og keypti Björn Pálsson þær og hugðist gera Sea Bee vélinu upp. Í ágúst 1955 var stofnað nýtt flugfélag undir sama nafni, en á bak við það stóð annað fólk en hjá forveranum.

Brann og endaði sem vinnuskúr

Þann 18. apríl 1951 kom upp bruni á flugvéla- verkstæði við flugskýli félags einkaflugmanna á Reykjavíkurlugvelli.

Verkstæðið var skúr áfastur flugskýlinu, byggður úr timbri og klæddur að innan með trétexi, og varð aðeldi á svipstundu þar sem loftið var mengað bensínufu. Þarna inni voru vængir Sea Bee flugvélarinnar. Í sjálfu flugskýlinu voru fimmtán flugvélar, ásamt skrokkum flugvéla hans Björns, sem tókst að bjarga. Sea Bee flugvél var í kjölfarið talin ónýtt, því þó tekist hafi að bjarga skrokkum, þá eyðilagðist svo mikið henni tilheyrandi að tjónið var talið óbætanlegt.

Flugvélina var afskráð árið 1952 og endaði flugvéla- verkurinn sem vinnuskúr við húsbyggingu í Kópavogi.



Nokkrum mánuðum eftir að flugvélina sökk var uppboð á eignum Vængja hf.

Mynd / timarit.is



Skólar Þingeyjarsveitar auglýsa eftir starfsfólki

Þingeyjarsveit er landmesta sveitarfélag landsins og státar af einstakri náttúrufergurð og náttúruauðlindum. Sveitarfélagið er sannkölluð útivistarparadís. Atvinnulífið er öflugt með fjölbreyttum möguleikum, m.a. í ferðapjónustu, landbúnaði og matvælaframleiðslu. Aðstaða er fyrir hendi fyrir störf án staðsetningar. Þingeyjarsveit leggur áherslu á umhverfismál og sjálfbæra nýtingu auðlinda ásamt blómlegu mannlífi.

Íbúar Þingeyjarsveitar eru rúmlega 1400 talsins og í sveitarfélaginu eru starfandi þrjú skólar, hver og einn samrekin leik- grunn- og tónlistarskóli með nemendum frá eins árs til 16 ára. Ekki má gleyma Framhaldsskólanum á Laugum í Reykjadal. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu.

Skólar Þingeyjarsveitar leggja áherslu á að búa nemendum og starfsfólki fjölbreytt leik- náms- og starfsumhverfi sem auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra. Mikið samstarf er milli námshópa innan skólana og teymiskennsla öflug. Skólar Þingeyjarsveitar eru í góðu samstarfi við nágrannaskóla sína og samfélagið í sveitinni. Áhersla er á umhverfismennt og heilsueflandi skólastarf. Skólarnir hafa lagt rækt við ríkar tónlistarhefðir.

Lausar stöður eru við skóla Þingeyjarsveitar næsta skólaár. Við leitum að fólki sem:

- Er umhugað um velferð barna og hlúir að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins.
- hefur afburða góða samskiptahæfni og metnað til að takast á við fjölbreytt verkefni með nemendum.
- hefur áhuga á skólaþróun og skapandi kennsluháttum.
- er jákvætt og sveigjanlegt, sjálfstætt í vinnubrögðum og sýnir frumkvæði.
- er samstarfsfúst og lausnamiðað, tilbúið að takast á við ný og spennandi verkefni í samstarfi og teymisvinnu.
- er með viðeigandi menntun eða menntun sem nýtist í starfi.

Umsóknafrestur um stöðurnar er til 1. maí og skal umsóknum skilað til viðkomandi skólastjóra. Umsókn þarf að fylgja ferilskrá og afrit af leyfisbréfi ef við á. Gerð er krafa um hreint sakavottorð.

Stórutjarnaskóli stendur í Ljósavatnsskarði og er með um 45 nemendum á leik- og grunnskólaaldri.

Við Stórutjarnaskóla eru lausar stöður:

- Leikskólakennara/leiðbeinanda í 50-100% afleysingastarf til eins árs á leikskóladeild skólans.
- Skólaliða í 100% starf.

Möguleiki er á húsnæði á staðnum.

Áhugasamir þurfa að geta hafið störf 15. ágúst 2023. Nánari upplýsingar veitir Birna Davíðsdóttir skólastjóri í síma 4643220/8483547 eða í gegnum netfangið birnada@storutjarnaskoli.is

Þingeyjarskóli í Aðaldal er með um 100 nemendum á leik- og grunnskólaaldri, þar af rúmlega 30 leikskólanemendum á tveimur starfsstöðvum.

Við Þingeyjarskóla eru lausar stöður:

- Íþróttakennara í 100% starf frá 1. ágúst 2023.
- Skólaliða í 80-100% starf.
- Stuðningsfulltrúa við leikskóladeildina Barnaborg í 100% starf. Staðan er laus nú þegar.
- Leikskólakennara við leikskóladeildina Barnaborg í 100% starf frá 1. ágúst 2023.

Möguleiki er á húsnæði á staðnum.

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri í síma 4643580 /8990702 eða í gegnum netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is

Reykjahlíðarskóli í Mývatnssveit er með um 40 nemendum í 1.-10. bekk og tæplega 30 nemendum í leikskólanum Yl.

Við Reykjahlíðarskóla eru lausar stöður:

- Umsjónarkennara á yngsta stigi í 100% starf- afleysing til 1. árs
- Umsjónarkennara á unglingsstigi í 100% starf - afleysing til 1. árs
- Íþróttakennara leik-og grunnskólans í 50-60% starf - afleysing til 1. árs
- kennara í upplýsinga og tæknimennt í 30-40% starf - afleysing til 1. árs
- Smíðakennara í 20% starf frá 1. ágúst 2023.
- Leikskólaliða á leikskólann Yl í 50-80% starf. Staðan er laus nú þegar.
- Leikskólakennara í 80-100% starf. Staðan er laus nú þegar.
- Leikskólakennara í 80-100% starf frá 1. ágúst 2023.

Nánari upplýsingar veitir Anna Sigríður Sveinbjörnsdóttir skólastjóri í síma 4644375 eða í gegnum netfangið anna@reykjahlidarskoli.is





Pau Bjarni og Kristín hafa átt í góðu samstarfi með þeim Óskari og Ásu, fyrrum eigendum Hjarðartúns. Hér á góðri stundu á Landsmóti, f.v. Bjarni, Kristín, Arnhildur Helgadóttir á Völu frá Hjarðartúni, Klara Sveinbjörnsdóttir á Dagmar frá Hjarðartúni, Birgitta Bjarnadóttir á Dimmu frá Hjarðartúni, Óskar og Ása Margrét Jónsdóttir. Mynd / Louisa Lilja

alveg nýr gagnabanki fyrir honum,“ segir Kristín og Bjarni bætir við: „Ég skrifaði doktorsritgerð þar sem við þróuðum tölfraeðiaferð til að meta líkur á langtíma endingu munngerva. Þessi aðferð líkist BLUP útreikningum. Við notumst mikið við tölfraedi á bak við okkar ræktun og höfum sett okkur ákveðin skilyrði sem við reynum að halda í vali á stóðhestum og ræktunahrýssum,“ segir Bjarni en hugmyndafræðin hjá þeim er mjög einföld; rækta undan hryssum sem eru með ákveðna útgeislun og fyrstu verðlaun fyrir byggingu og hæfileika, mæður þeirra og ömmur þurfa líka að standast sömu kröfur.

„Þetta er mjög feminísk ræktunarstefna en þetta er ekki flókið, ef þú horfir á tölfraedi þá skiptir hryssan bara svo gríðarlega miklu máli. Stóðhesturinn getur ekki

þjargað öllu, ég hef reiknað út alls konar í tengslum við hrossaræktina og við vöndum valið vel. Það er kannski engin tilfinning í þessu – en það er mikil tölfraedi,“ segir Bjarni og brosir.

Kristín er nú kannski ekki alveg sammála þessu en oft fara hestar sem hrífa þau í brautinni á listann yfir líklega hesta til undaneldis. Blaðamaður bendir þeim á að margir af bestu hestunum hafi nú orðið til undan lágt skrifuðum hrossum og er Bjarni snöggur að svara því.

„Það köllum við tilviljunargæðinga en samkvæmt mínum útreikningum eru ekki nema 7% líkur, eða 1 af 18, á því að það gerist. Orri frá Þúfu, sem er án efa mesti kynbótahestur allra tíma, er dæmi um tilviljunargæðing undan ósýndri hryssu þannig að sem betur fer eru ekki allir að beita tölfraedinni eins og við.“

Langt fram úr villtustu útreikningum

Á Landsmóti síðasta sumar var Sindri frá Hjarðartúni sýndur. Sindri, sem er ræktaður af Óskari en í eigu þeirra Kristínar og Bjarna, sló hæfileikamet Spuna frá Vesturkoti og Arion frá Eystra-Fróðholti og er nú hæfileikamesti íslenski hesturinn. Hesturinn var sýndur af Hans Þór Hilmarssyni en hann og kona hans Arnhildur Helgadóttir eru bústjórar í Hjarðartúni.

„Við kaupum Sindra veturgamlan og þegar við tókum hann inn til framtamningar létum við hann hlaupa í reiðhöllinni. Okkur leist strax vel á hann. Hann þróaðist vel og vorum við Hansi farnir að gera okkur vonir um að hann færi kannski einhvern tímann yfir 9,0 fyrir hæfileika. Að hann myndi slá metið ímyndaði ég mér aldrei,“



Í kjölfar hestaferðar árið 2004 keyptu hjónin sitt fyrsta hross.



Sindri frá Hjarðartúni og Hans Þór Hilmarsson í verðlaunaafhendingu á Landsmóti þar sem Sindri stóð efstur í flokki 7 vetra og eldri stóðhesta. Mynd / Henk Petersen

segir Bjarni og Kristín skýtur inn í að hans villtustu útreikningar hefðu aldrei komist að þessari niðurstöðu.

„Það var alveg merkilegt að fá að upplifa þetta. Ég sat í brekkunni og hreifst svo af hestinum. Síðan allt í einu í miðri sýningu þá fattaði ég að þetta var hesturinn minn. Ég get alveg tárast yfir fallettu tölti en að sjá hest getur oft snert listrænar taugar hjá mér, bara eins og þegar maður hrífst af fallettri tónlist eða einhverju slíku. Þarna greip hann

mig alveg,“ segir Kristín. Þau Bjarni eru ævintýrlega ánægð með árangur Sindra og ræktunarbúsins síðustu ár en Hjarðartún hefur verið tilnefnt sem ræktunarbú ársins þrjú ár í röð.

„Gallinn við þetta hjá okkur er kannski að þetta hefur byrjað aðeins of vel. Til að ná góðum árangri þá þarftu góða aðstöðu, góðan hestakost og gott samstarfsfólk. Við höfum verið ótrúlega heppin með allt þetta þrennt. Ef eitthvað af þessu er ekki í lagi þá er þetta aldrei að fara virka.“

FÖRST™
Rely on it



SKANNAÐU MIG!

**MEIRI KRAFTUR
MEIRI AFKÖST**

Kynntu þér einn vinsælasta trjákulara Evrópu. Hreinir Garðar er umboðsaðili Först á Íslandi.



**HREINIR
GARÐAR**

hreinirgardar.is
571-2000



Mikill fjöldi er af traktorum og merkilegum búvélum.



Anna Heiða Baldursdóttir (t.v.) starfar við rannsóknir og skrásetningu við Landbúnaðarsafn Íslands, en hún lauk nýlega doktorsprófi í sagnfræði. Ragnhildur Helga Jónsdóttir (t.h.), safnstjóri, starfar jafnframt sem aðjúnt við Lbhí.

Mikilvægt að læra af sögunni

„Ef við lærum ekki af sögunni erum við oft að brenna okkur á sama soðinu,“ segir Ragnhildur aðspurð um mikilvægi safnastarfs. „Gripirnir sem voru smíðaðir og settir saman í Ólafsdal segja okkur mikið um hvernig staðan var þá um þekkinguna. Sama með gripri frá miðri tuttugustu öld og gripri frá deginum í dag. Þetta segir líka hvert aðgengið er að hráefnum til að búa til þessa muni. Nú eru miklar samfélagsbreytingar í gangi og kannski getum við tekið eitthvað af þessum eldri gripum og þróað þá áfram. Úti í safni erum við með lítið tæki sem býr til blómapotta úr mold, þannig að við þurfum ekki plastið.“

Þetta þótti úrelt þegar plastið kom, en núna sjáum við vandann sem því fylgir. Við eigum að varðveita söguna og læra af henni til frambúðar.“

Laxveiðar og landbúnaðurinn

Landbúnaðarsafnið einblínr núna á sögu laxveiða. „Við erum í rannsóknarvinnu og síðan er einn partur af þessu að setja upp sýningu þar sem við gerum grein fyrir hvernig þetta hefur breyst.“

Þetta þróaðist frá því að vera hugsað sem öflun matar og undirstaða fyrir fæðuöryggi þjóðarinnar og yfir í það að þetta er orðið sport.

Við fórum í þetta og fáum til þess styrki vegna þess að þessi nýtingarpartur og mannlífið í kringum þetta hefur ekki verið gerð skil annars staðar,“ segir Ragnhildur.

„Þetta er eins og lítið snjóbolti sem byrjar að rúlla – frá því að Bjarni Guðmundsson rak þetta að hluta til í sjálfböðavinnu, yfir í að við getum ráðið inn verktaka

í afmörkuð verkefni, upp í að vera komin með fastráðinn starfsmann núna og erum við tvær að nálgast eitt stöðugildi samtals. Það gefur möguleika á að halda áfram og kannski getum við undirbyggt fyrir enn þá fleiri rannsókni. Vonandi verður rannsóknavinnan enn veigameiri partur af rekstrinum heldur en hefur verið.“

Hins vegar verður það aldrei þakkað hversu óþreytandi Bjarni hefur verið í að skrásetja þessa þekkingu og upplýsingar sem hann hefur, sem eru gríðarlega mikil verðmæti fyrir allt og alla,“ segir Ragnhildur.

Anna Heiða bætir því við að lokum að stefnt sé að halda upp á áttatíu ára afmæli Bjarna Guðmundssonar í sumar með því að efna til málþings í ágúst undir heitinu „Landbúnaður í gegnum safn og skóla.“



Dýrmætustu munir safnsins láta ekki mikið yfir sér. Það eru hin svokölluðu Ólafsdalsverkfæri sem smíðuð voru á ofanverðri 19. öld.

Þráinn frá Flagbjarnarholti IS20221181608



Þráinn frá Flagbjarnarholti

Þráinn fer frábærlega vel af stað sem kynbótahestur og hefur þegar skilað gæðingum til dóms. Þráinn gefur heilt yfir geðgóð, stór og falleg hross með góða framhæð. Töltið er mjúkt og skrefmikið og mörg vel vökur. Afkvæmin virka samstarfsfús og eru upp til hópa gæf og forvitin. Þráinn hefur sjálfur sannað sig og náð mögnuðum árangri í kynbótadóm (Ae. 8,95) og keppni (F1.-7,73 / A-fl.- 8,91).

Þráinn frá Flagbjarnarholti verður í sæðingum og hólfi hjá Guðríði í Reykjadal við Flúðir frá miðjum júní og fram á haust. Upplýsingar um notkun í Reykjadal veitir Jón William í síma: 847 8130 og um netfangið: gudridur88@gmail.com

Pantanir og upplýsingar gefur þórarinn í síma 891 9197 og á netfangið: totieymundsson@gmail.com



Frísk frá Prestsbæ
4. sæti flokki 4 vetra hryssna á LM2022
Aðaleinkunn 8,11



Þrá frá Lækjarmóti
2. sæti flokki 4 vetra hryssna á LM 2022
Aðaleinkunn 8,33



Vala frá Syðra-Garðshorni
1. sæti flokki 4 vetra hryssna LM2022
Aðaleinkunn 8,39

- 1) Fyrsta keppni í fimmgangi
- 2) Kynbótadómur 2018. Ae. 8,95
- 3) Einstakur persónuleiki



MENNING



Særa Sigurður Ægisson við völvuleiði að Reykjum í Mjóafirði, í forgrunni.

Mynd / Halldór Halldórsson

Menningarminjar:

Völvur og völvuleiði

Í Eddukvæðum er talað um völvur, kynngimagnaðar konur sem taldar voru búa yfir margs konar vitneskju. Þekktust er umfjöllum um þær í Völuspá og Baldurs draumum, auk þess sem þeirra er getið víða í Íslendingasögnum. Völvur voru taldar geta séð ókomna atburði og örlög manna.

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Særa Sigurður Ægisson, sóknarprestur á Siglufirði, er að vinna að bók um völvur og völvuleiði á Íslandi. „Völvur voru konur sem tengdust norrænum átrúnaði eða svokallaðri ásátrú, sem er rangnefni, því Vanir komu líka við sögu. Fólk sem vildi fræðast um komandi tíma gekk meðal annars til slíkra kvenna. Þær voru fjölkunnugar og

sögðu fyrir örlög manna og óorðna hluti. Af fornum heimildum má ráða að völvur hafi á 8., 9. og 10. öld verið algengar á Norðurlöndum og Grænlandi, en tekið að fækka upp úr því, við tilkomu hins nýja siðar, kristinnar trúar. Ég hef samt efasemdir um að slíkt hafi gerst hér fyrir en löngu síðar,“ segir Sigurður.

Rannsóknir á völvum

Fornleifafræðingar hafa verið að rannsaka völvur mikið erlendis, endurmeta eldri, þekkt kuml og grafa

upp ný, þannig að mikil gróska er í þessum fræðum og verður eflaust lengi áfram.

„Þetta hófst upp úr 1995,“ segir Sigurður, „ef ég man rétt. Þeim finnst líklegt að sumar þessara dysja séu í raun og veru völvuleiði, grafir þessara fornu sjáenda og í sumum tilvikum seiðkvenna, sem lesa má um í fornritum okkar. Þetta er mjög spennandi.“

Völvur hafa bersýnilega verið mjög virtar áður fyrr og ríkulega búnar, enda þáðu þær laun fyrir þjónustu sína í perlum og slíku. Lýsingin á Þorbjörgu lítillölvu, í Eiríks sögu rauða, styður þetta. Þetta á að gerast í kringum árið 1000 en er sennilega skráð um 1300. Þar segir meðal annars:



Rúnasteinn á völvuleiðinu í Leyningshólum í Eyjafirði. Mynd / Sigurður Ægisson.

„Í þennan tíma var hallæri mikið á Grænlandi; höfðu menn fengið lítið þeir sem í veiðiferðir höfðu farið, en sumir eigi aftur komnir.“

Sú kona var þar í byggð er Þorbjörg hét. Hún var spákona; hún var kölluð lítillölvu. Hún hafði átt sér nú systur og voru allar spákonur og var hún ein eftir á lífi.

Það var háttur Þorbjargar á vetrum að hún fór á veislur og buðu menn henni heim, mest þeir er forvitni var á um forlög sín eða árferð. Og með því Þorkell var þar mestur bóndi þá þótti til hans koma að vita hvenær létta mundi óarani þessu sem yfir stóð. Þorkell býður spákonu þangað og er henni búinn góð viðtaka sem siður var til þá er við þess háttar konu skyldi taka. Búið var henni hásaeti og lagt undir hægindi. Þar skyldi í vera hænasaferi.

En er hún kom um kveldið og sá maður er í móti henni var sendur þá var hún svo búin að hún hafði yfir sér tyglamöttul bláan og var settur steinum allt í skaut ofan. Hún hafði á hálsi sér glertölur. Hún hafði á höfði lambskinnskofra svartan og við innan kattsinn hvítt. Staf hafði hún í hendi og var á hnappur. Hann var búinn messingu og settur steinum ofan um hnappinn. Hún hafði um sig hnjóskulinda og var þar á skjóðupungur mikill. Varðveitti hún þar í töfur þau er hún þurfti til fróðleiks að hafa. Hún hafði kálfskinnskó loðna á fótum og í þvengi langa og sterklega, látínshnappar miklir á endunum. Hún hafði á höndum sér kattsinnsglöfa og voru hvítir innan og loðnir.“

Þess má geta, að samkvæmt Grágás var kattarsinn margfalt verðmeira en refaskinn. Það segir ýmislegt.

Völvuleiði á Íslandi

Sigurður segist hafa frá árinu 1985 verið að safna upplýsingum um völvuleiði á Íslandi. Oft er þar um að ræða hóla, steina, þúfur í túni eða óreglulegar þústir.

„Völvuleiðin eru mörg eystra og með suðausturströndinni en fækkar eftir því sem norðar og vestar dregur. Alls hef ég fundið í örnefnaskrá, bókum og í öðrum heimildum 63 völvuleiði á um 50 stöðum. Um flest þessara völvuleiða er lítið vitað, en örfáum fylgja þó sagnir, munnlegar eða ritaðar.“

Þar kemur stundum fram, að sá, sem hressi við leiðið ef það er farið að láta á sjá, eða haldi því við, fái einhvern glaðning eða happ í staðinn. Kunnasta frásögnin af slíku er líklega frá Kálfafellsstað frá því skömmu fyrir 1900, í tíð séra Péturs Jónssonar, þegar mikið tré rak á fjörur landareignarinnar og úr því var reist timburhús á Kálfafellsstað, 14 álna langt og 7 álna breitt, einlyft með porti. Það stóð fram yfir 1950.

Mörg völvuleiðanna eru því miður týnd, og það fyrir ekkert svo löngu, mörg hurfu á 20. öld, sum í ógáti, önnur við ábúendaskipti og einnig vegna þess að land var brotið til ræktunar, og vitneskja um mörg önnur er að glatast, nema þá hin allra kunnustu, svo sem á Hólmahálsi í Reyðarfirði, í Einholti á Mýrum, í Norður-Vík í Mýrdal og á Felli og einhver fáein í víðbót, þar á meðal í Leyningshólum inni í Eyjafirði.

Tíminn er með öðrum orðum að hlaupa frá okkur hvað þetta varðar. Þetta er að glatast. Það má ekki gerast. Þetta eru menningarminjar.

Við bjóðum nú sérsniðnar gúmmímottur í ýmsum gerðum fyrir allar gerðir gripahúsa. Flestir eru sammála að steipt undirlag er ekki náttúrulegt fyrir kúr og getur valdið því að þeim líði illa og framleiði þar af leiðandi minna magn af mjólk.

Motturnar eru sérskornar fyrir hvert verkefni fyrir sig og fer því nánast ekkert til spillis auk þess sem fljótlegt er að leggja þær á gólfíð.

Hafðu samband: bondi@byko.is



Listamaðurinn Herdís Arna ásamt nokkrum verka sinna.

Grafískur mínimalismi Herdísar Örnú:

Með hækkandi sól

Á dögunum fóru fram vetrardagar Akraness þar sem menning var í háumæli. Boðið var m.a. upp á flot- þerapíu, erindi um lífríki borg- firsku áanna, kyrrð og íhugun í Akraneskirkju og karóíkivöld svo eitthvað sé nefnt.

Gestir Akraness nutu því heldur betur örvunar allra skynfæra enda buðu Vetrardagarnir einnig upp á nokkurt úrval sýninga áhugaverðra listamanna. Meðal þeirra var Herdís Arna Hallgrímsdóttir, grafískur hönnuður, sem var við nám og störf á vestrströnd Bandaríkjanna.

Þessi fyrsta sýning Herdísar hérlandis *Fyrst vetur, svo vor*, var málverkasýning innblásin af komandi vori, blómum framtíðar og hækkandi sól – eins og hún sjálf komst að orði. Einkennið nokkur hluti verkanna mínimalískan

stíll nútímans og gaman að sjá færni listamannsins, sérstaklega í mannamyndum.

Seldist helmingur mynda hennar á Vetrardögum og verður gaman að fylgjast með þessum upprennandi listamanni. Aðspurð segir Herdís að hún hafi ákveðið að láta slag standa, tekið áskorun um að ganga í það að setja upp sýningu og gekk eftir að húsnæði var auðfengið og því ekkert að vanbúnaði. Fannst henni nauðsynlegt að fagna hækkandi sól eftir langan vetur og sér fyrir sér að næsta sýning verði fyrir en síðar.

Hefur Herdís augastað á Vökudögum Akraness sem haldnir eru í októberlok og ættu þá áhugasamir aldeilis að fylgjast með, þá ekki síst þeir sem langar að gefa persónulegt listaverk í jólagjöf!

/SP

Upplýsingar um völvuleiði

Upphaflega ætlaði Sigurður að skrifa BA-ritgerð í þjóðfræði um þessi völvuleiði, veturinn 1997–1998, en af því varð ekki, aðallega sökum þess að honum varð ljóst að hann gæti ekki náð utan um þau öll á þeim tímamarki. Lokaverkefnið varð því annað. Hins vegar skrifaði hann grein um þau í Lesbók Morgunblaðsins 1992, sem vakti athygli enda málið forvitnilegt. Hún bar yfirskriftina: *Sagnir og minjar um Völvuleiði á Íslandi*.

„Mig langaði hér að nota tækifærið að athuga hvort lesendur Bændablaðsins viti deili á einhverjum völvuleiðum og þá jafnvel hvort einhverjar nýrri sagnir tengjast þeim, eitthvað undarlegt sem átt hefði sér stað nærri þeim. Ekkert slæmt endilega, heldur eitthvað illskiljanlegt.“

Ég veit sjálfur um nokkra slíka atburði og varð vitni að einum. En ég má ekki ljóstra of miklu upp á þessari stundu. Bókin er hins vegar væntanleg á markað í vetrarbyrjun.“

Sigurður biður fólk sem geti liðsinnt honum að senda sér tölvubréf á sae@sae.is eða hafa samband í síma 899-0278. „Ég tek fagnandi við öllum upplýsingum, jafnvel þótt ég kunnist vita af hinu eða þessu völvuleiðanna. Maður getur alltaf á sig blómum bætt. Og góð vísa er aldrei of oft kveðin.“



Ert þú með fjárgæslu í sauðburðinum ?

Eigum tilbúna myndavélalausnir sem sniðnar eru að þörfum bænda.

Tími sauðburðar er að hefjast, því er fjárgæsla í fjárhúsum oft mikil hagræðing.

Myndavélnar er hægt að nota með snjallsíma, spjaldtölvu eða venjulegri heimilistölvu.

Myndavélnar eru hreyfanlegar, rakaheldar og ljósnæmar, þannig að þær virka vel í líttillri birtu og eru líka með innrauða lýsingu, fyrir algert myrkur.

Lausnirnar eru sniðnar af þínum þörfum og afhentar tilbúna til uppsetningar.

Heyrðu í okkur í síma 4144400 eða sendu póst á sala@icecom.is

Við finnum lausn sem hentar þér og aðstoðum við uppsetningu.



LAUSNIR Á LAGER

Þar sem allt snýst um gæði

Drifbúnaður, legur, keðjur og reimar frá SKF.

Smurkerfi frá Lincoln.



LANDVÉLAR | SMÍÐJUVEGI 66 | 580 5800 | LANDVELAR.IS

Tökustaðastjóri bankar upp á

– Tökustaðastjórinn Róbert Garcia á í nánú samstarfi við bændur

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



Tökustaðastjórinn Róbert Davíð Garcia sleit barnsskónum með annan fótinn í ávaxtagarði föðurforeldra sinna á Spáni. Í dag sér hann meðal annars um að útvega dýr í kvikmyndir og fá þau til að láta að stjórn. Slíkir hæfileikar kalla oftar en ekki á bæði þolinmæði og útsjónarsemi við bæði menn og dýr.

„Sem barn og unglingur fór ég til föður míns og fjölskyldu í spænsku sveitina á sumrin og var þá mikið í að hjálpa afa mínum sem ræktaði ávexti, var svona svolítil kaktusávaxtabóndi. Ætli þar hafi áhugi minn á plöntum og landbúnaði ekki kviknað,“ segir Róbert, sem einnig hafði ánægju af því að stússast í blómum með ömmu sinni.

Leiðir hans lágu svo í Landbúnaðarháskólann þar sem hann þreifaði fyrir sér á hinum ýmsu brautum Endaði þó á landgræðslubraut. Í dag er tenging hans við sveitir landsins aðallega í gegnum kvikmyndaíðnaðinn þar sem hann hefur starfað í um það bil 15 ár. Róbert sem starfar að stærstum hluta sem tökustaðastjóri, hefur sl. ár, samhlíða því, útvegað þau dýr er þarf við tökurlíkmynda og þátta og séð um að þau hegði sér á þann hátt sem óskað er eftir.

„Ég hef alltaf átt auðvelt með að umgangast dýr, enda ógrynni katta, hunda og hesta sem hafa fylgt mér gegnum árin. Það þarf bara að taka ljúflega á þeim, ákveðið auðvitað, en þannig að þau viti hver ræður og að þau eigi að hlýða.“

Kallar þó nokkur hluti starfs hans á samskipti við bændur landsins auk þess sem hann sér til þess að unnið sé í samvinnu við



Það má spyrja sig hver sé stjarnan á þessari mynd, Róbert eða öskuþakin kindin sem var í einu aðalhlutverki þáttaraðarinnar Kötlur.

MAST og dýralækna og öll að leyfi séu til staðar, enda mikil ábyrgð sem fylgir því að fá aðgang að dýrum til að nota við tökurlíkmynda.

Góð samvinna

„Ég held, og er eiginlega alveg sannfærður um, að ég sé búinn að banka upp á á öðrum hverjum sveitabæ sem fyrirfinnst á Íslandi. Vinnan mín felst afskaplega mikið í því að banka upp á á sveitabæjum,“ segir Róbert og glottir.

„Það er ótrúlegt, að eftir smáspjall er manni oftast tekið opnum örmum með hlýleika og vinsemd sem ég er þakklátur fyrir, enda heilmikil samskipti sem þurfa að vera við heimamenn þegar kvikmyndir eru teknar upp úti á landsbyggðinni. Starfið mitt felur í sér að vera í samskiptum við þá aðila sem áhuga hafa á að mynda, ég fer í kjölfarið og finn ýmsa valmöguleika sem gætu hentað við tökurlíkmynda. Langoftast er þetta úti á landi og því þarf ég að vera í góðum samskiptum



Hundinum Pöndu frá Tjörneshreppi leist vel á Róbert og varð þeim vel til vina.



Við tökurlíkmynda á verðlaunamyndinni Dýrinu.

Myndir / Aðsendar

við bændur úti um allt land. Passa upp á leyfamál og að allt gangi vel fyrir sig, en ég sé svo einnig um frágang og góða umgengni. Ég hef unnið að flestum stóru verkefnum sem hafa verið hérlendis á síðustu árum, aðallega sem tökustaðastjóri en einnig oft séð um að útvega og þjálfa þau dýr sem eru í tökunum.“

Róbert minnst þess að við gerð myndarinnar Héradíð, sem fjallar um stöðu bændasamfélagsins gegn alvaldi kaupfélagsins, fékk hann það hlutverk að banka upp á á öllum

mjólkurbúum á vesturhelmingi Íslands, þar sem söguþráðurinn kallaði á róbótafjós.

„Það er ekki sjálfgefið að fólk vilji hleypa sextíu manna kvikmyndaökuliði í fjósið sitt í mánuð, auk þess að veita alls kyns ráðgjöf og aðstoð. Þetta tók mig um tvær vikur. Ætli ég hafi ekki heimsótt þrjú fjós á dag, þá allt frá Reykjavík til Vestfjarða, en myndin var svo tekin upp að mestu á rjómabúinu Erpsstöðum í Dölum, á Hvammstanga og Blönduósi.



Þeir eru reffilegir félagarnir, Róbert og bóndinn Guðlaugur Einarsson á bænum Ysta-Skála undir Eyjafjöllum, en sá síðarnefndi lagði til kindur í þáttaraðina Kötlur.

BYSSUSKÁPAR

NYTT



Fyrir 24 byssur

kr. 169.900

Eldtraustur



Fyrir 3 byssur

kr. 36.900



Fyrir 7 byssur

kr. 55.900



Fyrir 10-12 byssur

kr. 67.900

Vesturröst

Laugavegi 178 - Sími: 551 6770 - www.vesturroest.is



Grænlenkir sleðahundar frá tökum á myndinni Against the Ice.



Kísan Carlos frá Öxnadal situr hér í makindum sínum og tekur stöðuna.

Með heimalninga undir hendinni

Róbert starfaði einnig við kvikmyndina Dýrið, sem sópaði til sín Edduverðlaunum á síðasta ári.

Myndin fjallar um hjón sem búa á sveitabæ í afskekktum dal. Þau una vel við sitt, en í sauðburðinum fæðist lamb sem er að hálfu leyti manneskja.

„Mynda þurfti öll atriði tvisvar þar sem dýrið kom fyrir, þá til jafns lamb svo og lífið barn eða brúða. Lambið var þannig aðalhlutverk myndarinnar þannig að ég þurfti, ásamt félagamínnum, að finna níu kollótt hvít lömb. Við fengum heimalninga sem þurfti að temja með hraði – svo þau yrðu ekki of gömul til þess að passa í hlutverkin. Settum á þau fullorðinsbleyjur og gáfum þeim að borða úr lófanum á okkur - og svo þvældust þau bara með okkur inn í hús og alls staðar yfir sumarið. Nokkur heldust úr lestinni og er upp var staðið stöðu þrjú eftir sem meðfærilegust voru. Þetta var mjög áhugavert ferli og sá ég einnig um að meðhöndla þau í tökum, halda þeim uppi og sjá til þess að þau hreyfðu höfuðin þegar það átti við og annað. Lömbin eru annars á góðum stað í dag, orðin svolítið villt og aftengd mönnum,“ segir Róbert.

Hlutverk dýranna eru auðvitað misjöfn og engin regla á hve mörg eru fengin hverju sinni. Róberti er ofarlega í huga verkefni við þættina Kötlu þar sem hinn ástsæli Ingvar Sigurðsson leikur mikinn kattaunnanda, eiganda hátt í 30 katta. Við það tilefni var leitað eftir ógrynni katta í tökuna – sem er ekki endilega það auðveldasta – og gæta þurfti þess að hver köttur væri á sínum stað þegar hlé voru, á milli þess sem tekið var upp. Það tókst allt að lokum og senan mörgum áhorfendum og tökuliði minnisstæð. Þáttaröðin fjallar um hvernig þorpsbúar Víkur í Mýrdal takast á við lífið eftir umrót samnefnds eldfjalls. Ári eftir gos eru einungis örfáir ábúendur eftir, sem eftir bestu getu takast á við daglegt líf en fara þó ekki varhluta af öskufallinu frekar en dýrin. Þá helst kindur sem léku þar stór hlutverk, þaktar ösku. Ítrekar

” Við settum á þau fullorðinsbleyjur og gáfum þeim að borða úr lófanum á okkur ...“

Róbert að fyllstu ábyrgðar hafi verið gætt við myndatökur, unnið hafi verið í samvinnu við MAST auk dýralækna og öll leyfi til staðar, en eftir tökurnar voru kindurnar rúnar og sleppt í haga.

Kalkúnar í spretthlaup

Í annað skipti við tökum á mynd Baltasars Kormáks, Against the Ice, sem er byggð á sannsögulegum atburðum, þrekaun tveggja pólfara sem urðu innlyksa á Grænlandi, komu bæði hópur sleðahunda, refur, hrafn og kalkúnar við sögu.

Þar vann Róbert bæði í því að finna tökustaði, líta til með sleðahundunum, hrafninum og refnum, auk þess sem hann fékk kalkúnana til þess að hlaupa spretthlaup milli ísjaka á Demantastöndinni rétt við Jökulsárlón, en líta áttu út fyrir að þeir væru eltir af örmagna veiðimanni.

Atriðið var þó því miður klippt út, en ekki er annað hægt að segja en að lífið sé ævintýralegt í heimi tökustaðastjórans, sem með lagni og þolinmæði verður reynslunni ríkari.

Grænt bifreiða- verkstaði

■ HJÓLASTILLINGAR
■ SMURÞJÓNUSTA
■ VARAHLUTIR
■ PÓSTÞJÓNUSTA
■ BILANAGREINING
■ VIÐGERÐIR

Við leggjum áherslu á að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar.

Við vinnum samkvæmt ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðli.

Viðurkenndur þjónustuaðili

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS

587 1350 bifkop.is

valborgfs.is

LAXEYRI Í BORGARBYGGÐ

Atvinnuhúsnæði

VALBORG

FASTEIGNASALA

TILBOÐ

Tvö fiskeldishús samtals 1.613 fm til sölu að Laxeysi í Borgarbyggð með aðgengi að umtalsverðu magni af heitu og köldu vatni ásamt stækkunarmöguleikum.

Húsin standa á 5,9 ha leigulóð úr landi jarðarinnar Stóra-Áss. Fasteignirnar geta hentað fyrir margs konar atvinnustarfsemi. Byggingarnar voru nýttar fyrir seiðaeldi til ársins 2016.

María Sigurðardóttir
Viðskiptafræðingur
Lögg. fasteignasali
Sími 820 1780
maria@valborgfs.is

Nánari upplýsingar veitir:

Noátún 17 | 105 Reykjavík | valborg@valborgfs.is | Sími 419 7900

MÁLMSTEYPA

Þorgríms Jónssonar ehf.

MIÐHRAUNI 6 • 210 GARÐABÆR • SÍMI 544 8900
www.malmsteypa.is • m@malmsteypa.is

Við höfum endurunnið járn og framleitt vörur fyrir Íslenskan iðnað og bæjarfélög síðan 1944

Í DEIGLUNNI



Víti er sprengigígur á Kröflusvæðinu sem varð til við gufusprengingar eftir að bergkvika braut sér leið inn í jarðhitakerfið í upphafi Mývatnselda 1724-1729.

Krafla:

Borað í bergkvikuna

Gert er ráð fyrir að boraðar verði tvær holur við Kröflu sem tengjast rannsóknum á mörkum jarðhita og bráðinnar bergkvikunnar. Önnur nær ofan í bergkvikuna. Mynd / GEORG.

Krafla er virkt eldstöðvakerfi skammt frá Mývatni og þar stendur ein elsta gufuaflsvirkjun landsins. Kerfið er um eitt hundrað kílómetra langt og tíu kílómetra breitt og eitt mest rannsakaða eldfjallasvæði í heimi. Verkefnið Krafla Magma Testbed (KMT) felst í að bora ofan í bergkvikuna við Kröflu og koma þar fyrir mælitækjum til að dölum aukna þekkingu á tengslum jarðhita og bergkviku og kanna möguleika á nýtingu þess mikla varma sem í kvikunni felst. Verkefnið er gríðarlega umfangsmikið og fyrsta sinnar tegundar í heiminum.

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Auk þess að gera rannsóknir á bergkvikunni stendur til að byggja upp alþjóðlega rannsóknarmiðstöð í jarðhitafræðum með aðstöðu fyrir vísindamenn við Kröflu, fræðslumiðstöð og efla samstarf við skóla og íbúa nærumhverfisins.

Fjallið Krafla og umhverfi þess flokkast sem megineldstöð sem þýðir að þar gjósi reglulega úr kvikuhólfi eða hólfulum undir svæðinu. Síðustu gos við Kröflu urðu á árunum 1975 til 1984 en talið er að gosskeið sem enn stendur yfir hafi byrjað fyrir um 3000 árum.

Krafla Magma Testbed

Hjalti Páll Ingólfsson, framkvæmdastjóri GEORG, rannsóknaklasa í jarðhita, sem rekur verkefnisstofu fyrir verkefnið. GEORG er samstarfsvettvangur 24 fyrirtækja og stofnana, bæði innlendra og erlendra.

„Verkefnið er gríðarlega metnaðarfullt og kostnaðarsamt og í

dag er gert ráð fyrir að það muni kosta rúmlega 120 milljón dollara þegar allt er talið. Því þurfa margir að koma að verkefninu til að fjármagna það og ein besta samlíking við umfang þess er að það sé svipað og þegar ákveðið var að senda Hubble sjónaukann á sporbaug um jörðu á sínum tíma.“

Hjalti segir að stefnt sé að því að rannsóknarmiðstöðin sem fáið vegna verkefnisins verði almennt opnar og því eigi vísindamenn um allan heim að geta notfært sér þær í sínum rannsóknum.

„Eins er stefnt að því að rannsóknarinnviðirnir sem byggðir verða upp í Kröflu verði gerðir aðgengilegir vísindasamfélaginu í gegnum ákveðið umsóknafæri. Þannig verði rannsóknahópum gert kleift að koma hingað norður og nýta innviðina og gera rannsóknir sem samræmast vísindastefnu KMT.“

Einstakar rannsóknir

„Rannsóknirnar sem stefnt er að við Kröflu eru einstakar á heimsvísu,“ segir dr. Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur við Háskóla Íslands, „það sem meira er, þá er



Stjórn og aðstandendur Krafla Magma Testbed verkefnisins. Anette Mortensen, Landsvirkjun, John Ludden, formaður stjórnar KMT verkefnisins, Bjarni Pálsson, Landsvirkjun, Hjalti Páll Ingólfsson, framkvæmdastjóri GEORG, John Eichelberger, háskólanum í Fairbanks, Alaska, Paolo Papale, INGV Ítalíu, Amel Barich, GEORG, Björn Þór Guðmundsson, GEORG, Freysteinn Sigmundsson, Háskóla Íslands, Vordís Eiríksdóttir, Landsvirkjun, Yan Lavallee, Ludwig Maximilian háskólanum í München og Jónas Ketilsson, Landsvirkjun. Myndir / VH

svæðið eina svæðið í heimi þar sem hægt er að framkvæma þær. Ástæðan fyrir því er að Landsvirkjun boraði ofan í kvikuhólf árið 2009 á rétt tæplega tveggja kílómetra dýpi. Kvikuhólfið var talsvert grynna undir yfirborðinu en búist hafði verið við og í dag eini jaðar kvikuhólfs í heiminum sem er hægt að staðsetja með mikilli nákvæmni þar sem góðar aðstæður eru til

frekari rannsókna. Við stefnum að því að bora tvær rannsóknarholur niður að mörkum jarðhita og bráðinnar bergkviku og koma þar fyrir mælitækjum. Önnur þeirra mun ná niður í efsta lag kvikunnar og meðal annars mæla hitastig þar og upp í rætur jarðhitakerfisins. Búist er við að hitinn sé allt að 900° á Celsíus og kvikan fljótandi. Í seinni holunni verða gerðar rannsóknir til

að greina betur möguleika á beinni nýtingu varmans sem í kvikunni er og þeim tæknilegu áskorunum sem því fylgja.“

Gamall draumur

Dr. John Eichelberger, prófessor í eldfjallafræði við háskólann í Fairbanks í Alaska, segir að hann hafi lengi dreymt um að bora ofan



Hjalti Páll Ingólfsson, framkvæmdastjóri GEORG, rannsóknaklasa í jarðhita.



Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur við Háskóla Íslands.



John Eichelberger, prófessor við háskólann í Fairbanks í Alaska.



Vordís Eiríksdóttir, jarðeðlisfræðingur og forstöðumaður jarðvarmareksturs hjá Landsvirkjun.



Dr. Bjarni Pálsson, forstöðumaður þróunar jarðvarma hjá Landsvirkjun.



Sjálfskavarviti varð til vegna yfirþrýstings og samfalls í borholu KG-04 við Kröflu.

í bergkvikuna. „Ég gerði tilraun til þess á Havaí fyrir mörgum árum en það mistókst. Aðallega vegna þess hversu erfitt er að staðsetja kvikuna neðan jarðar. Þegar ég frétti að slíkt hefði verið gert og það fyrir tilviljun við Kröflu fór ég strax að skoða málið og sá að aðstæður þar voru einstakar til slíkra rannsókna þar sem vitað var hvar kvika lá og grunnt niður á hana.“

Eichelberger, sem er einn af hugmyndafræðingunum á bak við Krafla Magma Testbed verkefnið, segir að niðurstöðurnar sem úr því munu fást komi til með að breyta kennslubókum framtíðarinnar í jarðfræði.

Lán í óláni

Landsvirkjun hefur nýtingarrétt á jarðhita á Kröflusvæðinu og rekur virkjunina.

Krafla er ein elsta gufuaflsstöð landsins með 60 MW í uppsett afl. Dr. Bjarni Pálsson, forstöðumaður þróunar jarðvarma hjá Landsvirkjun, segir að fyrirtækið styðji verkefnið meðal annars með því að veita KMT aðgang að svæðinu og rannsóknaniðurstöðum sem fyrirtækið hefur öðlast við borun á yfir 40 háhitaborholum á svæðinu undanfarna hálfu öld.

„Við boruðum fyrir tilviljun niður í kviku fyrir nokkrum árum og í stað þess að loka holunni leyfðum við henni að blása og framkvæmdum þær rannsóknir sem hægt var að gera. Í framhaldinu fórum við að skoða mælingar úr eldri holum og niðurstaðan var sú að þetta var líklega ekki í fyrsta

sinn sem það hefur gerst. Segja má að það hafi verið lán í óláni að bora í kvikuna því þrátt fyrir að holan eða holurnar hafi ekki nýst vitum við hvar þær eru og mögulegt að í framtíðinni sé hægt að vinna úr þeim mikla og umhverfisvæna orku.“

Bjarni segir að svo það verði mögulegt verði að rannsaka virkjunarmöguleikana vel og að ef allt gengur upp megi gera ráð fyrir að holur sem boraðar verða í jarðlög nærri kvikuinnskoti muni geta skilað allt að tíu sinnum meiri orku en þær holur sem virkjaðar eru í dag.

Nærumhverfið

Vordís Eiríksdóttir, jarðeðlisfræðingur og forstöðumaður jarðvarmareksturs hjá Landsvirkjun, segir að ekki sé nóg með að rannsóknirnar sem á að gera séu spennandi heldur sé ekki síður áhugavert að taka þátt í þeim verkefnum sem tengjast nærumhverfinu og sveitunum í kring.

„Hér gætu skapast tækifæri til að setja upp fræðslumiðstöð í jarðfræði og rannsóknamiðstöð í jarðhita- og eldgosfræði. Samhliða því er hugmyndin að vinna með skólum á svæðinu og gefa börnum tækifæri á að koma og kynnast jarðfræði og þeirri starfsemi sem hér fer fram. Á sama tíma vonumst við til að almennur áhugi á Kröflusvæðinu aukist og að hingað sæki fleiri ferðamenn og að það hafi jákvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu í sveitinni.“

Allt fyrir búreksturinn

Bovisal fyrir nautgripi

Keto Bovisal
Bættifni fyrir mjólkurkúr og æt. minnkar líkur á surdoða.

Bovisal® Pearls^{cap}
Bættifni til að meðhöndla og fyrirbyggja doða í kúm. Langvirkandi kalk.

Phosphor Bovisal
Til að bæta kúm upp fofórskert. Fyfir fyrir bata eftir doða.

Rumen Bovisal
Bættifni til að minnka líkur á surdoða hjá nautgripum, sauðfé og geitum. Styrkir vambastarfsemina.



Selen Fyrir lömb, kálfa og kíðlinga

Chevivit E-Selen R
Inniheldur A-vítamín, E-vítamín, D3-vítamín og selen.

- Orvar kynþingarávörðun
- Getur fyrirbyggjandi stöðugur
- Stuðlar að auknu ónæmi
- Getur flýtt fyrir þroska
- Hraðar efnaskiptum í viðvum
- Einstaklega góð uppþaka
- Mjög bragðgott
- Hákvæm skammtadæla
- Tilbúð til nokunar

Chevivit E-Selen V
Inniheldur E-vítamín og selen.

- Mjög hátt hlutfall af vítamínum og seleni
- Tívaldið til að gefa fyrir burð og sæðingu
- Hefur eflandi áhrif á ónæmskerfi nautgripa
- Auðvelt að gefa

Handmjaltatæki

- Fyfir ær og hryssur
- Sjálfrækt sog
- Til að safna broddi
- Til að létta á bólgju
- Til að mylja í lömb



Frekari upplýsingar á www.kb.is

BÚREKSTRARDEILD

Kaupfélag Borgfirðinga svf.
Egilsheiti 1 - 310 Borgarnesi
Sími: (354) 430 5500
Netfang: kb@kb.is
www.kb.is



BETRI ÁRANGUR MEÐ JOSILAC íblöndunarefni



Öll verð eru án vsk. Verð miðast við bréf (150g)

20% AFSLÁTTUR Í FORSÖLU

Gildir til 30. apríl

JOSILAC Ferm - 10.190 kr. - 20% afsl. 8.152 kr.

JOSILAC Classic - 9.390 kr. - 20% afsl. 7.512 kr.

Eykur fóðurgæði | Betri inntaka | Meiri meltanleiki | Heilbrigðari kýr | Betri afkoma

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is



Wendel
Stofnað 1957

STAURAHAMAR FRÁ HYCON

FRÁBÆRT VERKFÆRI
TIL AÐ REKA NIÐUR
GRÍÐINGASTAURA

Tangarhöfða 1 - 110 Reykjavík - 551-5464
www.wendel.is - wendel@wendel.is

MENNING

Jarðvegur og íslensk náttúra:

Mold ert þú

Moldin fæðir og klæðir íbúa heimsins. Íslenskur jarðvegur er einstakur á heimsvísu, frjór en viðkvæmur – órofa hluti af íslenski náttúru.


Í bókinni *Mold ert þú* fjallar dr. Ólafur Arnalds um jarðveg frá mörgum ólíkum hliðum.

Ólafur segir að bókinni byggji á reynslu og þeirri þekkingu sem hann hefur aflað sér í námi og við rannsóknir og kennslu allt frá því að hann tók þátt í viðamiklum beitarilaunum sem starfsmaður Rannsóknastofnunar landbúnaðarins frá árinu 1976, síðan í námi í jarðvegsfræði í Bandaríkjunum og í störfum allar götur síðan.

„Þau störf hafa meðal annars miðast við að skilgreina og kortleggja jarðvegsrof á Íslandi en einnig að rannsaka eðli jarðvegsins á Íslandi sem hefur getið af sér jarðvegskort af landinu. Í bókinni er lögð áhersla á moldina sem hluta af vistkerfum og náttúru landsins. Fjallað er um vatnshringrásina og af hverju moldin gegnir lykilhlutverki við verndun vatns og miðlun þess. Kolefni í mold fær mikið rými, enda gegnir jarðvegur afar mikilvægu hlutverki fyrir hringrás gróðurhúsalofttegunda auk þess að stuðla að frjósemi vistkerfa. Meira er af kolefni í mold en gróðri og andrúmslofti samanlagt.“

Mold frá mörgum hliðum

Mold ert þú er efnismikil, stór og glæsileg bók þar sem fjallað er um jarðveg og umhverfismál frá mörgum hliðum. Bókin skiptist í þrjá meginhluta, grunnþætti jarðvegsfræðinnar, íslenska mold og umhverfið. Veitt er innsýn í eiginleika jarðvegs, jarðveg á Íslandi og varpað er ljósi á tengsl moldarinnar við náttúru landsins og stöðu vistkerfa.



Sagt er frá afgerandi áhrifum frosts á náttúru landsins og mótun landslags.

Sandur og uppfok fær einnig rými, enda telst landið vera með mikilvirkustu uppsprettum ryks á jörðinni, sem mótar vistkerfi um land allt, veðurfar og jafnvel frjósemi hafsvæðanna umhverfis landið.

Fjallað er um landhnignun út frá hnattrænum sjónarmiðum sem og rætur hennar. Síðan er fjallað um áhrif landnýtingar á vistkerfi hér á landi sem annars staðar í heiminum og hrúni íslenskra vistkerfa er gefinn sérstakur gaumur. Síðast en ekki síst er fjallað um nauðsyn þess að endurheimta vistkerfi, enda er þessi áratugur helgaður vistheimt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Fróðleg bók

Bókin er prýdd miklum fjölda ljós- og skýringamynda sem unnar voru af Fjólu Jónsdóttur og sem auka enn á innsýn lesenda á efninu. *Mold ert þú* er fróðleg bók fyrir alla sem áhuga hafa á náttúrufræði auk þess sem hún ætti að nýtast við kennslu í náttúru- og umhverfisfræðum auk jarðvegsfræði.

/NH



Kirkjan sem Samúel Jónsson bóndi reisti á Brautarholti í Selárdal eftir að að sóknarnefndin vildi ekki hafa altaristöfluna sem hann hafði málað í Selárdalskirkju. Myndir / Félag um listasafn Samúels

Listasafn Samúels Jónssonar í Selárdal:

Steyptir draumar

Samúel Jónsson, bóndi á Brautarholti í Selárdal í Arnarfirði, er einn þekktasti alþýðulistamaður sem Ísland hefur alið. Félag um listasafn Samúels var stofnað fyrir 25 árum í þeim tilgangi að vernda verk hans.

Á þessum tímamótum kemur út bókinn *Steyptir draumar* um líf og list þessa sérstæða listamanns.

Samúel Jónsson, 1884 til 1969, var bóndi í Selárdal í Arnarfirði og í Krossadal í Tálknafirði. Hann ólst upp við kröpp kjör, var lengi vinnumaður í Selárdal en myndlist heillaði hann alla tíð.

Sjálflærður í listinni

Samúel var sjálflærður í listinni, en sem ungur maður teiknaði hann talsvert og málaði með vatnslit og olíulit. Listaferill hans hófst ekki fyrir alvöru fyrr en hann hafði efni á að kaupa sement fyrir elliífeyrinn í þeim tilgangi að reisa listasafn og höggmyndagarð og svo bættist kirkja við, með býsönskum turni sem hann byggði einn síns liðs, kominn hátt á áttáttáldur. Þá kom vel í ljós að Samúel var mikill verkfræðingur í sér. Kirkjuna reisti Samúel þegar sóknarnefndin vildi ekki þiggja altaristöflu sem hann hafði málað fyrir Selárdalskirkju.

Höggmyndagarður, listasafn og kirkja

Í þessari áhugaverðu bók er fjallað um líf og list Samúels og birtar myndir af verkum hans sem flest eru í



Altaristafla sem sýnir upprisu Krists. Máluð af Samúel Jónssyni bónda í Selárdal og varðveitt á Listasafni ASI.




einkaeigu, en mörg hafa glatast. Einnig eru birtar myndir sem sýna Samúel á síðustu árum hans á Brautarholti þar sem hann byggði höggmyndagarð, listasafn og kirkju.

Jafnframt segir frá endurreisnarstarfinu frá því Félag um listasafn Samúels var stofnað 1998. Ólafur J. Engilbertsson er ritstjóri bókarinnar. Gerhard König skrifar um sýn og aðferðir Samúels og ásamt Kára G. Schram skrifa þeir um endurreisnarstarfið.

Bókin er 160 blaðsíður að stærð, innbundin og í stóru broti og prýdd fjölda ljósmynda. Hún fæst í helstu bókaverslunum og hjá útgefendum, Listasafni Samúels og Sögumiðlun. Allur ágóði af sölu bókarinnar rennur til áframhaldandi viðgerða á verkum Samúels. Nánari upplýsingar um Samúel og listasafnið er að finna á vefnum samuelssafn.is. /NH

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Gullvör


– Hjartgóður vættur í Hrafnkelsdal

Snorri Aðalsteinsson, fyrrverandi trillusjómáður frá Höfn í Hornafirði, hefur sent frá sér ljóðabók sem hann kallar *Gullvör*.

Að sögn Snorra veitti einveran á miðunum honum oft gott næði til að setja saman ljóð í bundnu máli og þrátt fyrir að hann hætti á sjó héldu ljóðin á ram að verða til. Í bókinni er að finna bæði ljóð og lausavísur á íslensku og ensku.

Heitið *Gullvör* er rakið til hjartagóðs verndarvætis sem heldur til í Hrafnkelsdal í Múlapingi og gengur suður úr Jökuldal. Vætturinn er ábuendum og ekki síst börnum í dalnum hjálparhella þegar á þarf að halda og þykir það góðs vottur vitjst *Gullvör* einhverjum í draumi.

Í kynningu segir að Snorri sé fæddur og uppalinn í Vaðbrekku í Hrafnkelsdal og að bókin líti dagsins ljós í framhaldi þess að frændi hans, Ragnar Ingi, frá sama bæ hafi kvatt hann til að gefa hana út. /NH



Bændablaðið kemur næst:
27. apríl



Flytjendur Passíusálmanna á góðviðrisdegi í Garði Einarssonar. Frá vinstri: Margrét Halla Jóhannesdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir, Halla Guðmundsdóttir, Steinunn Jóhannesdóttir og Jakob Þór Einarsson.

Mynd / Hilmar Þorsteinn Hilmarsson

Fyrstu eiginhandarritin fóru til fjögurra kvenna

– Passíusálmarnir fluttir á föstudaginn langa

Passíusálmur Hallgríms Péturssonar verður fluttur í heild sinni í Hallgrímskirkju á föstudaginn langa, 7. apríl. Fimm flytjendur skipta milli sín lestrinum og vísar samsetning lesara til sögu innreiðar sálmanna í Þjóðlíf Íslendinga.

Lesarar að þessu sinni verða fimm, einn karlmaður og fjórar konur: Jakob Þór Einarsson, Halla Guðmundsdóttir, Halla Margrét Jóhannesdóttir og Svanhildur Óskarsdóttir auk umsjónarmanns, Steinunnar Jóhannesdóttur. Flutningnum er skipt í sex hluta og á milli þeirra er leikið á orgel kirkjunnar. Tónlistin er í höndum organista Hallgrímskirkju og kórstjóra, þeirra Björns Steinars Sólbergssonar og Steinars Loga Helgasonar.

„Passíusálmarnir eru eitt notadrygsta og mikilvægasta verk íslenskrar bókmenntasögu. Þeir urðu helsta íhugunar- og huggunarrit þjóðarinnar nánast frá því þeir tóku að birtast í uppskriftum og á prenti á seinni hluta 17. aldar. Passíusálmarnir urðu tæki Íslendinga til að eiga samtál við sál sína,“ segir Steinunn Jóhannesdóttir, rithöfundur og leikstjóri, sem hefur umsjón með viðburðinum.

„Samsetning flytjendahópsins að þessu sinni er hugsuð sem vísun til þess hvernig Passíusálmarnir héldu innreið sína í Þjóðlíf Íslendinga. Karllesarinn er hugsaður sem fulltrúi skáldsins, en konurnar fulltrúar fyrir þær fjórar konur sem Hallgrímur sendi fyrstu eiginhandarritin af Passíusálmunum. Þær hétu

Ragnhildur Árnadóttir frá Ytra-Hólmi, Helga Árnadóttir í Hítardal, Kristín Jónsdóttir í Einarssnesi og Ragnheiður Brynjólfssdóttir í Skálholti. Hallgrímur gerði þessar konur að fyrstu kynningarfulltrúum sínum fyrir skáldverkið.“

Passíusálmarnir eru að sögn Steinunnar dramatískt, trúarlegt skáldverk, samið af sjaldgæfri leikni og valdi á viðfangsefninu, bæði að innihaldi og fjölbreytni í bragarháttum. Þeir voru ortir til flutnings við tiltækar aðstæður og hafa sem slíkir lengi freistað tónlistarfólks sem og flytjenda talaðs máls.

Fljótlega eftir vígslu Hallgrímskirkju á Skólavörðuholti voru Passíusálmarnir fluttir í heild sinni á föstudaginn langa. Frumkvæði að þeim flutningi hafði Eyvindur Erlendsson, leikari og leikstjóri, og lagði þar með grunninn að þeirri hefð sem hefur staðið nær óslitið síðan. Hefðin hefur svo breiðst út til kirkna víða um landið.

„Mikill fjöldi lesara hefur tekist á við verkefnið sem eftirsóknarvert þykir að glíma við. Það verður enginn samur maður á eftir, sem tekur þátt í heildarflutningi Passíusálmanna,“ segir Steinunn.

Hún hefur tvisvar áður stjórnað flutningi Passíusálmanna í Hallgrímskirkju, en einnig nokkrum sinnum í Hallgrímskirkju í Saurbæ og víðar. Steinunn flutti Passíusálmanna í Ríkisútvarpinu árið 2021.

Flutningur Passíusálmanna hefst í Hallgrímskirkju kl. 13 á föstudaginn langa, 7. apríl. Honum lýkur kl. 18.15.

/ghp



SERES 3

Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

Verð 5.350.000,-

Við auglýsum svo sannarlega ekki “verð frá”.

RAG

import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM
ALDREI
„VERÐ FRÁ“

ERTU KLÁR Í ÆVINTÝRIN?

GOES AODES



GOES X-WOLF 700

NÝTT GOES
HJÓL!



GOES X-WOLF 700
TVEGGJA MANNA
FJÓRHJÓL 4X4

Kynningarverð:
1.690.000 kr
m/vsk



aflvelar.is

Öll fjórhjól eru traktorsskráð T3b
Verð geta breyst án fyrirvara



ODES 650, 850, 1000

STYRKUR OG
KRAFTUR!



ODES 650
TVEGGJA MANNA
FJÓRHJÓL 4X4

Verð:
1.690.000 kr
m/vsk

ODES 850
TVEGGJA MANNA
FJÓRHJÓL 4X4

Verð:
1.990.000 kr
m/vsk

ODES 1000
TVEGGJA MANNA
FJÓRHJÓL 4X4

Verð:
2.230.000 kr
m/vsk

AFLVÉLAR



TRAUSTUR SAMSTARFSADILI

Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is



Kristján og Kjartan eru ekki snjallmennir á netinu

Þeir eru til í alvörunni og vita allt um rafgeyma fyrir landbúnaðartæki – og almennt flest um vörur fyrir tæki og fyrirtæki.

Hringdu í vini og fáðu tilboð hjá fyrirtækjapjónustu Olís, í síma **515 1100**, eða á olis.is.

Fyrirtækjapjónusta Olís

Alvöru fólk með alvöru þekkingu og reynslu

olis



Oddur 21-539 í Lækjarbug í Hraunhreppi.



Þór 20-398 á Gilsbakka í Hvitársíðu.

Stöðvahrútar sem áttu flesta syni í afkvæmarannsóknunum 2022

Hrútur	Fjöldi sona	Hrútur	Fjöldi sona
Hyrndir		Kollóttir	
Viðar 17-844	23	Fennir 19-857	15
Glitnir 19-848	18	Fálki 17-8219	
Rammi 18-834	15	Viddi 16-820	8
Mjólnir 16-828	14	Móri 13-9827	
Kostur 19-849	12		
Stapi 16-829	8		
Búi 15-822	8		
Amor 17-8317			
Völlur 18-835	7		
Sammi 16-841	7		
Börkur 17-842	6		
Dólgur 14-836	6		
Durtur 16-994	6		

Tafla 3. Stöðvahrútar sem áttu flesta syni í afkvæmarannsóknunum 2022.

Fremri- Gufudal á hins vegar átta syni og þrjú þeirra ná að standa efstir á sínum heimabúum. Fálki 17-821 frá Bassastöðum á þarna nýu syni og ná þrjú þeirra að standa efstir í samanburði við félagi sína. Afkvæmarannsóknir hjá bændum hafa gegnt mikilvægu hlutverki í ræktunarstarfinu í sauðfjárrækt um árabíl. Margofn hafa niðurstöður úr einstökum rannsóknunum beint kastljósinu að efnilegum hrútum sem síðar hafa endað sem stöðvahrútar. Þátttaka í þessu starfi hefur verið nokkuð breytileg eftir landsvæðum

og fer sá munur síst minnkandi. Það virðist orðið tímabært að endurhugsa svoltið framkvæmd þessa mikilvæga þáttar þannig að hann skili enn betri árangri bæði fyrir einstök bú og ræktunarstarfið í heild. Á þessu ári verður framkvæmdin þó sú sama og verið hefur því afkvæmarannsóknir hefjast í upphafi fengtíma ár hvert og því þegar búið að koma af stað efniviði í afkvæmarannsóknir fyrir haustið 2023.

Árni Brynjar Bragason,
ráðunautur hjá RML.

ÓMISSANDI Í SAUÐBURÐINN

Icevet
Dýraheilsa

LAMMBOOST OG FLORYBOOST eru fæðubótarefni sem verka styrkjandi og efla ónæmiskerfi unglamba. 100% náttúrulegar vörur sem löngu hafa sannað sig. Auðvelt í notkun, þarf ekki að blanda og kemur með íslenskum leiðbeiningum.



FLORYBOOST

Floryboost stuðlar að jafnvægi þarmaflórunnar og saltbúskap líkamans þegar meltingartruflanir gera vart við sig.

Verndar þarmana – Viðarkol og leir sem draga í sig eiturefni

Kemur jafnvægi á saltbúskap líkamans – Natriumklóríð,

magnesiumklóríð, kaliumklóríð og fosfót

Eykur orku – Dextrósi

Styrkir erta slímhúð – Nauðsynlegar olíur unnar m.a. úr rósmaríni, cajeput, tímóteí og thymol



LAMMBOOST

Lammboost er fæðubótarefni sem er auðugt af broddmjólk og næringarefnum og er sérstaklega hannað með þarfir lítilla og létttra lamba í huga.

Heilbrigð þarmaflóra – Mjólkursýrugerlar

Eflir ónæmiskerfið – Broddur

Örvandi – Jurtakraftur (kóla, gúarana)

Eykur líkamlegan styrk – Flókin samsetning vitamína og járns

Eykur orku – Nauðsynlegar fitusýrur, glúkósi, þriglyseríðar

Nánari upplýsingar hjá dýralæknum og umboðsaðila www.dyraheilsa.is



STYRKIR TIL LOFTSLAGSVERKEFNA:

Vorviður

Stuðningur við skógrækt féлага og samtaka

UMSÓKNARFRESTUR TIL 15. APRÍL!

UPPLÝSINGAR OG UMSÓKNIR:

www.skogur.is/vorvidur



CFMOTO fjórhjólin fást hjá okkur

CFMOTO 520



Kr. 1.599.000,-
Án vsk. Kr. 1.289.516,-

CFMOTO 625



Kr. 1.979.000,-
Án vsk. Kr. 1.595.967,-

CFMOTO 1000



Kr. 2.690.000,-
Án vsk. Kr. 2.169.355,-

Öll hjólin eru með beinni innspýtingu, rafmagnstýri, spili, dráttarkrök, handahlífum, sætisbaki, háu og lágu drifi með læsingu. Vökvabremsum, álfelgum og eru tveggja manna traktorsskráð.

Nánari upplýsingar á www.nitro.is - Gleðilega páska.

NITRO

Nitro - Urðarhvarfi 4 - 557 4848
Nánari upplýsingar á nitro.is

ákveðnum skráningarþáttum, þá kom lyfja- og sjúkdómaskráning oftast upp.

Notkun á Lamb Snjallforriti

Eins og áður hefur komið fram var spurt um notkun á Lamb Snjallforriti. Af þeim sem svöruðu könnuninni voru 40 sem sögðust vera notendur að Lamb Snjallforriti eða tæplega 10% af þátttakendum. Rúmlega 11% þátttakenda sögðust hins vegar hafa prófað Lamb Snjallforrit en væru ekki lengur notendur, flestir gáfu upp þá ástæðu að þeir teldu forritið ekki hafa nýst sér sem skyldi. Notendur Lamb Snjallforrits voru langoftast að nýta sér þörun við örmerki, skráningu á sauðburði og þungaskráningu á haustin og nefndu þá jafnframt þessa þætti sem helstu kosti við forritið.

Næstu skref

Út frá niðurstöðum notenda könnunar Fjávís má draga þá ályktun að sauðfjárbændur kalli sterkt eftir því að Fjávís þróist úr því að vera fyrst og fremst skráningarkerfi yfir í að vera verkfæri sem bændur geta notað sem vinnutæki við dagleg störf með notkun í gegnum snjalltæki og með samskiptum við jaðartæki s.s. örmerkjalesara. Sú krafa kemur sterkast fram hjá yngri bændum á stærri búum.

Sú útgáfa af Fjávís sem notendur vinna með í dag var opnuð í mars árið 2015. Forritið eins og það er í dag er barn síns tíma og hefur ekki náð að fylgja eftir þeirri þróun sem hefur orðið t.d. í því hugbúnaðarumhverfi sem Fjávís er forritið í. Tíð mannskipti á forriturum sem unnið hafa að Fjávís hefur einnig gert það að verkum að ekki hefur náðst nægjanlega góð samfella í þróun á forritinu. Fyrir ári síðan var samið við Stefnu hugbúnaðarhús um vinnu við Fjávís, fyrst til reynslu en síðan til áframhaldandi vinnu við skýrsluhaldskerfið í ljósi þess frábæra árangurs sem sú vinna hefur skilað. Á síðasta ári var lögð áhersla á það að klára ýmis verkefni sem hafa setið á hakanum í lengri eða skemmri tíma. Einnig var lögð mikil vinna í að geta lesið inn arfgerðagreiningar úr átaksverkefnum í riðuarfgerða- greiningum inn í Fjávís og að gera notendum kleift að vinna með þær. Nú í byrjun þessa árs

var áhersla lögð á að aðlaga kerfið að nýjungum í vinnslu kynbótamats og birtingar á þeim. Það er hins vegar ljóst að nauðsynlegt er að fara í uppfærslu á kerfinu áður en lagt er í frekari vinnu við þróun. Því verður lögð áhersla á það næstu vikur að uppfæra forritunarmál Fjávís. Það þýðir að öll nýsmíði verður tímabundið lögð til hliðar. Sem dæmi um það má nefna að ný útgáfa af vorbókum verður að bíða þar til uppfærsla hefur verið gerð þannig að nýjar vorbækur koma ekki núna heldur fyrir árið 2024.

Það er auðvitað leiðinlegt að þurfa að láta löngu tímabærar breytingar bíða örlítið lengur en áætlað var en á hinn bóginn mun uppfærsla á Fjávís í nýjasta hugbúnaðarumhverfi gefa okkur möguleika á að gera ýmsa hluti sem ekki eru mögulegir í Fjávís eins og það er í dag, s.s. að gera Fjávís skalanlegt í snjalltæki og að gera það sveigjanlegra að kröfum um aukna gagnaoöflun, og nútímalegri framsetningu. Þess ber einnig að geta að síðustu mánuði hefur verið unnið markvisst að því að koma á virkum samskiptum við jaðartæki, s.s. örmerkjalesara, til að koma til móts við þá sauðfjárbændur sem nýta sér þá tækni.

Við viljum að lokum þakka þeim notendum Fjávís sem tóku þátt í könnuninni fyrir sitt framlag. Það er gríðarlega mikilvægt að fá að heyra sjónarmið ykkar hvað varðar framtíð í þróun Fjávís. Hér hefur verið stiklað á stóru varðandi helstu niðurstöður úr könnuninni en auðvitað kom ýmislegt annað fram sem að sjálfsögðu verður tekið með í hugmyndabankann fyrir framtíðarþróun á Fjávís. Þess ber einni að geta að margt kom fram í könnuninni sem snerti breiðara svið en forritið sjálft, t.d. áherslur í ræktunarstarfi. Þeim athugasemdum og tillögum hefur verið komið áfram til þeirra sem vinna að þeim verkefnum.

Stefnt verður að því að gera sambærilegar notendakannanir fyrir Huppu og Jörð í vor og í sumar þannig að notendur þeirra forrita fái einnig tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri varðandi áframhaldandi þróun skýrsluhaldsforritanna.

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir,
verkefnastjóri hjá RML.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN



Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi Sími 550 3000 Gsm 892 6000



Til sölu jörðin Kanastaðir í Rangárþingi eystra.
Um er að ræða myndarlegt kúabú í fullum rekstri.

Helstu upplýsingar

Húsakostur jarðarinnar er töluverður, m.a. 10.302 m² fjós frá árinu 2008. Í fjósinu eru tveir mjaltapjónar, 120 legubásar og öll önnur nauðsynleg aðstaða. Öll aðstaða í fjósinu er góð til mjólkurframleiðslu. Einnig er á jörðinni myndarlegt tveggja íbúða hús samtals rúmum 300 m² í allgóðu ásigkomulagi.

Allur húsakostur og þá sérstaklega nýja fjósið býður upp á mun meiri framleiðslugetu. Landgæði eru umtalsverð og því auðvelt að auka framleiðslu til muna þess vegna. Jörðin er talin vera rúmum 370 hektarar og er meginhluti þess lands vel nýtanlegur.

Ræktað land er um 115 hektarar og gæti verið umtalsvert meira. Framleiðsluréttur er nú 422.000 lítrar. Áhugaverð jörð sem gefur mikla möguleika til aukinnar mjólkurframleiðslu vegna landgæða og húsakosts.

Jörðin selst með bústofni, vélum og framleiðslurétti. Bústofns-, véla- og tækjalistar og nánari upplýsingar á skrifstofu Fasteignamiðstöðvarinnar.

Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson í síma 892 6000
eða magnus@fasteignamidstodin.is

Öflug liðsheild í vorverkin



KUHN jarðtætarar.



KUHN fjölsáðvélar.



Kuhn pinnatætarar.



Fransgard flagheflar



Slurry Kat haugsugur og brunndælur.



Schäffer liðléttingar.



Pichon haughærur.



TUME grassáðvélar.

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaglöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri




Sæleg og stolt tvílemba sem hefur það ákaflega gott.

Mynd /AGG



Hreinlæti skiptir sköpum þegar vanda skal til verka á sauðburði.

Mynd /AGG




Allir verða aðeins þreyttir á sauðburði og gott getur verið að lygna aðeins aftur augunum.

Mynd /GHG



Áhugasöm tvílemba að viðra sig.

Mynd /GHG



Allir sáttir eftir átökin.

Mynd /GHG

Það styttest í sauðburðinn

Það er að mörgu að hyggja þegar nálgast fer sauðburð og getur verið gott að setjast niður með kaffibollann og hugsa hvað það nú var í fyrri sem algjörlega vantaði.

Er heitt vatn í húsunum? Og hitakúturinn í lagi?

Innkaup og undirbúningur

Ýmis tæki, tól og búnaður sem gott er að hafa við höndina þegar sauðburður hefst því erfitt getur verið á miðjum háannatíma að ætla sér að safna aðföngum sem vantar.

- Eitt það einfaldasta og þægilegasta er að hafa ávallt burðargel við hönd þegar aðstoða á við burð. Það hjálpar okkur að athafna okkur og er einnig betra fyrir ána. Hugum að því að hafa

nægilegt magn af burðargeli til fyrir sauðburðinn og spörum ekki notkun á því.

- Einnota hanskar eru nauðsynlegir. Margir bændur kannast við þurrar og sprungnar hendur eftir mikið legvatn og aukna handþvotta. Þá er gott að smeygja sér í hanska. Einnig eykur það hreinlæti og getur komið í veg fyrir sýkingar. Þá eru bæði til stuttir hanskar og lengri sem ná upp á handlegg og verja mann enn betur.

- Stífur vír eða burðartöng til að koma inn fyrir grind og aftur fyrir hnacka eða eyru lambins ef aðstoða þarf við að koma lambinu út. Vír er auðvelt að þvo og sótthreinsa eftir hverja notkun. Einnig er hægt að nota sérstök bönd sem eru mjúk og sveigjanleg og auðvelt

að smokra inn fyrir ef ærin er þröng, þá riður á að vera ekki sparsamur á burðargelið. Mýkja band og eða vír með burðargeli áður en inn er farið. Gott er að sjóða böndin reglulega og sótthreinsa eftir notkun. Baggabönd geta nýst til nettari aðstoðar og verka.

- Sprautu með stuttri slöngu, hæfilega stífri en sveigjanlegri til að koma burðargeli inn fyrir þegar lambið er orðið mjög þurrt og lítið legvatn er til staðar.

- Hreint og þurrt handklæði í hæfilegri stærð til að vefja utan um lambið eða til að ná betri gripi á björnurnum á herðakambi þegar erfitt er að toga lambið út. Til dæmis þegar afturfóttafæðing á sér stað eða það er einfaldlega erfitt að ná taki á lambinu.

Þannig verður auðveldara að taka á lambinu á skaðlausan hátt.

- Gott er að hafa einhvers staðar næri einhvers konar upphækkun ef þurfa þykir fyrir ána til að hækka hana að aftan. Það getur verið ákaflega gagnlegt þegar ærin er mjög þröng og eða lambið er komið of langt í fæðingarveginn. Þá getur einnig verið gott að setja ána upp á garðaband á plötu eða grind og þannig hækka hana í vinnuhæð og þá er auðveldara að athafna sig við erfiðan burð og aðstoða þarf af kostgæfni.

- Stór sprautu og sonduslanga til að gefa minni og veikari lömbum mjólk beint í magann. Einnig nægilegt magn af túttum og peli.

- Lítill kollur getur verið þægilegur þegar mjólka þarf ær eða koma lömbum á spena. Hægt er að saga lappir af klassískum kollum og þannig þarf maður ekki stöðugt að krjúpa eða sitja á gólfinu, þá getur maður einnig notað fæturna til að halda að ánni meðan maður athafnar sig við ána.

- Kassi/hús fyrir undirvaninga. Gott er að láta lömbin liggja þétt saman sé verið að venja undir og þannig er líka komið í veg fyrir að ærin geti snuðrað og þefað af lömbunum í tíma og ótíma. Þannig blandast lyktin saman og ærin ætti að taka lömbin fyrir. Þá er lítill kassi sem þeim er komið fyrir í fyrirtaks kostur, hugsa þarf um að hann lofti vel og lömbin dvelji ekki of lengi í einu.

- Lambastrætó. Hvernig flytjum við lömbin til þegar ærin er borin og er á leið í einstaklingsstíu? Um að gera að finna þægilegan „strætó/taxa“ fyrir lömbin sem hægt er að koma þeim fyrir í og draga á sinn stað, þá þarf maður ekki að bogra með lömbin. Athugið að lömbin geti ekki klifrað upp úr honum á leiðinni, svo hann þarf að vera dálítið háren samt þarf ærin að geta fylgst vel með svo hún fylgi vel á eftir.

- Hvaða lyf þurfa að vera tiltæk fyrir sauðburð? Hvað vantaði helst að eiga í fyrri? Klassískt er að hafa í lyfjaskápnun: sýklalyf af þeim sortum sem þarf, verkjastillandi, selen, þar til gerðan brodd fyrir minni fædd og viðkvæmari lömb. Spenatép ef friða þarf spena einhverra hluta vegna. Joðlausn í góðum brúsa á naflastreng og ab-mjólk fyrir ónæmiskerfið. Gott að huga að því hvernig skal gefa ab

mjólkina inn þannig að það sé bæði fljótlegt og þægilegt.

- Fyrir utanumhaldið um allt sem þarf að hafa nálægt er gott að setja það allt saman í kassa eða körfu/tösku sem auðvelt er að taka með sér um húsinn. Þá er handhægara að leggja hluti frá sér og vinna með.

- Einnig þarf að eiga nægt magn af sprautum og nálum fyrir stungulyf. Þetta geymist milli ára og allt í lagi að eiga meira en minna.

- Lítill stíf blöð í mörgum litum og teikniþólur. Gott getur verið að skilja eftir skilaboð á garðabandi þar sem hægt er að skrá ákveðnar upplýsingar um einstaklinga. Þannig er hægt að litarflokka eftir því hve áriðandi skilaboðin eru.

- Tússtafla og tússar sem hengja má upp þar sem allir geta séð og þar er einnig hægt að skilja eftir mikilvæg skilaboð sem þarf að skrá eða koma á framfæri.

Eftirlitið

Hvernig á eftirliti að vera háttáð þetta árið? Ef skoða á að setja upp þar til gert myndavélarkerfi þarf að huga að því í tíma.


Athuga hvaða framboð er af vefmyndavélum og hvað hverjum og einum hugnast í þeim efnum. Myndavélakerfi koma að ákaflega góðum notum í upphafi sauðburðar og lok. Þá er ekki endilega full viðvera í húsunum og gott getur verið að spara sér ferðina í húsinn og kíkja á myndavélarnar til að athuga hvort eitthvað sé um að vera. Þannig er líka hægt að láta vélarnar taka upp það sem gerist í fjárhúsunum og þannig hægt að varpa ljósi á annars dularfullar aðstæður sem gætu komið upp. Staðsetning vélanna þarf að vera á þann hátt að hægt sé að sjá sem sterstan hluta af húsunum, jafnvel er hægt að snúa sumum vélum og þysja að til að sjá betur hvort lamb ber rétt að.

Um að gera að prufakeyra kerfið og vera með það tilbúið þegar fyrstu ærnar bera til að auðvelda sér fyrstu skrefin í sauðburðinum. Með slíku eftirliti má spara nokkra fyluferðina í fjárhúsinn þegar ekkert er um að vera og þannig spara þrekið fyrir komandi vikur. Á sama hátt má fyrir hvíla sig og sofa rólegar þegar slíkt kerfi er fyrir hendi þegar líða fer á sauðburðinn og

Sviðsstjóri fjármála & framkvæmda

Viltu vinna að spennandi verkefnum allt í kringum Vatnajökul? Vatnajökulsþjóðgarður óskar eftir að ráða sviðsstjóra fjármála og framkvæmda. Viðkomandi ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri og áætlanagerð og situr að auki í stjórnendateymi Vatnajökulsþjóðgarðs. Þjóðgarðurinn býður góða starfsaðstöðu viðsvegar um landið þar sem samheldinn og fjölbreyttur hópur starfar en starfið er auglýst óháð staðsetningu.

Nánari upplýsingar er að finna hjá Hagvangi. Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl 2023.



Drögum úr eldhættu í landbúnaði

Á hverju ári verða því miður alvarlegir eldsvoðar í landbúnaði. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir helstu áhættuþáttum vegna elds á hverju býli og gera ráðstafanir til að draga úr eldhættu. Til þess eru ýmsar leiðir.

Rafmagnsbilanir, röng notkun eða uppsetning rafbúnaðar leiðir oft til eldhættu og eru ein algengasta orsök eldsvoða í landbúnaði.

Rafbúnaður, raflagnir og tæki í landbúnaðarbyggingum eru gjarnan undir miklu álagi. Raki í lofti, ryk, titringur og slit hefur áhrif á endingartíma og öryggi tækja.

Allur rafbúnaður skal vera viðurkenndur og frágangur þarf að taka mið af aðstæðum á hverjum stað. Alltaf skal leita aðstoðar fagfólks við uppsetningu á rafmagni eða við breytingar á rafmagni í útihúsum.

Gott er að láta fagmann yfirfara rafmagnstöflur og rafbúnað með reglubundnum hætti. Vel hefur gefist að nota hitamyndavél til þess að meta hvort óeðlilegur hiti myndast út frá lélegum rafmagnslögnum eða tækjabúnaði.

Mjög mikilvægt er að frágangur rafmagnsbúnaðar sé óaðfínanlegur og búnaður allur ryk- og rakabéttur. Rafmagnstöflur eiga að vera í stál- eða plastskápum og staðsettar á vegg úr óbrennanlegum efnum. Góð jarðtenging og bilunarstraumsrofi (lekaliði) geta skipt sköpum. Fáíð ráðgjöf fagmanns um hvaða lekaliði hentar aðstæðum.

Eldur í vinnuvélum

Nokkur dæmi eru hér á landi um að eldur komi upp í dráttarvélum þegar þær standa inni við og eru ekki í gangi. Tjónið sem af því hlýst er oft mikið þegar bæði vélar og byggingar skemmast. Svokallaður höfuðrofi minnkar líkur á sjálfsíkveikju í vélknúnum tækjum. Sláíð honum út þegar tækið er ekki í notkun. Þannig er straumurás frá rafgeymi rofin. Gólf í vélageymslum eiga að vera þétt og með óbrennanlegu yfirborði. Veggir og þök skulu vera úr tregbrennanlegu efni og tryggja þarf góða brunahólfun. Gætið að því að hafa ekki eldsmat nærri vinnuvélum í geymslu.



Vigdís Häsler og Garðar H. Guðjónsson.

Gaskúta þarf að meðhöndla með varúð og setja þarf merki með gulum þríhyrningi á útihurð sem gefur til kynna að gaskútar séu innan dyra.

Slíkar merkingar eru ákaflega mikilvægar fyrir slökkviliðsmenn sem koma á vettvang eldsvoða. Einnig er áriðandi að upplýsa slökkvilið strax ef áburður er geymdur innandyra vegna sprengihættu sem getur stafað af ákveðnum tegundum áburðar við ofhitnun.

Aðgát við logavinnu

Við logavinnu eða vinnu sem veldur neistaflugi er nauðsynlegt að tryggja sem öruggast umhverfi. Fjarlægð brennanleg og eldfim efni, breiðið yfir þau eða bleytið. Viðeigandi slökkvibúnaður á alltaf að vera innan seilingar þegar unnin er logavinna. Ágætar leiðbeiningar um varúðarráðstafanir vegna logavinnu er að finna á vef Eldvarnabandalagsins, eldvarnabandalagid.is

Reynslan sýnir ótvírætt að sé maður meðvitaður um eldhættu á býlinu og geri viðeigandi ráðstafanir má draga verulega úr hættu á að eldur komi upp með tilheyrandi tjóni á eignum og rekstri.

Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri
Bændasamtaka Íslands og

Garðar H. Guðjónsson, framkvæmdastjóri
Eldvarnabandalagsins.

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg

Skipholt 50b, 105 Reykjavík



Síberíu lerki

Lerki@lerki.is S:845 2525

Pallaefni

Stærð 27mm x 145mm

Lengdir 3m - 4m - 6m

Sending 25. apríl næstum uppseld.

Verð pr. lm. kr. 1.580,-

Kvístalítið úrvalsefni.

AFTUR KEMUR VOR Í DAL

VÉLFANG

Kverneland

VORTILBOÐ



- Kverneland og Vélfang bjóða bændum eftirfarandi vortilboð á Kverneland plógum
- Búnaður byggir á áratuga reynslu íslenskra bænda.
- Til afgreiðslu nú þegar.

Verðdæmi Kverneland AD 5 skeri lokuð moldverpi Verð án vsk kr. 3,190,000,- Fullt verð kr. 3,349,000,-

Verðdæmi Kverneland 150 S 4 skeri lokuð moldverpi ... Verð án vsk kr. 4,643,000,- Fullt verð kr. 4,950,000,-

Verðdæmi Kverneland ES 4 skeri opin moldverpi Verð án vsk kr. 5,640,000,- Fullt verð kr. 6,147,000,-

Verðdæmi Kverneland ES 4 skeri lokuð moldverpi Verð án vsk kr. 5,768,000,- Fullt verð kr. 6,256,000,-


Allir plógar afhentir samsettir á afgreiðslustað flutningsaðila í þinni heimabyggð. Bændur – verktakar – búnaðarfélag. Nýtið ykkur þetta einstaka tækifæri. Nánari upplýsingar veita sölumenn Vélfangs Reykjavík og Akureyri.

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfahlöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flöt



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flöt
- Dreifiplötur límdar beint á gólfíð
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flisar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is



Hringas ehf.

Músa- og kakkalakkafælar

SEM VIRKA



Evrópsk framleiðsla



...fæst í öllum betri landbúnaðarverslunum

radarcan®

en séu gæðin góð má spara allt að 25% af gefnu magni miðað við broddmjólk með slakari gæðum. Vitað er að töluverður munur er á meðalgæðum brodds á milli fjósa og sneri rannsóknin að því að reyna að finna skýringu á því hvaðan þessi munur stafaði.

Bæði var skoðað til hlítar hvernig fóðrun var háttáð í fjósunum, hvort lýsing í þeim hefði áhrif, sérstök fóðrun geldkúa eða einhverjir aðrir augljósir þættir. Í stuttu máli sagt þá fannst enginn teljandi munur á niðurstöðunum og virðist sem meðalgæði brodds stjórnað af öðrum þáttum og þá líklega umhverfisþáttum. Þó svo að niðurstaða rannsóknarinnar hafi ekki sýnt fram á nein bein tengsl við broddmjólkurgæði þá er niðurstaðan mikilvæg í leitinni að því hvað skýri mun á milli búna og hefur mögulega þrengt hringinn í þeirri leit.

6. Holdakúabúskapur

Holdakúabúskapur er stór búgrein í Danmörku og var því nokkuð eðlilega sérstök málstofa tileinkuð þessari framleiðslugrein en í málstofunni voru flutt 5 erindi. Fram kom í einu þeirra að alls eru í Danmörku á annan tug holdakúakynja og fá bændurnir gripagreiðslur byggt á fjölda holdakúa. Þó fá þeir sem eru með færri en 20 kúr ekki styrk, enda líta Danir svo á að þá sé um áhugamennsku að ræða sem er ekki styrkhæf.

Í einu erindinu var m.a. farið yfir hina fjölbreyttu möguleika sem bændur í þessari búgrein hafa varðandi markaðssetningu,

en margir með holdagripri hafa fundið leiðir til að auka framlegð búna sinna með beinni sölu. Þannig stunda sumir bændanna beina sölu til neytenda með vefverslunum, aðrir selja í gegnum Facebook og enn aðrir reka smáverlanir á búum sínum. Nýjung hjá sumum er að reka sérstaka kjötsölubíla sem keyra um þéttbýlisstaði og selja kjöt á fyrirfram ákveðnum stöðum og tímum. Afar áhugaverð lausn við sölu.

Beitarbúskapur tryggir lífræðilegan fjölbreytileika

Í Danmörku, rétt eins og víða í Evrópu, eru holdakúabú einkar mikilvæg þegar kemur að varðveislu og viðhaldi á landi og fjölluðu tvö erindi einmitt um þetta.

Nautgripir ganga ekki mjög nærri beit, sé beitarstjórn þeirra rétt, og því hefur það sýnt sig að þar sem slíkur búskapur er stundaður þá verður gróðurþekja slíks beitarlands fjölbreyttari en t.d. lands sem alls ekki er beitt!

Þetta er mikilvægt umhverfisatriði sem mikið hefur verið rannsakað í Danmörku á undanförunum árum og fá flestir holdabændur sem svona beitarbúskapur stunda sérstaka styrki til þess að taka land í fóstur fyrir t.d. sveitarfélög sem eiga land.

Fram kom að bændur eru að fá þetta 50-70.000 íkr. fyrir hvern hektara sem tekinn er í fóstur með þessum hætti, en þá má ekki vera með meira beitarlag en sem nemur að hámarki 250 kg líffunga á hvern hektara svo gróðurþekjan nái sér vel á strik. Þess má geta að íslenskir

hestar eru einnig oft notaðir í Danmörku í þessum tilgangi!

Betri dýravelferð

Danska matvælastofnunin er með sérstakt gæðakerfi sem bændur geta skráð sig til þátttöku í og standist þeir kröfurnar fá afurðir búanna sérstaka merkingu sem gefur bændunum tækifæri til þess að fá meira fyrir afurðir sínar. Inn á þetta var komið í málstofunni en þetta kerfi byggir á því að matvælastofnunin gefur búum sérstaka merkingu, mismunandi mörg hjörta, eftir því hve langt umfram reglugerðir og lög búin ganga til þess að bæta velferð dýranna.

Því lengra sem bændurnir eru tilbúnir að ganga, umfram lágmarkskröfur hins opinbera, því fleiri hjörta geta afurðir búans fengið. Þetta eru atriði og kröfur sem m.a. líta að einfaldri gæðastýringu, aðbúnaði gripanna, meðhöndlun dýranna og fleiri þáttum. Neytendur geta svo valið afurðirnar út frá því hve mörg hjörta hafa verið sett á pakkningarnar og fer verið eðlilega hækkandi með fjölda hjarta.

Sem dæmi þá geta bændur sem eru með einfalda gæðastýringu og góðan aðbúnað gripa s.s. enga gripri bundna, engar heilrimlastúr, legusvæði með undirburði og rúmt á gripum (þumalfingurreglan er 100 kg/m²) fengið 2ja hjarta vottun. Til þess að fá þriðja hjartað í þessu kerfi þarf t.d. kálfurinn að ganga undir kúnni í mun lengri tíma en hefðbundið er svo dæmi sé tekið.

Í næsta Bændablaði verður haldið áfram með umfjöllun um danska fagþingið.

RUSLATUNNUFESTING FYRIR ÍSLENSKAR ADSTÆÐUR

TUNNUKJAMMINN



- Íslensk smíði úr ryðfriú stáli
- Uppsetning fljótleg og einföld
- Til í stærðum fyrir allar almennar sorptunnur
- Tunnan rennur léttilega inn í festinguna
- Aðeins eitt létt handtak til að losa tunnuna



Nánari upplýsingar og pantanir á www.tunnukjamar.is

TUNNUKJAMMAR.IS

EKKI LÁTA TUNNUNA ÞÍNA FJÚKA!

ÍS FELL

SJÓFATNAÐUR

Í yfir 50 ár hefur Guy Cotten verið leiðandi í hönnun á bæði sjófatnaði og efnum til sjófatnaðargerðar. Hafðu samband, kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!

isfell.is • sími 520 0500 PEKING • ÞJÓNUSTA • GÆÐI

Aktu á gæðum



MAXAM

KLETTUR

REYKJAVÍK

AKUREYRI

590 5100

klettur.is

EYJALIND Varahlutir í Bobcat

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463



sett fram sem breytingar fyrir hverja kynslóð sem er fátíðlegt þegar verið er að skoða breytingar fyrir og eftir erfðamengisúrval. Árlegar breytingar falla að okkar tímaskyni og er það sem við verðum að búa við ef horfa skal til framtíðar. Útreikningar sýndu hæstan skyldleikaræktarstuðul hjá Holstein gripunum árið 2017 reiknað á grunni ætternis eða 10,9%. Þetta er mjög hátt og það umhugsunarverða að árleg aukning snarhækkar með tilkomu erfðamengisúrvalsins.

Fram kemur að höfundarnir hafa áhyggjur af þessari þróun. Þeir þekkja vel neikvæð áhrif skyldleikaræktar sérstaklega í sambandi við frjósemi og sjúkdóma frá fjölda rannsókna víða um heiminn. Þeir segja að lágmarkskrafa sé að framfarir í öðrum eiginleikum geri meira en vega upp neikvæð áhrif skyldleikaræktarinnar á hagkvæmni mjólkurframleiðslunnar. Þeir benda sérstaklega á að skyldleikaaukning hjá Jersey reiknast minn með nýjum aðferðum byggðum á erfðamengisupplýsingum en gömlum ætternisútreikningum. Þetta telja þeir gott dæmi um góða nýtingu á upplýsingum frá hinni nýju tækni. Fyrir Jersey nautin sem fædd voru árið 2017 voru tölurnar 8,8 og 7,4% sem eru að vísu óþægilega háar tölur. Athyglisvert er að sjá að fyrir minni kynin að þar er skyldleikaræktin minni sem helst í hendur við minni framfarir fyrir aðra eiginleika. Þarna birtist ljóslífaði ótti ræktunarfrömuðu lítilla kynja við að nýta ekki sem skyldi úrvalsmöguleika stofnsins til að halda aftur af skyldleikaræktaraukningu.

Skyldleikarækt verður ávallt umhugsunaratriði þeirra sem stýra þurfa ræktun í örstofni eins og íslenska kúastofninum. Þegar ég horfi til baka til þeirra ára þá sýndi ég mögulega of mikla varkárni. Nokkrar rannsóknir hafa staðfest bætilega þróun í þessum efnunum á þessum tíma hérlendis. Þekking mín á íslensku nautgripa- og sauðfjárrækt segir mér að neikvæð áhrif skyldleikaræktar er minni í þessum búfjárkynjum en víða mælist hjá erlendum kynjum. Minni einnig á að oft hafa mikið skyldleikaræktuð naut hér á landi orðið miklir kynbótagripi og fer þar fremstur sem dæmi, einn almesti ættfaðir Klúftastofnsins, Repp frá Klúftum. Það mikið skyldleikaræktuð naut yrði einfaldlega aldrei tekið í notkun hér á landi í dag. Í ljós þeirrar þekkingar hefði ég ef til vill átt að nota miklu meira og betur albestu nautin á hverju ári en raunin varð. Um það snýst vandamálið.

Ætliðabil

Einn meginávinninga erfðamengisúrvalsins eru möguleikar á að stytta ætliðabilið en samkvæmt alþekktu formúlu fyrir væntanlegum erfðamengisúrvali standa þær í öfugu hlutfalli við ætliðabilið. Þess vegna er eðlilegt að þróun þess sé talsvert skoðuð. Tölurnar um ætliðabilið eru yfirleitt metnar fyrir þær fjórar mismunandi leiðir sem eru frá kynslóð til kynslóðar. Risastökkið er á leiðinni milli föður og sonar. Þannig var það ætliðabil hjá Holstein nautum fæddum 1975 9,4 ár en var komið niður í 2,2, hjá sambærilegum nautum fæddum 2017. Hjá Jersey nautum sömu fæðingarár eru hliðstæðar tölur 9,8 og 3,2 ár. Fyrir bilið frá föður til dóttur eru breytingarnar hjá svartskjöldóttu kúnum úr 6,8 árum í 3,9 ár. Þessar niðurstöður eru endalausar og er vísað til fylgitaflna með greininni en þeir sýna þróunina sjálfir myndrænt fyrir öll kynin. Þar má sjá að aldur nautsmæðranna einkum hjá Holstein og Jersey hefur lækkað verulega á allra síðustu árum eftir að erfðamengisúrvalið kom til sögunnar. Rétt er að benda á að hjá Holstein nautunum er ætliðabilið á móturhlíðina komið í 2,2 ár nokkrum mánuðum lægra en meðalaldur fyrsta kálfs kvígna hér á landi er þegar þær bera fyrsta kálfi. Ætliðabilið frá móður til dóttur hefur lítið svigrúm til breytinga en hefur samt farið lækkandi hjá kúamörgu kynjunum síðustu ár.

Hér verður ekki vitnað til fjölda rannsókna á þessari lykilstærð ræktunar- starfsins sem til eru hérlendis. Þær sýna flestar veruleika sem er víðs fjarri því sem greinin segir vera vestanhafs.

Samandregnar niðurstöður

Í lokin draga þeir saman nokkrar niðurstöður þess sem þegar er sagt. Þeir byrja á að benda á að hjá Holstein hafi erfðamengisúrvalið í próteinmagni aukist um 192% hjá nautum fæddum á árunum frá 2009-2017 frá því sem áður var en þetta er árabilið eftir að erfðamengisúrvalið er tekið í notkun. Tilsvandi breytingar í framleiðsluævi hjá gripum af sama kyni var 50%.

Þeir benda á að erfðamengisúrvalið kalli á meiri stýringu ræktunarstarfsins en verið hefur hjá sumum minni kynjunum. Þeir enda greinina á að hvetja til að í framtíðinni verði hliðstæðar úttektir á ræktunarstarfinu

gerðar á fimm ára fresti. Sannarlega hraustlega mælt.

Við lestur greinarinnar blasir við að Holstein kýrnar bera höfuð og herðar yfir öll önnur mjólkurkúakyn í heiminum um afkastagetu gripa. Samt hafa menn áhyggjur t.d. af aukinni skyldleikarækt í stofninum ekki síst eftir innleiðingu erfðamengisúrvalsins Aðeins má víkja að því sem ekkert er fjallað um. Að hlutum sem tengjast sköpulagi og gerð gripa og einnig mjóltun kúa er ekki víkið einu orði í texta greinarinnar. Sýnir þetta held ég hæfileika til að beina kröftunum að því sem raunverulega skiptir máli. Fram kemur í töflu um ræktunaráherslur að júgur og tengdir eiginleikar hafi 6% vægi og fætur fái 3% vægi í heildareinkunn enda þekkt sem ein af meiri förgunarástæðum hjá Holstein kúnum. Athygli vekur að mjaltir fá ekkert vægi enda hefur mér oft vírst sem Bandaríkjamenn líti á mjaltir sem þátt í umgengi fremur en eiginleika í ræktun kúnna. Spurning hvort mjaltapjónnavæðing hafi raungert þessi sjónarmið.

Lokaorð

Ég vona að lesendur séu einhvers vísari um það fádæma öflugra ræktunarstarf sem unnið er fyrir mjólkurkúr í Bandaríkjunum þó að hér hafi aðeins verið mögulegt að koma á framfæri litlum hluta þess fróðleiks sem þar má lesa. Biðst jafnframt fyrirgefningar á því að hafa á nokkrum stöðum víkið að hliðstæðum hér á landi. Það geri ég vegna þess að mínu mati ætti viðkomandi aðtríði að vekja til umhugsunar og umræðu hjá kúabændum hér á landi, í öllu falli þeim meirihluta þerra sem telja kröftum sínum best varið við að viðhalda ræktunarstarfi á okkar örstofni. Ég tek ekki afstöðu í því máli, tel mig eins og áður geta rökstutt það bæði með og á móti. Meirihlutinn verður hins vegar að taka ábyrgð á sinni ákvörðun m.a. með að láta gera hliðstæða skoðun á íslensku kúnni og lýst er í greininni sem hér voru tündir punktar úr fyrir bandarísku mjólkurkúakynin. Slík vinna hefur aldrei verið unnin hér á landi. Hana er aftur á móti nauðsynlegt að vinna án fyrirfram gefinnar afstöðu til kúakynsins.

Jón Viðar Jónmundsson, sjálfstætt starfandi búvísindamaður.



Undurfagra Valencia & Alicante
 9. – 20. september 2023
 Fararstjórn: Kristín Jóhannsdóttir & Magnús R. Einarsson
 Verð 389.000 kr. á mann í tvíbýli

Upplifðu glæsilegar og einstaklega áhugaverðar spænskar borgir, heimsborgina Madrid, hina undurfögru Valencia og sólríku virkis- og

bænda FERDIR Bókaðu núna á baendaferdir.is
 Sími 570 2790 Síðumúla 2
 bokun@baendaferdir.is 108 Reykjavík



Gas lykkjubýssa
 Frábær í girðingavinnuna og smíðina.

GERIÐ VERÐ-SAMANBURÐ

SKÚLASON & JÓNSSON
 SKÚTUVOGI 6 | 104 REYKJAVÍK | SÍMI 568 6544 | www.s-j.is

Kíktu á www.s-j.is



Lífræn hreinsistöð

- Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar

WPL Diamond
IDNVER
 Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
 Sími 517 2220 - petur@idnver.is



EYJALIND GRAMMER

Sæti og varahlutir í
 - Lyftara
 - Vinnuvélar
 - Vörubíla
 - Bata

Vertu vinur okkar á Facebook
 Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



HARKA
 Ekkert ryk - Ekkert slit
harka.is



AF VETTvangi STJÓRNARRÁÐSINS

Kaflaskipti í kornrækt

Bleikir akrar, aðgerðaráætlun um aukna kornrækt var kynnt nýlega. Skýrslan var unnin af sérfræðingum við Landbúnaðarháskóla Íslands að beiðni míns ráðuneytis. Skýrslan markar ákveðin kaflaskil í landbúnaðarmálum.



Svandís Svavarsdóttir

Í skýrslunni eru tillögur um aðgerðir til þess að skapa skilyrði fyrir því að kornrækt geti vaxið og dafnað. Ég lagði áherslu á kornrækt við vinnslu fjármálaáætlunar og því er gert ráð fyrir tveimur milljörðum króna verði varið til þess að efla kornrækt á tímabilinu 2024-2028. Nú þegar fast land er komið undir fjármögnun þessara aðgerða er verkefnið að forgangsraða þeim og raða upp á tímaás.

Aform um að efla kornrækt á Íslandi eru engin nýlunda. Munurinn þá og nú er sá að það er pólitískur vilji í matvælaráðuneytinu til þess að fylgja málinu eftir og að mér virðist ríkja þverpólitísk samstaða um mikilvægi þess að efla kornrækt. Þá hafa athuganir leitt í ljós að þvert á það sem oft hefur verið haldið fram þá geti kornrækt vel verið samkeppnishæf á jafningagrundvelli við önnur lönd. Hér eigum við gnoðgt af ræktarlandi, jarðvegur sé frjósamur og landleiga því lág ásamt því sem þörf fyrir plöntuvarnarefni sé minni en annarsstaðar.

Sókn er besta vörnin

Frá því í lok áttunda áratugarins hefur umræða um landbúnaðarmál á hinum pólitíska vettvangi snúist um vörn, um að draga úr framleiðslu og hagræðingu. Um það að stilla upp falskri tvíhyggju sem snýst um það að standa annaðhvort með neytendum eða með bændum. Slíkri tvíhyggju hef ég hafnað þar sem að neytendur og bændur geta ekki án hvors annars verið. Hagsmunir dreifbýlis og þéttbýlis eru samofnir. Þannig er stærsta hagsmunamál landbúnaðar í dag hið sama og annarra íbúa landsins, að kveða niður verðbólguhrauginn þannig að vextir fari lækkandi.

Í bakgrunninum hafa orðið straumhvörf í umræðu um landbúnaðarmál síðustu ár. Áskoranirnar næstu áratugi eru ekki of mikil framleiðsla. Heldur hvernig við fæðum mannkyn á sama tíma og draga þarf úr allri aðfanganotkun vegna umhverfis og loftslagsmála. Eins og bændur þekkja vel hefur raunverð á kornvöru farið hækkandi síðustu ár og steininn tók við innrás Rússa í Úkraínu fyrir ári. Þá hefur verið vaxandi umræða um mikilvægi loftslagsmála og líffræðilegrar fjölbreytni einnig verið í forgrunni. Þannig er staðan víðast hvar í heiminum sú að ræktarland er uppuríð, ólíkt því sem hér þekktist. Í fyrrnefndri skýrslu eru færð rök fyrir því að hugsanlega megi slá tvær flugur í einu höggi með aukinni kornrækt, binda kolefni í rýrum jarðvegi og framleiða matvæli. Því eru forsendur fyrir því að snúa

þessari umræðu við loksins. Að sækja fram völlinn, um fjárfestingar í framförum en ekki varnarbaráttu. Það er framfaramál auk þess að vera mikilvægt m.t.t. fæðuöryggis.

Það er til mikils að vinna að byggja nýja stoð í landbúnaðinum. Byltingarkennd tækni í kynbótum plantna mun verða nýtt til þess að hraða erfðaframförum. Fyrstu kynbótalínur með nýrri tækni koma til prófana næsta sumar á Íslandi. Það mun þó taka tíma og þolinmæði að byggja upp þá innviði sem þarf. Enda hafa Íslendingar margoft brennt sig á því að ætla að byggja atvinnugreinar upp með of miklu kappi. Þannig verður hugsað til þess við útfærslu að stuðningurinn muni ekki eigngerast eða á endanum verða til þess að upprunalegi tilgangur hans glattist, að hvetja til framfara.

Samlög bænda forsenda

Grundvallarforsetta þess að kornræktin taki að vaxa eru bændur. Aform stjórnvalda plægja enga akra ein og sér. Frumkvöðlar í kornrækt hafa þegar sýnt að korn þrífst vel hér á landi og með því að tileinka sér bestu aðferðir er áhættan lágmarkuð. En samtakamátturinn þarf að koma til þar sem að lykil millilið vantar í virðiskeðju kornræktar á Íslandi – samlögin. Það væri lítill bragur á mjólkurframleiðslu á Íslandi ef að bændur þyrftu að skilja rjómann, strokka smjörrið og aka því til kaupstaðar eins og fyrir öld síðan. Uppbygging framleiðendafélaga um frumvinnslu var forsenda. Þetta skortir í kornrækt og því er lögð áhersla á það í skýrslunni að stuðla að fjárfestingum í þessum innviðum. Þess vegna verður lögð rík áhersla á að styðja metnaðarfull verkefni með fjárfestingarstuðningi. En til að það sé raunhæft er nauðsynlegt að bændur sem hafa trú á kornrækt taki sig saman og ræði með hvaða hætti skynsamlegast er að byggja upp samlög.

Mestu framfaratímabil í íslenskum landbúnaði hafa verið vegna þess að fjárfest var í framförum. Það hefur löngum reynst torsótt að fjárfesting í landbúnaði sé næg þar sem að þörf er fyrir þolinmótt fjármagn. Það gildir ekki einvörðungu á Íslandi heldur er um það rætt á flestum þeim alþjóðlegu fundum um landbúnaðarmál sem ég hef sótt. Að fjárfesting í landbúnaði sé ónóg til þess að við náum markmiðum í loftslagsmálum og til þess að tryggja að það verði nóg til fyrir ört vaxandi mannkyn.

Vegna þessa er fjárfestingarstuðningur við framleiðsluinnviði kornræktar mikilvægur þáttur til þess að láta hjólin byrja að snúast. Með því að stíga nauðsynleg skref núna mörkum við upphafið af nýjum tíma þar sem að nokkrum árum liðnum það verða bleikir akrar í bland við slegin tún víðar um landið.

Svandís Svavarsdóttir,
matvælaráðherra.

Sérniðin þjónusta
að þínum þörfum

ALLT
FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSPJÓNUSTA



Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli. Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl. Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400



TIMBUR EINGAHÚS

Sími: 893 3022 einingar@einingar.is
www.einingar.is

Bilanaust
FYRIR FÓLK
Á FERÐINI

Skoðuðu vöruúrvalið á
www.bilanaust.is



VARAHLUTIR OG BÍLAVÖRUR
Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

STÓRVERSLUN
BÍLDHÖFÐA 12
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

STÓRVERSLUN
BÆJARHRAUNI 12
220 HAFNARFIRÐI
S. 555 4800

Hafnargata 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244



NÝ VERSLUN VAGNHÖFÐA 7

VINNUPALLAR EHF

Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík - s. 787 9933
vpallar@vpallar.is - www.vpallar.is

VÉLABÁSSINN

Uppskrift sem virkar

– Prufuakstur á Volkswagen Caddy MAXI

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Bændablaðið tók til prufu Caddy, sem er lítill sendibíll í sama stærðarflokki og Citroen Berlingo, Mercedes-Benz Citan, Ford Transit Connect og margir fleiri.

Í áratugi hefur þýski bifreiðaframleiðandinn framleitt smáa sendibíla sem hafa notið mikilla vinsælda og er þessi nýjasta útgáfa engin bylting frá því sem áður var, heldur framþróun á gamalreynndri uppskrift. Þegar Caddy er skoðaður að utan sést að hann er á margan hátt mjög líkur samkeppninni. Nokkur einsleitni er á þessum markaði – sérstaklega þegar stór hluti sendibíla eru hvítir með svarta plaststuðara. Á framhliðinni sést vel að um Volkswagen er að ræða, en breytingin er nokkuð mikil frá eldri kynslóð Caddy. Nú er grillið lokað og loftinntakið er komið í stuðarann. Afturljósín eru talsvert breytt og þegar horft er á bílinn frá þeirri hlið minnir hann um margt á Mercedes-Benz Vito, nema mun minni.

Þó útlit bílsins að utan myndi seint teljast spennandi, þá samsvarar hann sér allur mjög vel og greinilegt er að Volkswagen hefur vandað alla hönnunarvinnu.

Vönduð innrétting

Þegar sest er inn í bílinn tekur hins vegar á móti mótum falleg og vönduð innrétting. Því er ekki að neita að svart og hart plast er í stóru hlutverki, en allt það sem fingurinn snerta er úr vönduðu efni. Stýrishjólið er úr massífu og mjúku gúmmí, gírstöngin fer vel í lófa og allir hnappar eru þéttir.

Ágætis geymslupláss er uppi á mælaborðinu, stórir hurðavasir beggja vegna og glasahaldarar og opin hólf í miðjustokknum. Á bak við sætin er rými þar sem hægt er að koma fyrir



Volkswagen Caddy er íslenskum einyrkjum og verktökum af góðu kunnur. Gott samræmi er í ytra útliti bifreiðarinnar og má gera ráð fyrir að hönnunin eldist vel. Lengri útgáfan er með miklu geymslurými og nógu langt til að flestir ættu að geta lagst flatir.

Myndir / AL



Talsverð breyting er á útliti bílsins að aftan. Eldri bíllinn var með einföldum ferhyrnum ljósum, en þessi með löngum afturljósum með mun flóknara formi.

hlutum sem ekki þarf að nálgast oft, enda tímafrekt að draga fram sætið og halla sætisbakinu. Hanskahólfið er í smærra lagi og ekki með loki. Mjög lítið er um „sniðugar“ lausnir í innréttingunni eins og gjarnan hjá

samkeppninni, en þar má nefna að ekki er geymsluhilla ofan við framrúðuna, ekki hægt að lyfta upp sessu á farþegasæti og hleri á þilinu milli geymslurýmis og öikumannshúss er ekki staðalbúnaður.



Góð vinnuástaða er í öikumannshúsinu og hljóðeinangrunin ágæt. Samkeppnin býður upp á meira geymslupláss og fleiri sniðugar lausnir.

Í miðju mælaborðsins er snertiskjár, en lítið er um kerfið að segja nema að það er fábrotið og ekki margt til að afvegaleiða notandann. Mjög fljótlegt er að tengja símann með Bluetooth og auðvelt að hringja símtöl með handfrjálssa búnaðinum og hlusta á tónlist.

Þegar síminn hefur verið tengdur í fyrsta skipti er hann mjög fljótur að ná sambandi aftur þegar kveikt er á bílnum. Helst má gagnrýna að öllu því sem tengist miðstöðinni er stjórnað í gegnum skjáinn og þarf nokkra smelli ef ætlunin er að gera smávægilegar breytingar á hitastigi eða blæstri.

Ánægjuleg akstursupplifun

Sterkustu hliðar Caddy koma í ljós um leið og ekið er af stað, en akstursupplifunin er afar ánægjuleg. Sætin eru mjög vönduð, en greinilegt er að svampurinn í þeim er af dýrari gerðinni. Öikumannssætið er hæðarstillanlegt og þegar það er í hæstu stöðu er eins og setið sé í jeppling, og aðgengið í bílinn samkvæmt því. Rýmið er með besta móti, en hávaxnir öikumenn munu geta teygð vel úr fótunum og dregið stýrishjólið að sér. Sætið styður vel við líkamann, en til að setja út á eitthvað hefði undirritaður viljað geta stillt mjóbaksstuðninginn.

Bíllinn í þessum prufuakstri var útbúinn tveggja lítra, fjögurra strokka, dísilmotor og sex gíra beinskíptingu. Volkswagen fær sérstakt hrós fyrir að gera vélar sem eru ánægjulegar í notkun, en þó svo að hún skili ekki nema 102 hestöflum, þá gefur hún mikið tog á lágum snúningum. Í innanbæjarsnatti er lítil þörf á að hræra stöðugt í gírkassanum og reyndist þriðji gírinn afar notadrjúgur. Kúplingin er mátulega stíf og fyrirsjáanleg í notkun og er skemmtilegt að vinna með gírkassann

þegar þess er þörf. Þegar bílnum er gefið almennilega inn nær hann hámarkshraða áreynslulaust. Úti á þjóðvegum er Caddy stöðugur og mjúkur í akstri, enda ekki við öðru að búast þar sem undirvagninn er mikið til sá sami og á Volkswagen Golf.

Nokkur niður berst í öikumannshúsið frá geymslurýminu, en á malbiki nær hávaxinn ekki hljóðstyrk að af honum hljótist ami. Á malarvegum heyrir mjög vel í grjótkasti undir bílinn.

Geymslurými hefðbundið


Geymslurýmið er afar einfalt og á margan hátt ekkert ólíkt því sem gerist hjá samkeppninni, þ.e. flatt gólf og flatir veggir. Dyrnar aftast opnast alla jafna í 90 gráður, en með einu handtaki er hægt að opna þær í 180 gráður. Á gólfinu eru sex festipunktur sem hægt er að binda í. Bíllinn sem Bændablaðið prufaði er af lengri týpunni, sem nefnist MAXI og er 353 millímetrum lengri en staðlaði bíllinn. Það skilar sér í hleðslurými sem er með 2.150 x 1.230 millímetra gólfleti og 2.275 millímetra lofthæð.

Að lokum

Volkswagen Caddy er sendibíll sem heldur í heiðri margreynda uppskrift sem einyrkjar, verktakar og aðrir sem þurfa mikið geymslupláss kunna vel að meta. Hér er lítið um nýjar lausnir, heldur er allt mjög einfalt og virkar.

Greinilegt er að Volkswagen hefur lagt vinnu í að gera akstursupplifunina sem besta, en inn í það spila lipur vel, létt kúpling, sæti sem styðja vel ásamt öikumannshúsi með prýðilegri hljóðeinangrun.

Verðið á bílnum er 5.090.000 krónur m.vsk., en hægt er að fá stuttan bensínblí á 4.490.000 krónur m.vsk. hjá Heklu.



Felgur og dekk fyrir ævintýri sumarsins.

Komdu í Porsche salinn og skoðuðu úrvalið, við eigum margar gerðir á lager.



PORSCHE

Bíllitá
Benha

Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | 110 Reykjavík | S: 590 2000 | porsche.is | Opíð mán-fös: 9 til 17 og um lau: 12 til 16

SÖFNIN Í LANDINU

Akureyri:

Líf og fjör í Minjasafninu

Árið 2022 var sögulegt í mörgum skilningi hjá Minjasafninu á Akureyri sem fagnaði þá 60 ára afmæli. Afmælisárið var það fjölsóttasta í sögu safnsins, en 48.848 gestir sóttu sýningar, viðburði og fræðslu safnsins. Til að gera gott ár enn hlaut Minjasafnið á Akureyri íslensku safnaverðlaunin 2022.

Minjasafnið á Akureyri er í elsta bæjarhluta Akureyrar, Innbænum, við Aðalstræti. Undir það heyrja fjögur önnur fjölbreytt söfn. Minjasafnið hefur frá upphafi verið í Kirkjuholi, reisulegu íbúðarhúsi frá 1934. Í því og sýningarsölunum sem byggðir voru árið 1978 eru sýningar safnsins. Þar eru nú sýningar Hér var verzlun, Tónlistarbærinn Akureyri, Akureyri, bærinn við Pollinn og örsýning um öskudag á Akureyri.

Stærsti grípur Minjasafnsins, svartbikuð timburkirkja, stendur í Minjasafngarðinum. Hún stóð upphaflega á Svalbarði austan megin Eyjafjarðar. Hana byggði kirkjusmiðurinn Þorsteinn Daníelsson frá Skipalóni árið 1846 og er hún gott dæmi um íslenskar sveitakirkjur sem reistar voru á Íslandi um miðbik nítjándu aldar.

Næsta hús við kirkjuna er Nonnahús, eitt af kennileitum Akureyrar. Það var bernskuheimili rithöfundarins og jesúítaprestsins Jóns Sveinssonar, sem ólst þar upp til 12 ára aldurs þegar honum bauðst að fara til náms í Frakklandi. Í húsinu er sögð saga hans og fjölskyldunnar en einnig eru þar örsýningar. Þessa dagana er sýning um mat og málhætti en á sumardaginn fyrsta verða sumargjafir í forgrunni.

Litlu norðar við Aðalstræti stendur Friðbjarnarhús, sem nú er kallað Leikfangahúsið af börnum á öllum aldri, enda húsið fullt af leikföngum og auðvitað hægt að leika í leikstofunni. Á efri hæð hússins er fundarsalur góðtemplarahreyfingarinnar sem var stofnuð í þessu húsi af Friðbirni Steinssyni.

Við Bjarkarstíg 6 stendur annað skáldahús sem er undir regnhlíf Minjasafnsins, Davíðshús, heimili skáldsins Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi. Davíð var fagurkeri á fleira en orðsins list. Húsakynninn bera smekkvísi hans glögg merki, full af bókum, listaverkum og persónulegum munum, eins og hann skildi við árið 1964, næstum eins og hans sé að vænta innan skamms.

Handan við fjórðinn á leiðinni til Grenivíkur er Gamli bærinn Laufás, einn af merkustu sögustöðum í Eyjafirði. Í Laufási hefur verið búseta frá fyrstu tíð og að líkindum staðið kirkja frá fyrstu kristni. Laufásbærinn er stílhreinn burstabær, dæmigerður fyrir íslenska bæjagerð þess tíma, en þó allmiklu stærri. Bærinn á sér óslitna byggingarsögu allt aftur á miðaldir. Laufásbærinn var endurbýggður á árunum 1853-1882 í tíð séra Björns Halldórssonar en í honum má finna eldri húsakynni og víði til að mynda brúðarhúsið sem er að stofninum til frá 18. öld.



Laufásbærinn er í dag búinn húsmunum og áhöldum líkast því sem tíðkaðist í kringum aldamótin 1900.

Bærinn er hluti af húsasafni Þjóðminjasafnsins en Minjasafnið á Akureyri sér um starfsemina og Gestastofuna þar sem er lögð er áhersla á fræðslu um sögu staðarins, hægt að kaupa einfaldar veitingar eða líta í handverks- og minjagripaverslunina þar sem gefur að líta fjölbreytt vöruúrval af frá eyfirsku handverksfólki.

Börn eru alltaf sérstaklega velkomin á söfnin okkar og í sumar verður boðið upp á ratleik milli safnanna. Í sýningum safnsins er lagt upp með að börn og fullorðnir geti leikið sér með einum eða öðrum hætti, þannig má grípa í hljóðfæri, bregða sér í fót fortíðarinnar sem verslunin Tízkan hefur upp á að bjóða, fara í pokahlaup, leika sér með gömul leikföng, ráða dulmál í Davíðshúsi svo nokkuð sé nefnt.

Safnaflóran er því afar fjölbreytt og til að allir geti notið sem oftast gildir aðgöngumiðinn fyrir fullorðna á öll söfnin, út árið, og er ódýrari en þú heldur.

Haraldur Þór Egilsson.

KLÁRIR Í BÁTANA!



Purrir AGM eða síru rafgeymar fyrir tæki og rúllur



Hleðslutæki



Öflugir start rafgeymar í mörgum stærðum

Mikið úrval • Traust og fagleg þjónusta



TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI OG VINNUM ÚR ÞEIM LAUSNIR



VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

KROSSGÁTA Bændablaðsins

194 Krossgáta grid with clues: LITLAUS, HLÉ, VÍNANDI, RÖMVERSK TALA, MÁLMUR, VASKUR, TÓMUR, ÓMINNI, LOSA SVEFN, FÚI, VÆGUR, KRÚS, RYKKUR, SKYLDIR, GÁTU, FÁEINUM, ÁVÖXTUR, HRÆRI-GRAUTUR, STEFNA, HRYGGJA, VERKFÆRI, ÖFUG RÖÐ, SNATT, GEIT, VARÚÐ, BLETTUR, Í RÖÐ, LEIKUR, ÖGEGUGUR, SKEKKJAST, RITFÆRI, DRÖLL, KEMST, STREÐ, SAMHÆFA, TUBA, RÁNEÐLA, AFHENDA, GISTA, TVEIR EINS, RÁDTALA, GARMUR, RÁDAGERÐ, MEIR, HALARÓFA, SKAÐI, VÆNT, TVÍSTÍGA, NOKKUR, HEIGULL, SKAMMIR, AFBÍÐUR, VEFUR, DÚDDI, HRIPA, SKART, ÖTTIST, TÍÐUM, ÖFUG RÖÐ, Á VÍXL, ÆRVI, FEITI, BÓKA, MINNKAR

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

193 Krossgáta grid with clues: RÜLLA, YTA, KEPLI-KEFLI, STAFUR, KAUDA, ELKA, STÍGUR, MÁRBA-ÞYR, V O T E Y G U R, A T A Þ, KRYDD, KÖNNUGS-SVEIT, AN Í S, L A K, DISSA MÁLA-LEITUN, H U N S A, Í RÖÐ, R S, ÁBÓT, M E I R A, ÞORPARI, F, ÍSKRA, HÁTUR, M A R R A, ÞRÓF-GRÁBA, KVEIJA, B A, DVALD, RJÁLA, V E R I Ð, LÖF, H Ó L, KYNSTUR, F E I K N, VÖKVI, LAND Í EVRÓPU, S A F I, ELJUSAMUR, TVEIR EINS, I Ð I N N, EINKENNI, SLEIT, D E I L I, ÖLETI, ÖFUG RÖÐ, UP P, ÖFUG RÖÐ, STABNA, K J, TRÜFLUN, SKAÐ, R I N G L, SKIPULAG, H, EINA, SPOTTI, S T A K A, TIRA, RÁNDÝR, G L Ó R A, AÐSETA, VANLEGA, B Ú A, MJAKAST, RÆFELS-TUSKA, L U L L A, ÞYRPING, ÖTTI, Ö S, BYRJA, H E F J A, OFSA-REIÐA, BLÖSKRI, Ó Ð A, LAKLEUR, Ó N Ó G U R, ÖGEMNTI-LEIÐUR, Ö F Y N D I N N, RÖTNUN

www.bbl.is

BÆRINN OKKAR

Þau Bjarney og Hlynur hafa búið á Svana vatni í 4 ár. Keyptu jörðina í nóvember 2018 og fluttu í apríl 2019. Segjast hjónin vera í miklum endurbótum á húsakosti og séu að vinna að því að byggja upp hrossaræktarþú og tamingastöð með góðri aðstöðu til þjálfunar.

Býli? Svनावatn.

Staðsett í sveit? Austur-Landeyjum.

Ábúendur? Bjarney Jóna Unnsteinsdóttir, Hlynur Guðmundsson og Unnsteinn Heiðar Hlynsson.

Fjölskyldustærð (og gæludýra)? Bjarney, Hlynur og Unnsteinn, tókurnar Gríma og Katla og kettirnir Gunnar og Vigfús.

Stærð jarðar? 250 ha.

Gerð búis? Hrossaræktarþú og tamingastöð.


Fjöldi búfjár? 10 kindur, 10 hænur og 60 hestar.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Hér er byrjað á því að annar aðillinn gefur öllu morgungjöf á meðan hinn skutlar yngsta búmanninum í leikskóla á Hvolsvelli.

Síðan taka við tamingar og útreiðar ásamt almennum umhirðustörfum í hesthúsinu. Síðan endar dagurinn á kvöldgjöf.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegustu bústörfin eru að temja/þjálfa góða hesta. Leiðinlegustu bústörfin eru sjálfsagt að fara út með skítahjólörurnar.

Svनावatn



Hvernig sjáid þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir 5 ár? Við erum í miklum framkvæmdum á útihúsum eins og er svo að vonandi eftir 5 ár verður komin falleg heildarmynd á bæinn. Stefnan er að reyna að koma hrossum úr okkar eigin ræktun á framfæri.

Hvað er alltaf til í ísskápnnum? Mjól, smjör og egg.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Soðið súpukjöt, einfalt og gott og klikkar aldrei.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Eftirminnilegasta atvikið er sjálfsagt enn þá dagurinn sem við fluttum starfseminu yfir á Svनावatn. Hlutirnir voru kannski ekki alveg tilbúnir en einhvern veginn reddast þetta alltaf :)

MATARKRÓKURINN

Mið-Austurlönd að Glettingi

Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com




Nú eru páskar og þá gerum við eins og Jesús gerði; eldum lambakjöt. En af því að við erum að gera eins og Jesús þýðir ekkert að vera að bauka með rauðkál og rabarbarasultu. Nei, við gerum þetta með miðausturlensku þema.

Til að matur smakkist austrænni en það sem fæst á Seyðisfirði þarf að nota nokkrar kryddtegundir sem eru kannski ekki alltaf í skúffunni. Cummin, kóríanderfræ, negull, kardimommur, túrmerik og ef stemningin og buddan leyfir, smá saffran. Svo auðvitað það sem alltaf ætti að vera til; engifer, hvítlaukur, laukur og steinselja.

Trixið við að elda góðan mat sem minnir á matargerð fjarlæggra landa og stranda þarf að æfa bragðlaukana. Það er að nota úr þessari kryddflóru sem hentar og sleppa eða nota minna af því sem ekki þykir jafn gott. Mér persónulega finnst t.d. kanill ekki henta á neitt nema grjónagraut og snúð. Þannig sleppi ég honum gjarnan úr uppskriftum. Að því sögðu er mikill munur á því kanildufti sem við setjum út á téðan graut og t.d. velvaldri kanilstöng. Og jafnvel kanilstangirnar geta verið mismunandi afbrigði og tilbrigði. Jafnvel er sumt sem selt er sem kanill alls ekki kanill heldur bara spýtubörkur með kanilbragði, sem er einmitt nokkurn veginn það sem kanill er en það er önnur saga. Þannig er um að gera að smakka kryddin og mynda sér sína eigin skoðun á því sem þykir gott og því sem betur á heima í ilmkeri.

Páskalamb

Grunnaðgerðin í þessu ferli er að gera kryddblöndu og vera ekkert að spara kryddið. Mylja kóríanderfræ og pipar, slatta af hvoru. Bæta svo við smá cummin við. Cummin er eitt af þessum kryddum sem breytir íslenskum mat í útlenskan en lítið fer langt þannig að gott er að gæta sín á því. Þá er gott að setja saman við örlítið af kardimommum, slatta af lauk – og hvítlauksdufti, chili og paprikukryddi. Reykt



paprika er líka fullkomin í þetta ferðalag. Búa til slatta af þessu. Rúmlega hálfan desílítra ef ekki bara heilan. MSG er líka einstaklega útlenskt og gott. Einfaldara að komast yfir það í kryddblöndum með það sem fyrsta hráefni. Aromatið gamla góða er til dæmis stútfullt af því. Líka hægt að kíkja í heildsöluurnar eftir MSG-inu en þá gæti þurft að kaupa þrjú kíló eða svo.

Próteinið

Gamli góði hryggurinn hefur af einhverri ástæðu týnst svolítið að undanförmu. Lærið virðist allsráðandi í lambakjöti nútímans. En hryggurinn og jafnvel bógurinn henta oft mun betur í ákveðna matargerð eins og hægeldun. Enda mun fitumeiri bitar.

Best er að salta og búa til kryddhjúp nokkru áður en eldamennskan hefst. Allt upp í hálfan sólarhring, en ef enginn tími er í slíkt er það allt í lagi. Bæta þá örlítið í frekar en hitt.

Kryddunin fer svona fram: Kjötíð er smurt þunnu lagi af olíu og salt er stráð vel yfir. Ekki of mikið en alls ekki of lítið heldur. Sérstaklega ef ofninn bíður heitur. Þá er sirka

helmingnum af kryddinu blandað við smá mæjónes, já mæjónes, og blöndunni smurt rækilega á alla fleti lambabitans. Einn laukur er skorinn niður í hringi og kjötíð sett ofan á. Pakka herlegheitunum inn í bökunarpappír og svo álpappír. Elda við rétt um 125 gráður í 2-3 tíma og svo opna álpappírinn og hækka hitann í 185 gráður. Þangað til rétt skorpulag næst.

Hvíla kjötíð í svolítinn tíma, allt upp í klukkutíma, en fimmtán mínútur er það allra minnsta.

Sósurnar

Rauða sósan þarf ekki að vera mjög flókin. Út í blandara fara ein dós af niðursoðnum tómötum og svo bætast við 4-6 hvítlauksrif, paprika eða ferskt chili, restin eða þar um bil af kryddblöndunni, smá ólífuolíu eða smjör, laukurinn sem var undir kjötínu ásamt öllum kjötsafa sem finna má í ofnskúffunni. Salt og einhver sýra eftir smekk. Sítrónusafi eða smá edik. Blanda þangað til allt er orðið að mauki. Hita þá í potti eða á pönnu í nokkrar mínútur.

Hvíta sósan er svo enn einfaldari en sú rauða. Sýrdur rjómi, grísk jógúrt, skyr eða



eitthvað þvíumlíkt blandast við örlítinn rjómaost, sítrónusafa, kóríanderkrydd, steinselju (best söxuð fersk en þurrkuð virkar fínt) og hvítlauksduft. Gott að blanda sósuna með að minnsta kosti klukkutíma fyrirvara, helst daginn áður. Þannig dreifist bragðið um sósuna. Sérstaklega ef notuð er þurrkuð steinselja. Má líka nota kóríanderlauf í staðinn. Smakka til með salti og sýru.

Hitt meðlætið

Grjón, kúskús, búlgúr eða kjúklingabaunir eiga allt vel við. Hvað af þessu sem verður fyrir valinu er gott að sjóða það upp úr kjötsóði eða bæta súputeningi eða góðum kjötkrafti við soðvatnið. Flatbrauð einhvers konar er svo ljómandi viðbót, hvort sem það eru pönnusteiktartortíur, pítubrauð eða eitthvað flóknara og heimabakað. Ljómandi millivegur að kaupa pitsudeig og búa til lítil flatbrauð úr þeim.

Gleðilega páska.

HANNYRÐAHORNIÐ

Barnapeysa fyrir 2–4 ára

Efni: Þingborgarlopi 100-110 gr
Dóruband 12 litir 10-15 gr af hverjum eða 150 gr af einum lit.
Sokkprjónar 4.5 og 5 mm
Hringprjón 60 sm langur, 4.5 og 5 mm.

Aðferð: Peysan er prjónuð í hring neðan frá og upp og er með laskaúrtöku. Lesið uppskriftina áður en hafist er handa.

Útaukning á ermum: Í upphafi umferðar; prjónið eina lykkju, aukið um eina, prjónið þar til 1 lykkja er eftir í umferðinni, aukið um eina lykkju og prjónið svo þá síðustu.

Laskaúrtaka: Laskaúrtaka er þar sem ermar og bolur mætast, á fjórum stöðum. Það eru 6 lykkjur í hverri úrtöku, þrjár af bol og þrjár af ermi. *Prjónið 2 lykkjur saman, prjónið tvær, takið eina lykkju óprjónaða, prjónið eina og steypið þeirri óprjónuðu yfir. Endurtakið þrisvar sinnum þar sem bolur og ermar mætast. Prjónið eina umferð án úrtöku. * Endurtakið frá * til *.

Það getur verið mjög hjálplegt að nota google til að finna leiðbeiningar á alnetinu um úrtökuna.

Peysan

Bolur: Fitjið upp í aðallit 100 lykkjur á hringprjón 4.5 mm. Tengid í hring og prjónið 3 umferðir brugðið. Skiptið yfir á hringprjón 5 mm og prjónið fyrsta litinn, * 5 umferðir slétt prjón í lit og eina umferð slétta með aðallit og 3 umferðir brugðnar í aðallit. * Endurtakið frá * til * þar til kominn er níundi litur, prjónið 2 umferðir af honum.



Ermar: Fitjið upp í aðallit 32 lykkjur á sokkprjóna 4.5 mm, tengid í hring og prjónið 3 brugðnar umferðir. Skiptið yfir á sokkprjóna 5 mm og prjónið ermi með sömu litasamsetningu og bolinn og endið á sama lit 2 umferðir sléttar. Í þriðja lit hefst útaukning: Prjónið 3 umferðir af lit, aukið út í umferð 4 í litnum, prjónið umferð 5. Endurtakið útaukningu með sömu aðferð í hverjum lit upp ermina 4 sinnum. Nú ættu að vera 42 lykkjur á erminni.

Axlastykki: Takið 3 fyrstu og 3 síðustu lykkjur á ermum og setjið á nælu. Setjið 6 fyrstu lykkjurnar á bol á nælu. Prjónið ermi við bolinn 36 lykkjur, prjónið 44 lykkjur af bol, setjið næstu 6 lykkjur af bol á nælu, prjónið hina ermina við og svo 44 lykkjur af bol.

Hefjið úrtöku eins og lýst var að ofan. Haldið áfram að prjóna með úrtöku og með sömu aðferð við litaskiptingar þar til 48 lykkjur eru eftir. Prjónið hálsmál með aðallit 6 umferðir sléttar og fellið af frekar laust. Lykkjið saman undir höndum lykkjurnar sem geymdar voru á nælum. Gangið vel frá öllum endum.

Þvottur: Þvoið flíkina í höndum með volgu vatni og mildri sápu. Kreistið vatnið vel úr og leggið á handklæði til þerris.

Uppskrift peysunnar er samvinnuverkefni nokkurra Þingborgarkvenna, þeirra Katrínar Andrésdóttur, Halldóru Óskarsdóttur, Hörpu Ólafsdóttur, Önnu Dóru Jónsdóttur og Margrétar Jónsdóttur.

Þingborg
s. 846 9287, 482 1027
www.thingborg.is
facebook/thingborgull

Dóruband er jurtafitað Þingborgarband, bæði einband og tvíband. Það er unnið úr Þingborgarlopanum sem er sérvalin lambsull. Uppskriftin að barnapeysunni hér í blaðinu er með Dórubandi og Þingborgarlopa. Allt fæst þetta í Ullarversluninni Þingborg, sem er staðsett í Gömlu Þingborg og er 8 km austan við Selfoss. Verslunin er opin alla daga nema sunnudaga frá 10-17

ÓDÝR
gleraugu umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispúvörn 19.900 kr.
Sérsmíðum samdagurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu 39.900 kr.
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

OPTIC
REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

Gleðilega páska!

SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Létt

		6	3		2			9
7		4		1	8			
9					4	1		3
	8		4	7			1	
3	2						7	4
	7	1		8	3			5
1		3	6					8
	9		5	4		6		7
5			8		9	4		

Miðlungs

			5	4	7			
7	2		1		8		6	4
5				2				1
	4						5	
9								8
	7						1	
8				7				9
3	1		8		9		7	6
			2	3	6			

Pung

		8		3	7			
			7			5		
							9	4
2	6				9			3
		4	3		8	9		
1			5			6		7
9	5							
	6			2				
	3	2			1			

Þyngst

7	3		1					
		4				5	2	
				6				7
3						8		
				7	5	3		
			2					9
4						6		
	8	1					7	
					7		9	2

ERFINGJAR LANDSINS



Laxveiðimaður framtíðar

Guðmundur Ísak er bróðir hennar Katrínar Evu sem var hjá okkur í síðasta tölublaði og, eins og áður sagði, er fjölskyldan búsett í Svíþjóð.

- Nafn:** Guðmundur Ísak Pétursson. **Uppáhaldslag:** „He is a capybara“.
- Aldur:** Nýorðinn 12 ára. **Uppáhaldsbíómynd/sjónvarpsefni:** „Fast and the furious“.
- Stjörnumerki:** Steingeit.
- Búseta:** Stokkhólmur, höfuðborg Svíþjóðar. **Æfirðu íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri:** Æfi ísbandý og er í skátunum.
- Skóli:** Örbyskolan. **Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór:** Arkitekt.
- Skemmtilegast:** Smíða trjákofta og gróðurhús, leika úti með fjarstýrðan bíl. **Mest spennandi sem þú hefur gert:** Veiða fyrsta laxinn minn í Norðurá.
- Uppáhaldsdýr:** Capybara (flóðsvín), stærsta nagdýr í heimi. **Minnisstaðast frá liðnu sumri:** Húsbílaferðalag um Svíþjóð, Danmörku og Þýskaland.
- Uppáhaldsmatur:** Tacos.

Við hvetjum sem flesta til að hafa samband ef ykkur langar að vera með!
Hafið samband: sigrunpeturs@bondi.is

FRÆÐSLA



Hrafninn, eða krummi, er vel þekktur í íslensku fuglafánunni. Hann er stærstu allra spörfugla og auðþekkanlegur á stærð, útlit og hljóði. Hans er víða getið í þjóðsögum, vísam, söngtextum, göldrum og hjátrú. Þeir eru hrekkjóttir og uppátækjasamir líkt og fuglinn á myndinni sem var að tína lauf og greinar af ösp. Þeir eru einstaklega gáfaðir og enn þann dag í dag eru rannsóknir að sýna fram á að þeir fuglar sem eru í ætt hröfnunga (hrafnar, krákur, skjór o.fl) sýna einstaka hæfileika í að leysa verkefni, búa til áhöld, eru minnugir t.a.m. á andlit, og margir hæfileikar þeirra er eitthvað sem áður var talið að væri eingöngu að finna í fari manna. Hér á Íslandi eru hrafnar útbreiddir um allt land. Hrafninn helgar sér óðal sem hann ver af miklum krafti. Þeir verpa gjarnan í klettum og giljum en nokkuð er um að þeir geri sér líka hreiður í alls konar mannvirkjum. Undanfarin ár hefur síðan færst í aukana að þeir geri sér hreiður í trjám. Þeir parast snemma og má búast við því nú þegar að fuglar séu farnir að huga óðali sínu.

Mynd og texti / Óskar Andri Viðisson

Tíska:

Fótabúnaður þeirra djörfu

Mynd á forsíðu síðasta tölublaðs Bændablaðsins vakti mikla athygli og hrifningu hjá lesendum, ekki síst fyrir fótabúnað þann er blasti við – kúrekastígvél í sérflokk. Ófáar símhringingarnar glumdu um skrifstofuna í kjölfarið og ritstjórn innt nákvæmra svara vegna þessarar dýrðar. Við förum því yfir málið hér með.

Forsíðuna prýddi Egill nokkur Gunnarsson, bústjóri í Hvanneyrarfjosi en búíð er aðsetur rannsókna og kennslu Landbúnaðarháskóla Íslands. Egill, sem hefur sveitina í blóðinu og húmorinn bak við eyrað, segir að tildrög stígvélanna séu þau að hann, ásamt félaganum sínum Hrafnari, hafi verið í skemmtiferð í Kaliforníu, keyrandi um á Mustang eins og alvöru kúrekum sæmir.

Amerísk gæði í sérflokk

Í bænum Santa Maria vissi Hrafnar af verslun – *Boot Barn* – þar sem hægt væri að finna kúrekastígvél í sérflokk og fannst þeim félögum afleitt að ljúka ferðinni án þess að fjárfesta í einu pari. Þeir snöruðu sér því inn og eftir nokkra stund og marga hringsnúninga varð Egill stoltur eigandi stígvéla myndskreyttum bandaríska fánanum – sem glöggir lesendur létu ekki fram hjá sér fara. Egill, sem í framhaldinu hálfhá eftir að hafa ekki keypt sér alklæðnað að hætti kúreka, vill þó ekki meina að hann sé „flamboyant“ maður að upplagi.

Amerísku kúrekastígvélunum klæðist hann heldur ekki dagsdaglega heldur fremur við hátíðleg tilefni – en almennt eru þau til stofuskrauts hjá honum heima við.

Áhugasamir geta þó farið á vefsíðu *Boot Barn*, www.bootbarn.com, og notið úrvalsins sem þar er að finna, enda ókeypis heimsending ef verslað er yfir rétt rúmar 20 þúsund kr. íslenskar. Lítur út fyrir að verslunina sé að finna í öllum ríkjum Bandaríkjanna, stærsta fyrirtæki vinnu- og kúrekafatnaðar í landinu.

Frá árinu 1978, þegar hún var sett á laggirnar í bænum Huntington Beach, Kaliforníu, hafa vinsældir þessarar ágætu verslunar þannig aldeilis vaxið og ekki margir sem geta fetað í fótspor slíks risaveldis.

Hvaða leður viltu, ljúfan ...

Kúrekastígvél má svo finna auðvitað víða. Á vefsíðunni www.timsboots.com er til að mynda

hægt að hanna sín stígvél eftir geðþótta og smekk hverju sinni. Í boði eru margs konar saumar og mynstur, stærðir og víddir – en að auki er hægt að velja um margvíslegt leður.

Úrvalið kemur jafnvel hörðustu kúrekum á óvart. Hægt er að fá allt frá hinum sæmilega vel þekktu valmöguleikum á borð við krókódíla, snáka og strútaledur, en einnig leður giraffa, ála, flóðhesta, fíla, hákarla og fornaldarfisksins *Pirarucu* – sem einnig gengur undir nafninu *Arapaima* fiskurinn.

Er það einn stærsti hreistraði ferskvatnsfiskur í heimi, er að finna í suður-amerískum hitabeltisvötnum Amazon og í meginatriðum óbreyttur frá tímabili risaeðlanna – Júratímabilinu svokallaða.

Eru stígvél gerð úr leðri *pirarucu* fisksins vel metin vegna þess hve mjúk og meðfærileg þau eru, auk þess að vera sérstaklega endingargóð.

Þau má til dæmis finna á vefsíðum á borð við www.cavenders.com, sem hefur mikið úrval kúrekastígvéla. Ein eru þó þau sem eru hvað allra best stígvélaleðurtegunda sem völ er á; ástralskt kengúrleður.

Vilja sérfræðingar í þessum efnum meina að þarna sé um að ræða afar þunnt og létt leður sem þó er mögulega það sterkasta í heiminum. Til viðbótar við að vera vinsælt í stígvél er leðrið helst allra notað í svipur þar sem hægt er að skera það þunnt án þess að það slitni.

Verði ykkur að góðu og gleðilega páska! /SP



Á vefsíðunni www.timsboots.com má finna einstakt úrval kúrekastígvéla. Á meðfylgjandi mynd er þaðan skótau úr leðri gaddaskötu.



Ein þekktustu stígvél landsins er prýddu forsíðu 6.tbl. Bændablaðsins á dögnum.



Fornaldarfiskurinn *pirarucu*.



Stígvél úr leðri *pirarucufisksins*.

Svampur.is

Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

- Tjaldvagninn • Fellihýsið
- Húsbílinn • Bátinn
- Hjólhýsið • Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321



Til leigu jörð á Vesturlandi, 5 herbergja íbúðarhús, fjárhús með vélgengum áburðarkjallara, hlaða og hesthús. Laus 1. júlí 2023. saudfjarbu@gmail.com.



Hliðgrindur. Vandaðar stækkanlegar hliðgrindur frá 1,0-6,0 m í tveimur þéttleikum. Góð læsing og lamir fylgja. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos s. 894-5111. Opið kl. 13-16.30. www.brimco.is.



Jeep Compass Trailhawk, Hybrid, árg. 2022, sjálfskiptur, ekinn 12 þ.km. Tilboðsverð kr. 6.990.000. Verð áður kr. 7.690.000 kr. notadir.bennis.is – S. 590-2035.

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.

Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is



Ford F350. Hér er einn með öllu. árg. 03/2017. Platinum Version. Ekinn aðeins 46.000 km. Hús með klæðningu, LED ljósum og langfestingu á þaki. Carli fjöðrun - Gasdemparar. Rafmagns gangbretti með sérsníði til að verja bílinn á hliðum. 37" breyttur, brettakantar, Toyo dekk. Vindhliðar á gluggum og hlíf á húddi. 2 x 315 Ah alternatorar. 2 rafgeymar. Verð kr. 14.890.000. Engin skipti. Uppl. í s. 843-4384.



ER KOMIN TÍMI Á
AD MÁLA ÞAKID!

STEFÁN
845 5252

Þakmálun. Er kominn tími á að mála þakið? Tökum að okkur að mála þök. Mikil reynsla, vel tækjum búinir, sanngjarnt verð, vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í s. 845-5252 - Stefán eða á netfangið - stebbi.gudfinns@gmail.com



Subaru Outback árgerð 2011 til sölu. Einn eigandi frá upphafi, farið reglulega í yfirhalingu og tékk hjá BL, keyrður í kringum 200.000 km. Verð 1.100.000 kr. Uppl. á netfanginu subarutillsolu@gmail.com. S. 662 4124.



Hakkavélar, matvinnsluvélar, áleggshnífar, töfrasprotar, grænmetiskvarnir o.fl. Gæða tæki á frábæru verði, uppl. í s. 822-8844.



Vandaðir vatnabátar frá Póllandi. Stærð- 4,04 m x 1,67 m, 110 kg. Bátarnir eru með tvöföldum botni með frauði á milli. Bátunum fylgir sami búnaður og á mynd, ásamt tréárum. Vinsamlega hafið samband fyrir nánari upplýsingar. Hákonarson ehf., netfang - hak@hak.is. S. 892-4163.



12,2 ha. land til sölu

Utsyni að Snæfellsjökli, Stapafelli og Faxaflóa

Til sölu 12,2 ha eyðijörð, landnúmer 177170. Melabúð að Hellnum, Snæfellsbæ. magnus@fasteignamidstodin.is – s. 550-3000.



Gólfhitafæsing fyrir 16 mm rör. Erum staðsettir bæði á Suður- og Norðurlandi. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir verkefni. Uppl. í s. 892-0808.



Til sölu er lögbýlið Hoftún Árborg, land-no. 165546. Jörðin er á Holtssvegi við Stokkseyri, liggur upp að Votmúla. Samtals 58,2 ha að stærð. Rafmagn og kalt vatn við lóðamörk. Tilvalið fyrir hestafólk, til skógræktar eða verkataka til uppbyggingar. Verð kr. 43.900.000. Uppl. í S. 895-9066.



Vinsælu þurrkofnarnir eru komnir aftur. Ryðfrítt stál, toppgæði, verð aðeins kr. 59.000 +vsk. Uppl. í s. 822-8844.

Jesús sagði:

„Því svo elskaði Guð heiminn að hann gaf einkason sinn til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki heldur hafi eilíft líf.“

Jóh. 3.16

biblian.is



Lok á heita potta
Eigum til á lager 5 stærðir af lokum í brúnum og gráum lit kr. 78.000,-



Rafmagnspotturinn HYDRO
Stærð 200x200x95cm.
Kr. 850.000,- m/loki, tröppu, síu o.fl.

GODDI.IS
Auðbrekka 19, 200 Kópavogur
s. 5445550

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM

ISHURDIR

www.ishurdir.is
564-0013 | 865-1237

Límtré-Timbureiningar

STRÚKTÚR

Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.

AL-KO
QUALITY FOR LIFE

UNSIINN

Schmidt
FAHRZEUGBAU

Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum. Skoðuðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.

Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.

BRIMCO

EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is



Höfum til sölu Furufliis í um 28 kg böllum. Verð kr. 2.153 - brettaafsláttur. Einnig spónaköggjar í 15 kg pokum, verð kr. 1.655. - Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Ópió frá kl.13-16.30



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérþöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Ópió frá kl.13-16.30.



Vatnshitarar fyrir háþrýstibvott. Hitar vatn í allt að 110°C með gegnumstreymi. Max þrýstingur - 500 Bar. Hentar í margs konar verkefni. Gengur fyrir húsarafmagni eða 12 V. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is



Ég leita að stórríttvél sem gengur ekki fyrir rafmagni. Lumir þú á slíkri sem er til sölu eða gefins máttu hafa samband í s. 822-5269 eða senda skeyti á netfangið astvaldurl@gmail.com.



Við erum með litlar og stórar sláttuvélar fyrir hvers kyns rudda og graslúða. Nýtt blað á www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is - S. 555-6520.



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta- 8.000 kg. Stærð- 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163.



Skógargræjur í úrvali Kurlarar, stubba tætarar, sagir, sturtuvagnar og skógaklippur á vinnuvélina. www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is - S. 555-6520.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsgöndi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Caterpillar 311c 13 tonna beltagrafa árg. 2007. Verð kr. 6.900.000 +vsk. Uppl. í s. 896-7930.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudypt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Gúmmirampar fyrir brettatjakka. Stærð- L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd- 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta- 10 tonn. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Hnífatætarar í mörgum útfærslum fyrir ýmsar vinnuvélar 95 - 250 cm breiðar. Nýtt blað á www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is - S. 555-6520.



Háþrýstidælur fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísel. Margar stærðir, allt að 700 Bar. Einnig öflugur vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Toyota C-HR, Hybrid, árg. 2021, sjálfskiptur, ekinn 52.000 km. Verð kr. 4.390.000 notadir.benni.is - s. 590-2035.



Innihærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudypt- 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hræurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



MAN TGA 26.480 6x6. Stíflubíll til sölu. Ekinn 203.000 km. Árgerð 2005. Nýlegur girkassi. Kroll ankur og dælukerfi. Verð kr. 17.000.000. Upplýsingar í s. 454-5255 eða tnt@tnt.is.



Glussadrifnar gólfhræur. Vinnudypt- 1,9 m. Stærð á skrúfu- 48 cm. Rotor-12 kW. Glussaflæði- 75 L/min. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi- 2 m. Burðarvirki- Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is.



Gestahús/lítið sumarhús. 15-18 fm, vel einangrað og klætt með lítilli báru. Vel byggt og vandað efnisval. Undirstöður geta fylgt. Ath. ekki salerni. Flutningur á kostnað kaupanda. Nánari uppl. Inga s. 897-6717 eða inga@landmark.is



Bretttagafflar með snúningi, 180° eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningar fyrir trékkassa og grindur. Burðargeta- 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is

SÉRFRÆÐINGAR Í JEPPADEKKJUM

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

Njóttu aðstoðar **reyndra sérfræðinga** við val á **réttum dekkjum og felgum** fyrir þinn bíl.

arctictrucks.is - Sími **540-4900**

Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu

www.velaskolinn.is

Led lýsing í allar Landbúnaðarbyggingar og Iðnaðarhúsnæði

Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.

KAUPLAND www.kaupland.is
sími 8449484

Skráið smáauglýsingar á www.bbl.is

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ ALLAR GERÐIR TJAKKA


VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Kerrur fyrir alla og í öll verk!

Topplausnir **HUMBAUR**

Smíðuvegur 12, græn gata • 200 Kópavogur • Sími 517 7718 • www.topplausnir.is • www.humbaur.com



Silunganet til sölu. Takmarkað magn. Garn 0.20 mm möskvi 35mm (3 tommu) dýpt 1,5 metrar lengd 25 metrar, 6 stykki. Verð kr. 8.500 stk. Garn 0.20 mm möskvi 39 mm (3 1/4 tommu) dýpt 1,5 mtrar, lengd 25 metrar, 6 stykki. Verð kr. 8.500 stk. Garn 0.20 mm möskvi 45 mm (3 3/4 tommu) dýpt 1,5 metrar, lengd 50 metrar, 6 stykki. Verð kr. 12.500 stk. Upplýsingar í s. 660-4560.



Glussadrifnar haughrætur á ámoksturstaeki eða 3 tengi. Hentar mjög vel fyrir útítanka, útilón og víðar. Lengdir: 4 m, 5 m 6 m, 6,7 m, 8 m, 9 m Rótor og skrúfa eru sambyggð, enginn óxull. Mjög léttbyggðar, 9 m löng er aðeins 360 kg. Allar festingar í boði fyrir skotbómulyftara og traktora. Boltaðar festingar sem er fljótlegt að skipta um. Getum einnig skaffað fremsta hlutann án burðarvirkis. Öflugur búnaður á góðu verði frá Póllandi. Hákonarson ehf. hak@hak.is - www.hak.is - S. 892-4163.



Hágæða CBD olíur & aðrar vörur úr hampi. Full Spectrum & isolate olíur, bæði venjulegar & bragðbættar. Nánari upplýsingar inn á birtacbd.is



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dætur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsgandi dæla. Dæluhlól og óxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðapjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang-hak@hak.is

PUNKTAR OG HNIT RÁDGIJÖF

Hnitset landamerki, merki hnit með fleygum, bý til lóðablöð og aðstoða við stofnun lóða. Sé um samskipti við stofnanir. Geri ýmislegt annað hnitatengt. Vinnusvæði er Vesturland og Suðurland. Punktur og hnit - ráðgjöf, s. 693-7992. punktaroghnit@gmail.com, punktaroghnit.is



Klósettadætur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og potttavél. Mótur staðsett fyrir utan votrymi. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Atvinna

Kúabú á Suðurlandi leitar að starfsmanni í sumarvinnu, almenn bústörf, reynsla af bústörfum og vélavinnu æskileg. Nánari upplýsingar í s. 847-3775.

Húsnæði

6 manna fjölskylda óskar eftir húsnæði til leigu í dreifbýli nálægt Akureyri. Hafid samband í netfangið gassagangurx2@gmail.com

Jarðir

Óska eftir jörð/landspildu fjarri mannabygðum. Aðgengi að vatni er æskilegt, ásamt öðrum hlunnindum. Markmiðið með jarðarkaupum er skógrækt og með tímanum uppbygging sumarhúss. Verðhugmynd er kr. 1.000.000. Uppl. í s. 888-1847.

Óska eftir

Óska eftir að kaupa gömul póstkort (fyrir 1940), gömul umslög (póstgengin) frá sama tíma, alls konar skjöl og fleira. Uppl. í s. 896-5142, Reytnir.

Er að leita að vél í Benz 1922 árg.'94, eða svoleiðis bíl. Hörður s. 892-3136. Netfang- mgests@simnet.is.

Óska eftir amerískum pallbíl, helst dísel, en skoða allt. Má þarfnast lagfæringa, endilega hringja eða senda sms í s. 774-4441.

Spádómar

Nympha-Dora, Tarot-lestur og kristalkúla með leiðsögn að handan s. 562-8211.

Sumarhús

28 fm hús að grunnfleti, með svefnlofti að hluta, til sölu til flutnings. Er staðsett í Hvalfjarðarsveit. Upplýsingar í s. 692-2011/ 896-8260.

Til leigu

Húsnæði, þar sem hægt er að reka eigið kaffihús, salir til leigu eða vinnuaðstöðu, rétt hjá Akureyri. Upplýsingar í s. 849-8902.

Til sölu

Plast í fjárhúsgölf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmihellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is s. 820-8096.

Tveir 4ra vetra geldingar til sölu. Hamur frá Miðhúsum - bleikálottur IS 2018156267 Hrappur frá Miðhúsum - bleikur IS 2018156265. Upplýsingar veitir Magnús Pétursson í s. 864-9094.

Ýmsar trésmíðavélar til sölu ásamt steypuvibrator. Uppl. í s. 849-2534.

Tilkynningar

Veist þú af einhverju stórmerkilegu landbúnaðartæki, vinnuvél, bíl, flugvél, bát eða öðru tæki sem þarf að gera skil á síðum Bændablaðsins? Hafðu þá samband við Ástvald blaðamann í s. 822-5269 eða í gegnum netfangið astvaldur@bondi.is.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafid samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang- einar.g9@gmail.com - Einar G.

Einkamál

Óska eftir að kynna sjálfstæðri hressri stelpu á milli fertugs og fimmtugs. Hef áhuga á veiði, hlaupum og útivist - ekki mikið fyrir barhopp eða slíka iðju. Endilega heyrðu í mér og tékkum á málunum, börn engin fyrstaða. Kv. MGE. Netfang: speturs@hotmail.com.

**Bændablaðið
kemur næst
27. apríl**



Ökukennsla í 50 ár



BILPROF.IS

Aukin ökuréttindi

Fjarnám í rauntíma
02. maí 2023

Hraðnámskeið - Staðnám
13. apríl 2023

Bóklegt bifhjólanám

Staðnám
11. - 13. apríl



Skráning á bilprof.is

Ökuskólinn Mjódd - Parabakka 3 - 109 Reykjavík - S: 567 0300 - mjodd@bilprof.is

Endurmenntun

atvinnubílstjóra

Apríl 2023

- 12. apríl 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hluti 1
- 13. apríl 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hluti 2
- 15. apríl 09:00 - 16:00 / Farþegaflutningar
- 17. apríl 17:00 - 20:30 / Skyndihjálpar - hluti 1
- 18. apríl 17:00 - 20:30 / Skyndihjálpar - hluti 2
- 22. apríl 09:00 - 16:00 / Umferðaröryggi
- 24. apríl 17:00 - 20:30 / Lög og reglur - hluti 1
- 25. apríl 17:00 - 20:30 / Lög og reglur - hluti 2
- 26. apríl 17:00 - 20:30 / Vistakstur - hluti 1
- 27. apríl 17:00 - 20:30 / Vistakstur - hluti 2

Sjá fleiri námskeið og skráning á bilprof.is

ER ALLT Í LACI HJÁ ÞÉR?



BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS

[ELDVARNA]
bandalagið



Eldvarnateppið er ómissandi
í eldhúsinu



PROTEC

Labhagavegi 13 - 113 Reykjavík - Sími: 869 5300 - protec.is



Yleiningar

VANTAR EINA EÐA FLEIRI TENNUR?

MILLISTYKKI
INNIFALIÐ Í VERÐI!



POSTULÍNS-KRÓNA

5-6 ÁRA ÁBYRGÐ!

FRÁ **42** ÞÚS. KR*
(frá 290 €)

TANNPLANTI

LÍFSTÍÐAR ÁBYRGÐ Á VÖRU!

FRÁ **98** ÞÚS. KR*
(frá 680 €)

HEILDAR VERÐ

140 ÞÚS. KR*
(frá 970 €)

* Miðað við gengi evru: 145 kr
Gera má ráð fyrir græðsluhettu 35 evrur
og saumi 40 evrur



B Ú D A P E S T

Nánari upplýsingar á heimasíðunni:

kreativdental.is

Upplýsingar í síma: **859 9403**

Við leggjum grunn að gæðum

